




IK

SAFNABLAÐIÐ KVISTUR

11. tbl. 2024



KVISTUR 10 ÁRA – SAFNASTARF OG ELDSUMBROTIN Á REYKJANESSKAGA – SAFNARÝNI
INNGILDING OG AÐGENGISMÁL – STARFSUMHVERFI OG VERKEFNI SAFNAFÓLKS





FJARNÁM Í SAFNAFRÆÐI

Hefur þú íhugað framhaldsnám í safnafræði?

Frekari upplýsingar og
umsóknareyðublöð er að finna á hi.is

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI-
OG ÞJÓÐFRÆÐIDEILD

Háskóli Íslands, Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík
+354 525 4000, hi@hi.is, www.hi.is



SAFNARÝNI / FRÉTTIR

Safnarýni: Einn plús einn
eru jafnt og þrír 52

Safnarýni: Hönnunarsafnið
sem heimili 59

Af erlendum ráðstefnum 66

DAGUR Í LÍFI SAFNAMANNS

Bíótek, filmugrúsk og niðurhal 8

Heimilisiðnaðarsafnið 14

Móttaka og safnbúð 22

Minjavarsla á Esjumelum 36

ÚR RANNI SAFNAFRÆÐINNAR

Jón og forsetarnir
– söfn og minni 24

Áhrif safnbygginga 31

Þurfum við Náttúruminjasafn? 38

SAFNASTARF

Ljósmyndaskráning með
aðstoð gervigreindar 6

Félag norrænna forvarða
– af störfum Íslandsdeildar 19

Táknmálsleiðsögn
– Leiðsögn á táknmáli 28

Íslensku safnaverðlaunin 2024 41

„Ég hélt ég hefði
lent á tunglinu“ 44

Þátttaka Minjasafnsins
á Akureyri í samfélagsverkefnum 49

Frá inngildingu til velferðar! 55

Vaxtaverkir 56

HAMFARIR, VÁ OG VIÐBRÖÐ

Viðbragðsáætlanir
viðurkenndra safna á Íslandi 10

Huglægar minjar sem falla
í gleyskunnar dá 16

Minjar og náttúruvá 33

Verkefni Bláa skjaldarins
á Íslandi 42


Með eldsumbrot
í bakgarðinum 46

Af varðveislu
á tímum eldsumbrota 50

Deaccessioning, Climate
Change, and Collections
Management 62

MYNDASALUR Í 20 ÁR


Úrval verka ljósmyndara sem sýnt hafa í Myndasal frá árinu 2004
Sýningunni lýkur 5. janúar



Ljósmynd: Ívar Brynjólfsson

BROT ÚR FRAMTÍÐ

Myndlistarsýning Þorgerðar Ólafsdóttur. Málþing 8.-9. nóvember, dagskrá auglýst síðar.
Sýningunni lýkur 10. nóvember



Ljósmynd: Eins og landslag II. 2021. Ljósmyndaverk

Afmælisblað á viðsjárverðum tímum

Kvistur er 10 ára, fyrsta tölublaðið kom út árið 2014 og við í ritstjórn viljum halda því fram að útgáfa blaðsins sé mikilvæg fyrir safnastarf í landinu. Á síðum þess hafa birst fjöldi frásagna og greina um fjölbreytt, metnaðarfull og oft fram-sækin verkefni sem unnin hafa verið í söfnum landsins, lesendum til ánægju og vonandi hvatningar líka. Um vissa skrásetningu er jafnframt að ræða, um faglegt og fjölbreytt safnastarf í landinu, sem varpar ljósi á þróun, strauma og stefnur í íslensku safnaumhverfi.

Efnistökin í þessu 10 ára afmælisblaði bera þess merki að Ísland er á stundum harðbýlt land þar sem náttúruöflin spyrja ekki um stað né stund. Jarðhræringarnar á Reykjanesskaganum hafa margvísleg áhrif og vá blasir við menningarminjum og safnkosti hinna ýmsu safna. Í fyrri blöðum hefur verið fjallað um viðbrögð við og afleiðingar af ýmis konar vá, oft í formi náttúruhamfara, en í þessu tölublaði er efnið tekið fastari tókum. Ritstjórn hafði samband við forstöðumenn safna á Reykjanessinu auk annarra fagaðila sem hafa með forvarnir og viðbrögð við vá að gera. Þeirra innlegg má lesa í blaðinu. Það

er að mörgu að hyggja og því er það jákvætt að safnaráð vinnur nú að því að leiðbeina og styðja söfn til að gera viðbragðsáætlanir, vinna sem fram fer í tengslum við staðfestingu Íslands árið 2022 á Haag-samningi Unesco um vernd menningarverðmæta komi til vopnaðra átaka.

Það skiptir máli að menningararfur sé skilgreindur sem mikilvægur hluti af því sem þarf að huga að í almannavarnarviðbrögðum og líka að safnafólk sé tilbúið, þjálfað og með ferli og áætlanir til staðar ef eitthvað kemur upp á. Þetta getur verið erfitt á fámönnum söfnum þar sem viðfangsefni og skyldur starfseminnar eru mörg og fjölbreytt. Við slíkar aðstæður reynir á samvinnu og samtakamátt safna og annarra sem láta sig menningararfsmál varða.

Af öðru áhugaverðu í blaðinu þá fáum við innsýn inn í störf starfsmanna á mismunandi söfnum, úrdrátt úr lokaverkefnum safnafræðinga, sýningarýni og frásagnir af mismunandi verkefnum safnafólks undanfarið, svo eitthvað sé talið.

Það er von ritstjórnar að blaðið falli lesendum í geð og Kvistur fái að dafna áfram um ókomna tíð.

Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir,
Birna María Ásgeirsdóttir,
Sigurjón Baldur Hafsteinsson,
Þóra Sigurbjörnsdóttir,
Þorgerður Þorleifsdóttir

Safnablaðið Kvistur

Útgefandi Félag íslenskra safna og safnmanna
Ritstjóri Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir
Ritstjórn Birna María Ásgeirsdóttir, Sigurjón
Baldur Hafsteinsson, Þóra Sigurbjörnsdóttir,
Þorgerður Þorleifsdóttir
Auglýsingar Birna María Ásgeirsdóttir,
Þóra Sigurbjörnsdóttir
Hönnun Ármann Agnarsson
Myndskreyting á forsiðu Árni Þór Árnason
Prentun Prentmet

Höfundum greina eru færðar kærar þakkir
fyrir þeirra framlag

ISBN – 2298–6944

Ljósmyndaskráning með aðstoð gervigreindar

Ég byrjaði að nafngreina gamlar myndir með hjálp gervigreindar á meðan ég var að vinna í blómaheildsölu. Á þeim tíma sendi ég ýmsum söfnum ábendingar í gegnum Sarp en þó mest Þjóðminjasafni Íslands. Þetta varð til þess að ég fékk tækifæri að vinna nokkur verkefni fyrir safnið m.a. við nafngreiningar óþekktra mannamynda.

Það er kaldur vormorgunn í Reykjavík árið 1894. Ung hjón klæða sig upp í sitt fínasta púss, þvo á sér andlitið og greiða sér. Þau stíga út úr litlu dimmu húsi og halda niður að Lækjargötu 2. Þau eru ekki ein, með þeim er nýjasta viðbót litlu fjölskyldunnar, stúlkubarn. Þau hafa ekki mikið á milli handanna en þetta er mikilvægt tilefni, fyrsta ljósmynd af fyrsta barni þeirra. Augnablikið er fangað á ljósmyndastofu Sigfúsar Eymundssonar. Hundrað og þrjátíu árum síðar er myndin komin á fyrirbæri sem kallast vefsíða, á einhverju sem kallast veraldarvefur, á apparati sem kallast tölva. Hjónin eru alvarleg á svip en foreldrastoltið sést glitta í augum þeirra þar sem þau halda á barninu sínu. En eitthvað vantar. Nöfn.

Við erum vön því að sjá myndir af efnuðum og merkum íslendingum. Við getum auðveldlega borið kennsl á Jón Sigurðsson, Benedikt Gröndal skáld, Magnús Stephensen landshöfðingja og Bríeti Bjarnhéðinsdóttur kvenréttindakonu. En hvað með myndir af almúganum? Fólkið sem var ekki þekkt né efnað og kom ekki af fínunum ættum. Fólkið sem fór sjaldan langt frá heimahögum og snerti eingöngu líf þeirra sem næst

þeim stóðu. Hvað er til ráða þegar öll þau sem þekktu fólkið persónulega eru farin og þeim fækkar sem þekktu andlit þeirra frá myndum sem hengu upp á vegg heima hjá ömmu og afa.

Fyrir nokkrum árum uppgötvaði ég ástríðu mína á því að nafngreina óþekkt fólk á gömlum ljósmyndum. Það sameinar þetta sígilda íslenska áhugamál, ættfræði, við grúsk og að leysa gátur. Mér fannst eitthvað sorglegt við öll þessi nafnlausu andlit, að nöfn þeirra hefðu glatast og gleymst í gegnum tíðina. Margar ástæður geta verið fyrir því að myndir enda nafnlausar á söfnum. T.d. héldu sumir ljósmyndarar ekki góða skrá utan um myndirnar sem þeir tóku, svo hefur fólkið erfitt myndir frá fólki sem það ekki þekkir og fyrri eigandi hefur ekki skrifað nöfnin aftan á þær.

Ég er með gott sjónminni og því náði ég í fyrstu að nafngreina þónokkrar myndir með hálfgerðri minnisspilsstrategíu. Ég sá ónafngreint andlit á mynd sem ég vissi að ég hafði séð áður með nafni. Við það hófst það ótæknilega ferli að t.d. fara til baka á myndasíður héraðsskjalasafna sem ég hafði nýlega skoðað eða að fara í gegnum allar myndir Sigfúsar Eymundssonar á Sarpi. Það var frekar óhentug aðferð. Sérstaklega þar sem það eru 9.345 myndir frá Sigfúsi skráðar í Sarp frá Þjóðminjasafni Íslands, þar af 8.293 myndvæddar. Þrátt fyrir að vera með gott sjónminni þá reyndist það alltof stórt minnisspil fyrir mig.



SEy-1847-A Þjóðminjasafn Íslands. Ljósmyndari er Sigfús Eymundsson. Mynd af óþekktum hjónum með litit barn.

Eftir að hafa rekið mig á takmörk mannheilans sneri ég mér að tölvunni.

Síðan þá hef ég verið að prófa mig áfram með gervigreind til að nafngreina gamlar ljósmyndir. Þá aðallega myndir frá um 1880 til 1920. Einföld myndaforrit svo sem Mac Photos og Adobe Lightroom hafa reynst mjög hjálpleg þar sem þau innihalda andlitsgreiningareiginleika.

Forritin greina mismunandi andlit og flokka sjálfkrafa saman þau sem eru nógu lík. Þau andlit sem hafa verið greind er svo hægt að finna í albúminu Fólki eða People. Þar er hægt að gefa andlitum nöfn og grisja

úr röngum greiningum. Þetta virkar líkt og myndagallerí í snjallsímum. Galleríið í símanum þínum flokkar saman myndir af ömmu þinni, systur og jafnvel hundinum þínum. En þegar það er verið að vinna með tugþúsundi mynda, í misgóðum gæðum og af miklum fjölda fólks þá flækjast málin. Fyrir eina rétta greiningu geta verið fimm rangar. Eldri menn með þykkt skegg vilja oft flokkast saman sem ein mann-eskja, einnig börn og gamlar konur. Því er mannlegi þátturinn nauðsyn-
legur til að grísa úr þeim.

Í þessum forritum hef ég byggt mér gagnagrunn af bæði þekktum og óþekktum myndum, sem ég raða svo í viðeigandi flokka sem gera það auð-
veldara að finna það sem ég leita að.

Myndirnar eru fengnar frá ýmsum stöðum, þar á meðal Sarpi, mynda-síðum héraðsskjalasafna og einnig stéttar- og ábúendatölum. Í mínum huga er nafngreining ekki 100% stað-
fest nema það séu a.m.k. tvær aðrar myndir af manneskjunni frá tveimur mismunandi heimildum. Því er lykil-
atriði að þessar mismunandi heimildir geti „talað saman“. Mynd sem er óþekkt hjá Þjóðminjasafni Íslands getur vel verið nafngreind annars-
staðar, og öfugt. Því er myndvæðing ljósmyndasafna á safnkosti sínum gríðarlega mikilvæg. Við þurfum
að vera duglegri að myndvæða ef við ætlum okkur að nafngreina þessar myndir.

Þó að þessi tilteknu forrit séu ekki þau bestu til að nota í þessum tilgangi, þá er margt alveg magnað sem þau hafa náð að greina.

Til að nefna dæmi þá er ein mynd úr safni Bjarna Kristins Eyjólfssonar ljósmyndara sem var starfandi í Reykjavík í byrjun 20. aldar. Á myndinni er karlmaður í grunsam-
lega stórum og síðum jakkafötum með sjúkað yfirvarskegg. En gervi-



CBE-1999 Þjóðminjasafn Íslands. Ljósmyndari er Bjarni Kristinn Eyjólfsson (Chr. Bjarni Eyjólfsson). Á myndinni er Ragnheiður Sara Þorsteinsdóttir f. 1888 d. 1961.

greindin greinir þennan einstakling sem Ragnheiði Söru Þorsteinsdóttur sem stofnaði síðar sokkabúðina á Laugavegi. Eftir að hafa grandskoðað þá mynd og borið hana saman við myndir af Ragnheiði Söru þá er ég fullviss um að þarna hafi forritið haft rétt fyrir sér.

Með hjálp þessara forrita hef ég náð að nafngreina yfir 1500 myndir. Í viðbót við þær fjölmörgu greiningar sem bíða staðfestingar samkvæmt reglunni minni um tvær myndir frá tveimur mismunandi heimildum.

Við erum fámenn þjóð. Að nafn-
greina þessar elstu myndir okkar er ekki ómögulegt né endalaust verkefni. Miðað við þann árangur sem ég hef náð með þessum einföldu og ódýru forritum þá er rétt hægt að ímynda sér hverju væri hægt að áorka með nákvæmari og fagaðri andlitsgreiningartækni. Möguleikar á nýsköpun eru miklir.



CBE-2144 Þjóðminjasafn Íslands. Ljósmyndari er Bjarni Kristinn Eyjólfsson (Chr. Bjarni Eyjólfsson). Mynd af konu í karlmannsfötum og með gerviskegg sem ég tel vera Ragnheiður Sara.

Við þurfum ekki að finna upp hjólið. Háskólar og söfn erlendis hafa verið að gefa út rannsóknir síðustu ár varðandi notkun gervigreindar við að nafngreina gamlar ljósmyndir. Meðal annars í Svíþjóð, Belgíu og Bandaríkjunum.

Gervigreind er framtíðin, hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Tæknin er að þróast mjög hratt, ég tel því mikilvægt að byrja að skoða þessa hluti fyrr en síðar svo að við verðum ekki áratugum eftir á. En sama hversu góð tæknin er þá gerir hún lítið gagn ef að það eru ekki til nógu margar þekktar myndir til að bera þær óþekktu saman við. Brotna platan hljómar enn: Myndvæðing er lykillinn.

Sara Björg Biering Pétursdóttir,
skráningarfulltrúi
Þjóðminjasafni Íslands

Bíótek, filmugrúsk og niðurhal

Ég heiti Ester Bíbí Ásgeirsdóttir og er verkefnastjóri skilaskyldu og miðlunar á Kvikmyndasafni Íslands. Til að skýra hvað felst í því starfi er ekki úr vegi að segja fyrst frá skilaskyldunni. Öllum útgefnum kvikmyndaverkum er skylt, samkvæmt lögum, að skila til varðveislu á Kvikmyndasafnið. Það hefur þó ekki gerst að sjálfu sér að verkin skili sér inn þrátt fyrir augljósan ávinning allra hlutaðeigandi. En eftir að komið var á samvinnu milli Kvikmyndasjóðs og Kvikmyndasafnsins hefur söfnunin, og þar með varðveisla, gengið greiðar fyrir sig. En nú fá framleiðendur ekki greidda loka-greiðslu styrks frá sjóðnum fyrr en kvikmynd telst skilað til varðveislu á Kvikmyndasafnið. Mitt hlutverk í þessu sambandi er því samtal við kvikmyndagerðarfólk og framleiðendur um skil og varðveislu verka þeirra, skráning og frágangur kvikmyndaefnis fyrir langtímavarðveislu.

Umsjón samfélagsmiðla safnsins er einnig á minni könnu. Þar vekjum við athygli á skemmtilegum verk-efnum á safninu og viðburðum sem við tökum þátt í eða stöndum fyrir. Dæmi um notkun samfélagsmiðanna er að vekja athygli á nýstafvæddu kvikmyndaefni sem við setjum á vefsvæði okkar, *Ísland á filmu*, til að allir sem áhuga hafa á þeim fjár-sjóðum sem þar leynast fái notið. Þá notum við einnig samfélagsmiðla til að vekja athygli á reglulegum kvikmyndasýningum í Bíótekinu sem við stöndum fyrir í Bíó Paradís. Í Bíótekinu viljum við sýna aftur íslenskar kvikmyndir sem ekki hafa sést lengi og vekja þar athygli á eldri perlum kvikmyndanna sem og að við setjum þær í samhengi við erlenda klassík af ýmsu tagi. Oft skipuleggjum við



Ester Bíbí Ásgeirsdóttir

umræður fyrir eða eftir sýningar við fræðimenn eða kvikmyndagerðarfólk. Með Bíótekinu hef ég einnig yfirumsjón þótt oft komi aðrir starfsmenn safnsins að undirbúningi og vali á efni.

Fyrsti vinnudagur eftir sumarfrí

Ég byrja daginn með kaffibolla fyrir framan tölvuna og fer yfir póstinn sem reynist heilmikill og margt sem þarf að svara. Þar á meðal eru tvær kvikmyndir, *Paradís Amatörsins* og *Sjálfsvörn*, sem heyra undir skilaskyldu. Þeim þarf ég að hlaða niður á harðan disk og fara yfir hvort þar sé ekki allt umbeðið efni til að langtímavarðveisla geti orðið sem best. Að því loknu gef ég út kvittun frá safninu um að umræddum kvikmyndum sé að fullu skilað til okkar. Sendi svo þessa kvittun til framleiðanda myndanna sem og Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Þær myndskrár sem Kvikmyndamiðstöð þarf til að sinna sínu starfi set ég á sameiginlegt vefsvæði beggja stofn-

ana. Að þessu loknu fer ég á fund með forstöðukonu safnsins Þóru Sigríði Ingólfssdóttur og Jóni Stefánssyni, sem er verkefnastjóri stafvæðingar og endurgerðar hér á safninu. Þessi fundur snýst um að fara yfir dagskrá Bíóteksins fyrir næsta vetur og hvað af þeim myndum sem settar hafa verið á dagskrána þarfnist endurskönnunar eða frekari vinnu innanhúss til að gera gott sýningareintak. Við notum verkefnastjórnunarforritið Trilló og tengjum þá starfsmenn sem koma að þessum verkefnum við dagsetningar og verkþætti. Eftir þennan fund fer ég inn á skrifstofu til að hafa samband við Sænska kvikmyndasafnið því þeir hafa nýverið gert upp kvikmyndina *Salka Valka* sem okkur langar að hafa í dagskrá vetrarins. Þeir hins vegar hafa ekki skannað hljóðið við myndina sem ætlað var íslenskum áhorfendum þar sem Halldór Laxness les sjálfur lokaorð myndarinnar. Okkur finnst mikilvægt að athuga hvort við getum fengið þá til að gera líka þessa íslensku hljóðútgáfu fyrir íslenska áhorfendur. Eftir nokkur

netsamskipti er filman með hljóðinu fundin í sænska safninu en ég verð að bíða og sjá hvort þeir samþykki að skanna hana fyrir okkur. Núna sný ég mér að því að skrifa texta um allar kvikmyndirnar sem verða á dagskrá Bítóeksins sem nýttir verða fyrir plakát, samfélagmiðla, fréttatilkynningar og vef Bíó Paradísar. Eftir hádegishlé kemur Gunnar Tómas Kristófersson, sem er sérfræðingur á safninu og starfar hér að rannsóknum á Íslandi, til fundar við mig en hann hefur merkilega uppástungu við dagskrá Bítóeksins. Ætlunin er nefnilega að sýna þýska kvikmynd *Anders als die anderen* frá árinu 1919 sem er almennt talin vera fyrsta kvikmynd sögunnar til að fjalla um hinseginleikann í jákvæðu ljósi. En vandamál

okkar er að þá mynd er ekki að finna með enskum eða íslenskum texta. Uppgötvun Gunnars Tómasar er sú að önnur kvikmynd *Gesetze der Liebe* frá 1927 og alls ekki síðri, eftir sama fræðimann og skrifaði hina, er að finna með enskum texta. Þessi kvikmynd er einskonar heimildamynd sem notast við vísindalega nálgun á hinseginleikann og ekki spillir að hún sýnir líka mjög mikið úr upprunalegu leiknu myndinni sem okkur langaði í upphafi að sýna. Við erum því opin fyrir því að breyta dagskránni og ég fer í það verkefni að finna það út hvort við getum fengið sýningareintak af þessari mynd frá Þýskalandi. Ég kemst að eftir smá grúsk að hún hefur nýlega verið gerð upp á kvikmyndasafni Munchen og skrifa þeim póst. Vonandi berast

okkur fljótt svör því dagskráin þarf að verða fullmótuð fljótlega svo hægt sé að huga af fullri alvöru að plakati og öðru kynningarefni fyrir sýningararnar. Þegar vinnudeginum er að ljúka kemur á safnið maður sem hafði keypt 8mm sýningarvél í Kolaportinu og henni fylgdu nokkrar filmur. Þeirra á meðal eru nokkrar merkilegar myndir sem óþekktur kvikmynda-tökumaður tók á kvennafrídeginum 1975 og 17. júní á svipuðum tíma. Ég benti honum á að tala við filmu-grúskarann okkar og sagnfræðinginn, Björn Þór Björnsson, sem tók við þessari góðu gjöf til safnsins.

Ester Bíbí Ásgeirsdóttir,
verkefnastjóri skilaskyldu og
miðlunar á Kvikmyndasafni Íslands



Byggðasafn Hafnarfjarðar
Velkomin í menningarbæinn Hafnarfjörð



Viðbragðsáætlanir viðurkenndra safna á Íslandi

Haag-samningurinn og alþjóðlegt samstarf
um verndun menningarverðmæta

Haag-samningur UNESCO um vernd menningarverðmæta komi til vopnaðra átaka frá 1954, er einn mikilvægasti og umfangsmesti fjölþjóðasamningur sem snýr að verndun menningarverðmæta. Samningur þessi var gerður í kjölfar seinni heimstyrjaldar þegar ómetanleg menningarverðmæti skemmdust eða glötuðust. Í dag hafa flest lönd í Evrópu hafa staðfest samninginn. Ísland staðfesti hann í lok ársins 2022 en menningar- og viðskiptaráðuneytið ásamt utanríkisráðuneytinu unnu að fullgildingunni samningsins.

Aðilar samningsins skuldbinda sig til að vernda menningarverðmæti þegar vopnuð átök eiga sér stað en

ekki síður á friðartímum. Þá skulu aðildarríki vinna að forvörnum, m.a. með skráningu menningarverðmæta og gerð neyðaráætlana gegn eyðileggingu þeirra. Skuldbindingin er einnig fólgin í að bera virðingu fyrir menningarverðmætum innan eigin landamæra sem og yfirráðasvæðum annarra aðildarríkja.

Í ljósi þeirra átaka sem eiga sér nú stað í Evrópu og víðar, hefur viðbúnaðarstig hækkað og umræða um öryggismál vaxið. Sú aukna spennan sem ríkir í alþjóðamálum kallar á aukið samstarf og samtal, til að miðla og deila þekkingu í forvarnarstarfi. Þann 3. maí 2024 var undirrituð sameiginlega viljayfirlýsing ráðherra menningarmála

Norðurlanda og Eystrasaltsríkja, þar sem heitið er nánara samstarfi til að mæta þeim áskorunum sem menningarstarf víðsvegar stendur frammi fyrir. Þar skiptust ráðherrarnir á þekkingu og reynslu og ræddu um aukið samstarf í viðbúnaði til varnar menningararfinnum.

Í lýðræðislegu samfélagi eru menning og menningarstofnanir mikilvægar fyrir viðnámsþrótt samfélags, þar sem menningararfurinn er grundvallaratriði fyrir sjálfsmynd þjóða og í átökum geta söfn því orðið að skotmarki. Því gerist það að öfl sem vilja kúga aðrar þjóðir og ræna þau sjálfsmynd sinni og samstöðu nýta sér gagnert eyðileggingu safna og menningarminja í þeim tilgangi. Þegar þetta er skrifað, hafa Rússar skemmt eða eyðilagt a.m.k. 31 safn í Úkraínu frá upphafi stríðs (upplýsingar frá UNESCO, febrúar 2024) og í Palestínu frá upphafi stríðs hafa Ísraelsmenn skemmt eða eyðilagt a.m.k. 100 menningarstaði, þar af a.m.k. 12 söfn (upplýsingar frá palestínska menningarráðuneytinu frá febrúar 2024). Þess ber að geta að bæði Palestína og Ísrael eru aðilar að Haag-samningnum og brot á honum flokkast undir stríðsglæpi þar sem varðveisla á menningarminjum er órjúfanlegur hluti þjóðaröryggis. Þó svo að ólíklegt þyki að til vopnaðra átaka kæmi á Íslandi, þá er



Frá vinnufundi fyrsta safnahópsins sem haldin var á Dalvík 13. júní 2024. ©Safnaráð.



Í viðstöðulausum rigningum í ágúst sl. flæddi mikið vatn í kjallara Njarðarskemmu í Sildarminjasafninu á Siglufirði og náði hæst allt að 90 sentimetra dýpt. ©Sildarminjasafn Íslands.

samstarfið engu að síður dýrmætt og mikilvægt þar sem menningarverðmæti annarra aðildaríkja gætu verið í hættu og þá gætu samstaða og samstarf skipt sköpum.

Verndun menningarverðmæta einskorðast þó ekki aðeins við vopnuð átök, þó svo að það séu áherslurnar bæði í Haag-samningnum og viljayfirlýsingunni. Neyðarástand getur skapast við ýmsar aðstæður og sett öryggi menningararfsins í hættu. Á Íslandi stöndum við frammi fyrir annars konar ógn, af völdum náttúruhamfara og loftslagsbreytinga. Undanfarin ár hafa eldsumbrot og jarðskjálftar á Reykjanesinu verið í brennidepli á Íslandi. Náttúruhamfarirnar hafa verið slíkar að íbúar heils bæjarfélags, Grindavíkur, hafa þurft að flytjast búferlum vegna hættuástands og minnir það óneitanlega á atburðina í Vestmannaeyjum árið 1973. Slíkar náttúruhamfarir eru áminning um

hversu mikilvægt það er að vera við öllu búin og búa að góðu forvarnarstarfi, ef til þess kemur að bjarga þurfi menningarverðmætum.

Safnaráð og viðbragsáætlanir

Þar sem Ísland hefur nú staðfest Haag-samning UNESCO frá 1954 um vernd menningarverðmæta, er það verkefni viðurkenndra safna á Íslandi að vinna að forvarnarstarfi og gerð viðbragsáætlana vegna ýmiss konar ógna, t.a.m. náttúru- og loftslagsvá.

Eitt af þeim hlutverkum sem safnaráð hefur, samkvæmt lögum, er eftirlit og að setja reglur um húsnaði safna, þar á meðal um skráningarkerfi, aðgengi og öryggismál viðurkenndra safna. Því kemur það í hlutverk safnaráðs að fylgja þessu verkefni eftir með það að leiðarljósi að gæta að faglegri starfsemi safna við varðveislu menningar- og náttúruarfs Íslands og tryggja að honum verði skilað óspilltum til komandi

kynslóða. Forvarnir og viðbragsáætlanir gegna lykilhlutverki í að tryggja menningararf okkar til framtíðar og því er mikilvægt að á hverju safni sé til viðbragsáætlun gegn vá (e. *Emergency Operations Plan*) sem segir til um hvernig brugðist verður við aðsteðjandi vá svo afstýra megi áföllum.

Í ársbyrjun 2024 hófst vinna við að efla forvarnir með gerð viðbragsáætlana í samstarfi við Nathalie Jacqueminet, forvörð og safnafræðing. Farið var þess á leit við fimm söfn í sama landshluta að taka þátt í nokkurs konar tilraunánám-skeiði og bjóða upp á leiðbeinandi og faglega aðstoð við gerð viðbragsáætlana svo söfnin væru betur í stakk búin að bjarga menningarverðmætum ef vá ber að höndum. Hér skal þó halda því til haga að ekki er fjallað um öryggi fólks í þessum áætlunum, sem á að sjálfsögðu alltaf að vera í forgrunni. Hins vegar eiga öll viðurkennd söfn að útbúa öryggishandbók fyrir starfsfólk og gesti ásamt rýmingaráætlun ef hættuástand skapast.

Neyðarástand getur verið ófyrirsjáanlegur atburður sem gerist snögglega. Við gerð viðbragsáætlana við ýmiss konar vá þarf að huga að mörgu. Hættuástand getur tekið á sig ýmsar myndir; jarðskjálftar, sprengingar, eldsvoði, flóð, spilliefnaslys, fárviðri, hrun bygginga, samgönguslys, veitubílanir og róstur innan þjóðfélagsins. Yfirgripsmiklar handbækur um varðveislu safnkosts, sem voru gefnar út árið 2011 (og endurbættar árið 2019) af Þjóðminjasafni Íslands í samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands og Landbókasafn Íslands-Háskólabókasafn, hafa að geyma kafla um viðbrögð við vá og gerð viðbragsáætlana. Þar er að finna greinargóðar upplýsingar um hvernig hægt er að efla forvarnarstarf og draga úr skemmdum ef vá ber að höndum sem og faglegt björgunarstarf safngripa og margt fleira. Hægt er að nálgast handbækurnar

á heimasíðu safnaráðs en einnig er unnið að nýrri síðu Safnaráðs sem mun heita Þekkingargátt og verður tilbúin veturinn 2024–25, þar verður hægt að finna fjölbreyttar upplýsingar fyrir safnafólk.

Safnahópur 1 – Vinnufundur vegna viðbragðsáætlunar

Til að hefja vinnu við viðbragðsáætlunir, var ákveðið að fá hóp safna með svipaðan safnkost og í sama landshluta til að vera tilraunahópur. Fimm minja- og byggðasöfn á Norðurlandi tóku þátt: Byggðasafnið Hvoll á Dalvík, Flugsafn Íslands, Menningarmiðstöð Þingeyinga, Minjasafnið á Akureyri og Síldarminjasafn Íslands. Með því að velja hóp safna í ákveðnum landshluta, gafst tækifæri til að eiga samtal um þau álitamál sem koma upp, samræma aðgerðir og viðbragðsaðila auk þess að miðla þekkingu á milli safna á svipuðu svæði. Verkefnið var sett upp eins og námskeið með verk- og tímaáætlun, ásamt vinnufundum sem Nathalie stýrði. Í upphafi námskeiðsins fengu söfnin einfalt sniðmát og leiðbeiningarit sem Safnaráð mun síðan gefa út á þessu ári. Fyrsti vinnufundurinn hófst um miðjan febrúar og voru haldnir alls sjö fundir á 2–3 vikna fresti. Hver fundur var tileinkaður mikilvægu atriði við gerð viðbragðsáætlunar; áhættumati, gerð símboðatrés, björgunarlista safngripa, undirbúningi neyðarkista, björgun safnkost og svo endurreisn eftir áföll. Í lok námskeiðs eiga viðbragðsáætlunir safnanna að liggja fyrir. Það er í mörg horn að líta til þess að ná utan um verkefnið en hér verður stiklað á nokkrum mikilvægum atriðum.

- Við áhættugreiningu safns þarf að safna upplýsingum um fyrri neyðartilvik og ræða við þá sem lengstu starfsreynsluna hafa. Auk þess þarf að greina um hvers konar tegund af tilvikum er að ræða og hversu oft þau hafa



Þann 14. apríl 2010 hófst sprengigos í Eyjafjallajökli með gríðarmiklu öskufalli sem barst til meginlands Evrópu. Byggðasafnið í Skógum varð fyrir barðinu á öskufallinu eins og sést hér á myndum. Starfsfólk frá m.a. Þjóðminjasafninu og Listasafni Íslands ásamt slökkviliði tóku þátt í björgunar- og hreinsunarstarfi. ©Byggðasafnið í Skógum.

valdið erfiðleikum í safninu. Viðbragðsáætlun hvers safns þarf að forgangsraða vategundum eftir niðurstöðum áhættugreiningarinnar en þær geta verið afar ólíkar eftir söfnum og út frá staðsetningu þeirra.

- **Vinna forgangslista** - Menningararfurinn er fjölbreyttur og varðveislugildi safngripa því allskonar, hvort sem um er að ræða menningarsögulegt eða listrænt gildi. Það þarf að gera áhættumat og meta aðstæður safnkostsins, því næst þarf að

vinna forgangslista yfir safngripi sem skal bjargað ef vá steðjar að. Þessi listi er lifandi skjal sem þarf að endurskoða reglulega þar sem aðstæður safngripanna sjálfra geta verið breytilegar og aðgengi misjafnt. Flestir safngripir eru færanlegir en í sumum tilfellum getur stærð og þyngd gert það að verkum að ekki er svo auðvelt að færa þá til auk þess sem þeir eru misviðkvæmir fyrir tjóni. Þessi forgangslisti er til þess gerður að ekki þurfi að taka afdrifaríkar ákvarðanir um flutning, björgun eða meðferð þegar vinna fer fram



undir álagi og við erfiðar aðstæður. Að sögn þátttakenda, var val safngripa fyrir forgangslistann eitt erfiðasta verkefnið í gerð viðbragðsáætlunarinnar.

- Eitt af mikilvægum atriðum í viðbragðsáætlun er að eiga samtöl við **viðbragðsaðila** á svæðinu og finna út hverjir eiga að taka þátt í viðbragðsáætluninni og hvert hlutverk þeirra er, t.a.m. almannavarnir, björgunar-sveitarfólk og slökkvilið. Einnig er áriðandi að kynna viðbragðsáætlun safna fyrir slökkviliðinu

á tilteknu svæði. Bæði safnastarfsmenn og þeir sem eru í viðbragðsteyminu þurfa að auki að fá þjálfun í að bregðast við mismunandi hættuástandi til að auka skilvirkni þar sem hlutverk, ábyrgð og stjórnunarboðleiðir eru skýrar.

- **Neyðarkistur** – Við gerð neyðarkistu getur komið sér vel að vera í samvinnu við önnur söfn á sama svæði. Öll viðurkennd söfn þurfa að koma sér upp slíkri neyðarkistu sem inniheldur birgðir sem má grípa til sem fyrstu viðbrögð við vá. Þetta eru ýmsir hlutir sem geta skipt sköpum við að takmarka tjón á safngripum. En þar sem endurnýja þarf birgðir reglulega, sem getur verið kostnaðarsamt þegar allt er tínt til, er tilefni til að kaupa búnað í samvinnu við nágrannasöfnin.

Viðbragðsáætlun getur samanstaðið af nokkrum listum sem eru geymdir í möppu og dreift til allra meðlima viðbragðsteymisins. Þeir sem hafa hlutverki að gegna í áætluninni ættu að hafa hana handhæga á skrifstofum sínum og heima við svo hægt sé að grípa til hennar þegar kallið kemur. Því er mikilvægt að hafa í huga við gerð viðbragðsáætlunar að hún þarf að vera skýr, einföld, sveigjanleg og uppfærð reglulega. Hún þarf að innihalda og lýsa megin aðgerðum og úrræðum sem grípa þarf til og til hvaða einstaklinga eða stofnana skal leitað á fyrstu stigum.

Með viðbragsáætlunum er hægt að ganga úr skugga um að grundvallarráðstafanir hafi verið gerðar til að takmarka afleiðingar vár. Góð áætlun er áætlun sem fléttast inn í rútínuverklag safnsins, hana þarf að endurskoða og yfirfara reglulega en umfram allt þarf hún að vera sveigjanleg og raunhæf.

Jafnframt má benda á að í *Handbók um varðveislu safnkosts - Fyrri bindi, 2. útgáfa 2019* í þriðja kafla er að finna eyðublöð og gátlista ásamt ítarlegum upplýsingum um forvarnir og viðbrögð gegn vá sem ábyrgðaraðilar viðurkenndra safna eru hvattir til að kynna sér nánar og vinna þannig markvisst að því að takmarka áhrif hættuástands á menningararfinn.

Klara Þórhallsdóttir,
sérfræðingur, safnaráði

Heimildir og frekari upplýsingar má finna hér:

Handbók um varðveislu safnkosts: Fyrri bindi – 2. útgáfa – 2019 – Kafla III: FORVARNIR OG VIÐBRÖGÐ GEGN VÁ

www.safnarad.is/vidurkennd-sofn/skilyrði-vidurkenningar

www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/12/13/Samningur-um-vernd-menningarverdmeta-i-stridsatokum/

www.norden.org/is/node/87085

www.aljazeera.com/news/2024/1/14/a-cultural-genocide-which-of-gazas-heritage-sites-have-been-destroyed

Statement condemning violence against people and their cultural heritage - International Council of Museums -International Council of Museums (icom. museum)

www.unesco.org/en/articles/damaged-cultural-sites-ukraine-verified-unesco

Heimilisiðnaðarsafnið

Dagur í lífi safnamanns er mjög breytilegur og fer eftir árstíðum. Í stað þess að horfa til sérstaks dags, leyfi ég mér að stikla á stóru í daglegu starfi yfir árið.

Í ársbyrjun er það reikningsuppgjör og frágangur á ársskýrslu safnsins ásamt því að fara yfir styrkveitingar og leggja línur að verkefnum og rekstri safnsins á nýju ári. Nú síðustu árin hefur einnig verið lögð mikil áhersla á ljósmyndun og skráningu safngripa fyrrihluta árs sem og varðveislu safngripa. Ef fjárhagur leyfir er lögð áhersla á að sinna viðhaldi á safnhúsi á þessu tímabili.

Á útmánuðum er fastur liður í starfsemi safnsins heimsóknir grunn-

skólanema héraðsins og fá börnin leiðsögn um safnið en einnig að kemba og spinna og fylgja þræðinum í vef. Listafólk sem dvelur í Kvenna-skólanum heimsækir safnið allt árið um kring og töluvert er um sérstakar móttökur nemenda á efri skólastigum af landinu öllu. Einnig ber að nefna komur innlendra og erlendra sérfræðinga á sviði textíls og/eða sagnfræði vegna hugmyndaöflunar og margskonar rannsóknarvinnu.

Þegar vorar er komið að undirbúningi fyrir sumarstarfið. Fyrir utan venjubundin og dagleg þrif eru vorþrifin alveg sérstök. Þá er farið yfir alla safnmuni í sýningum, sumir teknir úr sýningu og hvíldir og aðrir settir inn í staðinn. Þegar komið er

fram í apríl/maí eru hópar af ýmsu tagi farnir að gera vart við sig og þarf að skipuleggja vorþrifin, málningarvinnu og aðra undirbúningsvinnu, með tilliti til móttöku þeirra.

Frá árinu 2003 þegar nýja safnhúsið var vígt hefur á hverju vori verið opnuð ný sýning textíllistamanns. Víst er það svo að nóg er til af safnmunum og enginn vandi að fylla þetta rými með þeim. Sumarsýningarnar eða sérsýningar safnsins hafa vakið verðskuldaða athygli og má segja að þessi hugmynd að bjóða textíllistafólki að sýna í safninu hafi slegið í gegn og er í raun sjálfstætt tilefni til að heimsækja safnið árlega. Sýningarnar, sem nú eru orðnar rúmlega tuttugu, hafa verið mjög ólíkar frá ári til árs, en eiga það þó sameiginlegt að gefa innsýn í fjölbreytta listsköpun og handmennt hér á Íslandi. Þær hafa einnig skapað samstarf við starfandi listafólk og hönnuði og tengt þannig safnið við sköpun listar og handverks.

Sem dæmi um ólíkar sýningar skal nefnd yfirlitssýning á textílverkum handverks- og listamannsins Philippe Ricart á síðasta ári, en nú í vor á fyrsta opunardegi safnsins 1. júní var opnuð sýningin „Skynið fyllir vitund“ eftir Björgu Eiríksdóttur, listakonu á Akureyri.

Aðrir helstu viðburðir safnsins eru stofutónleikar sem undanfarin ár hafa verið haldnir um Húnavökuhelgina. Það er eins með stofutónleikana og sumarsýningarnar að leitast hefur verið við að hafa þá mjög ólíka frá ári til árs. Svo dæmi sé tekið þá heimsótti Alexandra Chernyshova, óperusöngkona og tónskáld okkur



Elín S. Sigurðardóttir, forstöðumaður, Jóhanna Björk Auðunsdóttir til vinstri og Kristín Helga Þórðardóttir til hægri, sumarstarfsmenn 2024.



Safnhús Heimilisiðnaðarsafnsins á Blöndósi

á síðasta ári en nú í sumar mun Haraldur Guðmundsson, (Halli Jazz) koma fram ásamt fylgdarliði.

Þrátt fyrir venjubundin og dagleg þrif yfir sumartímann þarf á haustmánuðum að fara vel yfir safnmuni



Barmur af skautbúningi í sýningu safnsins

og safnhús og undirbúa fyrir vetrarmánuðina. Um þetta leiti eru árlega haldnir fróðlegir og skemmtilegir fyrirlestrar í safninu sem alltaf vekja athygli og á aðventunni er venjan að bjóða gestum ókeypis aðgang, hlýða á upplestur úr nýjum bókum, sötra heitt súkkulaði og hafa það huggulegt.

Það eru margar áskoranir sem fylgja því að halda utan um viðurkennt safn og uppfylla þau skilyrði sem Safnaráð setur. Fyrst og síðast eru það fjármunirnir sem safnið hefur til umráða sem setur rammann utan um starfsemina. Umsóknarvinnan sem fer nær eingöngu fram á haustmánuðum skilar oft ekki árangri nema að hluta til. Þó má segja að verkefnastyrkir Safnasjóðs hafi gert kleift að leggja áherslu á innra starf safnsins s.s. skráningu og ljósmyndun, ýmiss konar rannsóknarvinnu sem hefur verið töluverð síðastliðin ár ásamt varðveislu og miðlun. Styrkir

Uppbyggingarsjóðs sveitarfélaga eru oft á tíðum afar rýrir miðað við þá umsóknarvinnu sem að baki liggur.

Jafn ánægjulegt og það er að fá úthlutað verkefnastyrkjum þá felst líka í því mikil viðbótarvinna að uppfylla verkefnið ekki síst hjá einyrkja á landsbyggðinni sem sinnir í raun öllum þáttum starfsins í hlutastarfi.

Það er stöðug áskorun að tryggja nægt fjármagn til starfseminnar og væru hærri rekstrarstyrkir til viðurkenndra safna mikið heillaskref.

Þegar upp er staðið er þessi vinna alltaf jafn gefandi og fjölbreytt sem viðheldur hvatningu og krafti til að segja sögu fyrri kynslóða með því að virða og halda vel utan um menningararfinn.

Elín S. Sigurðardóttir, forstöðumaður Heimilisiðnaðarsafnsins

Huglægar minjar sem falla í gleyskunnar dá

Björgun menningarminja í Grindavík

Föstudaginn 10. nóvember 2023 var Grindavíkurbær rýmdur eftir að skjálftavirkni tengd kvikuhreyfingum færðist undir byggðina í Grindavík. Skýr merki sáust á mælum Veðurstofu Íslands um að kvika væri að leita sér leiðar að yfirborði eftir að kvikuinnskot tók að myndast við Sundhnjúkagíga. Mikil vafði yfir og íbúar flúðu með sitt

allra nauðsynlegasta og þegar þetta er skrifað í lok maí 2024 hefur gos hafist að nýju við Sundhnjúkagíga og náttúran ógnar enn og aftur afkomu manna og framtíð samfélagsins í Grindavík. Fljótlega kom í ljós að Grindvíkingar eiga ekki afturkvæmt í bráð, lífið í Grindavík verður aldrei samt en vonandi geta Grindvíkingar snúið aftur og skrifað nýja kafla

í sögu Grindavíkur. En það verður breytt saga frá því sem var.

Safnafólk hefur á undanförunum árum upplifað margvíslega vá sem ógnað hefur því starfi sem þau sinna af alúð og ástríðu. Aurskriður, eldsvoðar, jarðskjálftar, flóð og vatnstjón eru áskoranir sem sum okkar hafa því miður þurft að takast



Einar Einarsson í Garðhúsum, Grindavík (1903–1962) eignaðist ungur myndavél og eru ljósmyndir hans varðveittar á Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Ljósmyndirnar veita innsýn í mannlífið í Grindavík á fyrri hluta 20. aldar. Eitt og annað rataði á myndirnar sem segir mikla sögu um lífið í Grindavík, atvinnuhætti, fatnað, hús og byggingar, vélar og tæki.

Mannlífið í Grindavík við Einarsbúð á árunum 1935–1945 ©Einar Einarsson, Ljósmyndasafn Reykjavíkur.



Í byrjun árs 2024 fór ungur grindvíkingur, Óskar Kristinn Vignisson (1989) og fylgdist með þegar atvinnulífið fór af stað og ljósmyndaði starfsemi í kringum höfnina í Grindavík eftir að fyrirtæki þar fengu leyfi til þess að hefja aftur starfsemi sína eftir brottflutning í nóvember. Skásetning samtíma með ljósmyndun. ©Óskar Kristinn Vignisson

á við og upplifað hversu bjargarlaus við getum orðið þegar náttúran tekur völdin. Samfélag safnamanna hefur sýnt að samstaðan er mikil og góð þegar á reynir og hjálpanði hendur hafa lyft grettistaki við björgun verðmæta. Og þannig var það í Grindavík þegar hópur starfsmanna Grindavíkurbæjar, ásamt þjóðminjaverði, safnstjóra Listasafns Íslands og fulltrúum frá menningar- og viðskiptaráðuneytinu björguðu menningarverðmætum úr bænum 25. nóvember 2023. Málverk og menningarverðmæti voru sótt á dvalarheimili, einkaheimili og húsnaði sveitarfélagsins og verða þau varðveitt í varðveislurými listasafns Reykjanesbæjar. En þetta var bara brot af því sem leynist í Grindavík og eftir eru óskráð söfn í einkeigu sem þyrfti að skrá og varðveita.

Þeir atburðir sem hófust í byrjun nóvember 2023 eru um margt frábrugðnir atburðum sem við höfum áður upplifað og ýmislegt sem við getum dregið lærdóm af. Fyrst er til að telja að hér er ekki um afmarkaðan atburð að ræða, hvorki í tíma né rúmi. Allt samfélagið er undir, ekki ein bygging eða afmarkaður hluti bæjarfélags og björgunaraðgerðir eru settar í annað samhengi þegar

útséð er með að hægt verði að byggja upp á sama stað í nánustu framtíð eða koma munum í skjól í næsta nágreinni. Og svo bætist við að aðgengi að björgunarsað er ekki gott, aðgangur að svæðinu takmarkaður og innviðir úr lagi gengnir sem flækt geta björgunaraðgerðir til bæði skemmri og lengri tíma. Við þetta bætist svo að allt samfélagið er að ganga í gegnum erfiða tíma og þeir starfsmenn safna, sýninga og/eða bæjarfélags sem vinna að menningarmálum eru flestir að bjarga persónulegum verðmætum og tryggja fjölskyldu sinni húsaskjól og aðgengi að þeim því takmarkað. Mannafli er því ekki til staðar, innviðir úr lagi gengnir og þeir sem að öllu jöfnu þekkja best til eru jafnvel tímabundið búsettir fjarri heima-byggð eða ekki í aðstöðu til þess að sinna björgun menningarverðmæta. Og til að bæta gráu ofan á svart er björgunaraðilum menningarminja jafnvel ekki hleypt inná svæðið nema í takmarkaðan tíma og með takmarkaðan tækjabúnað. Og svo eru það menningarminjar sem eru ekki á forræði opinberra aðila, eru í einkaeigu eða eigu félagsamtaka – hvernig ætlum við að standa að björgun þeirra muna?

Grindavíkurbær hefur staðið fyrir sýningu í Saltfisksetri en söfnun og varðveisla menningarminja hefur ekki verið hluti af starfsemi bæjarfélagsins. Aðilar innan bæjarfélagsins hafa verið ötulir í að safna og varðveita menningarminjar en sú söfnun byggir á persónulegum áhuga. Minja- og sögufélag Grindavíkur hefur á síðustu árum verið öflugt við varðveislu húsa og söfnun menningarminja en félagið var formlega stofnað árið 2013. Tilgangur félagsins er að stuðla að samvinnu við aðra um varðveislu menningarminja í Grindavík og á í dag myndarlegt safn muna. Félagið er áhugamanna-félag, skráning muna er lítil og geymsluhúnaði ábótavant. Eigendur útgerðarfélagsins Þorbjarnar hafa verið ötulir að safna og halda utan um minjar tengdar sjósókn og einn eiganda fiskvinnslu og útgerðarfyritækisins Stakkvíkur hefur safnað dýrmætu safni fornþíla, traktora og annarra vélknúinna tækja. Menningaminjar tengdar Grindavíkurbæ leynast því víða en utan yfirráða Grindavíkurbæjar og annarra opinberra aðila. Og hér vakna áhugaverðar spurningar um söfn í einkaeigu og hvernig brugðist er við þegar náttúruvá stöðjar að. Bílsafnið hefur



Gert að fiski við höfnina (ártal óþekkt)
©Einar Einarsson, Ljósmyndasafn Reykjavíkur.



©Einar Einarsson, Ljósmyndasafn Reykjavíkur

að mestu verið flutt frá Grindavík en munir bæði Minja- og sögufélagsins og eigenda Þorbjarnar eru enn í Grindavík, munir á heimilum íbúa Grindavíkur eru flestir komnir á nýja staði og tengingin við uppruna stað brothætt.

Og svo eru það minjar sem eru huglægar - minningar, sögur og örnefni – þekking sem getur horfið okkur ef ekkert er að gert. Minja- og sögufélag Grindavíkur vinnur að fjármögnun verkefnis sem snýr að söfnun og varðveislu munnlegra heimilda um sögu og sérkenni bæjarfélagsins í samvinnu við Grindavíkurbæ, menningarmálaráðuneyti og ríkisstofnanir. Ætlunin er að taka viðtöl við unga sem aldna Grindavíkinga, safna ljósmyndum og heimildum um líf manna á meðan á brottflutn-

ingi stóð, aðdraganda og eftirmálum og munnlegri þekkingu heimamanna safnað og hún varðveitt. Og hér er vert að benda á að félagið er áhugamannafélag og háð áhuga og/eða velvilja stjórnmalamanna um fjármögnun þessa verkefnis og forsendur áhugamannafélags til að standa að söfnun huglægra menningarminja aðrar en stofnana á vegum ríkis eða sveitarfélaga. Með huglægum menningarminjum er átt við allt það sem ekki er hönd á festandi, minningar, sögur, sagnir og annan fróðleik – minjar sem mikilvægt er að safna og varðveita fyrir samtíma og framtíð og ekki eingöngu framtíð samfélagsins í Grindavík. Jarðhræringar á Reykjanesi hafa áhrif á sögu þjóðarinnar og mikilvægt að haldið sé utanum söfnun og varðveislu heimilda af fagaðilum sem geta

unnið skipulega og af þeim krafti sem þarf á ögurstundu.

Fjöldi áhugaverðra spurninga vakna þegar náttúran ógnar manngerðu umhverfi okkar og sögu og áhuga-vert að velja fyrir sér hlutverki og skyldum bæjarfélags, ríkis og stofnana þess í hamförum eins og þeim sem dunið hafa yfir á Reykjanes-skaga síðustu mánuði. Svör er ekki að finna hér í þessari stuttu grein en vert að vekja máls á áhugaverðum spurningum sem vakna og mikilvægi þess að um leið og verðmætum fortíðar sé bjargað að þá stöndum við vörð um minjar samtímans.

Björg Erlingsdóttir,
þjóðfræðingur og safnafræðingur

Félag norrænna forvarða – af störfum Íslandsdeildar

Félag norrænna forvarða – Ísland, NKF-IS er fagfélag forvarða á Íslandi. Félagið var stofnað 1983 og er hluti af samnorræna fagfélaginu NKF, Nordisk Konservatorforbund, sem stofnað var árið 1950. Aðildarlöndin eru Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð og hafa þau öll sína landsdeild. Nordisk Konservatorforbund er hluti af The International Institute for the Conservation of Artistic and Historic Works (IIC) undir heitinu IIC Nordic Group.

Árið 2024 eru 21 almennir félagar í NKF-IS, en auk þeirra eru 4 auka-félagar og 3 heiðursfélagar. Almennir félagar geta þeir orðið sem lokið hafa að lágmarki þriggja ára forvörslu-menntun frá viðurkenndum skóla.

Markmið NKF-IS er að auka samstarf meðal forvarða og þekkingu á forvörslu innanlands auk þess að

hvetja til þátttöku í norrænu samstarfi t.d. fundum, ráðstefnum og útgáfu. Einnig leggur félagið áherslu á að auka þekkingu safnafólks og annarra sem vinna með varðveislumál menningararfsins. NKF-IS á fulltrúa í Fornminjanefnd sem er ráðgefandi fagnefnd sem fjallar meðal annars um stefnumörkun, friðlýsingu fornleifa og veitir umsögn um styrkveitingar úr fornminjasjóði.

Félagið er í nánnum samskiptum við aðrar landsdeildir NKF og funda formenn allra deilda tvisvar á ári, einu sinni í raunheimum og einu sinni í vefheimum. Fundirnir eru mikilvægir til tengslamyndunnar og til þess að fylgjast með hvað er að gerast í heimi forvörslunnar á hinum Norðurlöndunum. NKF gefur út fagtímaritið MoK (Meddelelser om konservering) sem kemur út árlega og hægt er að nálgast rafrænt

á: www.mok.scholasticahq.com/. NKF-IS á fulltrúa í ritstjórn MoK.

Á þriggja ára fresti er haldin fagráðstefna á vegum NKF og skiptast landsdeildirnar á að halda utan um skipulag þeirra. Haustið 2024 verður ráðstefnan haldin í Danmörku, undir yfirskriftinni *Resilience: Adapting heritage preservation to future challenges*. Árið 2018 fór ráðstefnan fram hérlandis og bar yfirskriftina: *Cultural heritage facing catastrophe: Prevention and recoveries*. Skipuð var nefnd úr röðum félagsfólks NKF-IS sem sáu um skipulag ráðstefnunnar. Fjallað verður nánar um ráðstefnuna hér að neðan.

Síðastliðin ár hefur NKF-IS lagt áherslu á að efla fræðslu um varðveislumál listmuna og menningarminja fyrir safnafólki í formi námskeiða og málstofa. Félagið hefur getur sótt um styrki í safnasjóð, sem gerir félaginu kleift að bjóða upp á fjölbreytta fræðslu fyrir safnafólk og aðra áhugasama.

Hér verður farið yfir þá fjölbreyttu viðburði sem NKF-IS hefur staðið fyrir á síðustu árum: Árið 2016 var haldið námskeið um varðveislustofna fyrir safnafólk. Yvonne Shashoua forvörður frá danska Þjóðminjasafninu hafði umsjón með námskeiðinu. Á námskeiðinu var farið yfir helstu aðferðir í fyrirbyggjandi forvörslu plastefna,



Yvonne Shashoua segir frá ólíkum eiginleikum plasts á námskeiði um varðveislustofna á Þjóðminjasafni Íslands. ©Nathalie Jacqueminet.



Áhugasamir þátttakendur spreyta sig á skordýragreiningu á námskeiðinu „Röð og regla á safninu“, sem haldið var á Byggðasafni Hafnarfjarðar. ©Ingibjörg Áskelsdóttir.

greiningu þeirra og hvernig hægt er, með sem minnstu inngrípi, að hreinsa og laga safngrípi úr plasti. Alls sóttu 20 námskeiðið.

Árið 2018 kom það í hlut NKF-IS að halda fagraðstefnu NKF um þær ógnir sem stöðja að menningararfinnum af náttúruhamförum og loftlagsbreytingum. Alls komu 25 fyrirlesarar fram á ráðstefnunni. Erindin voru fjölbreytt og komu fyrirlesarar víðsvegar að, þó meirihluti þeirra hafi komið frá Norðurlöndunum. Fjallað var m.a. um fyrstu viðbrögð við vá, eyðingu strandminja, gerð áhættumats og neyðaráætlanir. Nálgast má ráðstefnuritið inni á heimasíðu félagsins www.nkf.is. Alls sóttu um 150 ráðstefnuna.

Rafrænn fyrirlestur um skaðvalda á söfnum og svokallað IPM (Integrated Pest Management) vöktunarkerfi var haldinn árið 2022. Fyrirlesturinn var þríþættur; Amy Crossman, sérfræðingur í IPM, fór yfir grunnatriði virkrar skaðvalda-

vöktunar og mikilvægi þess að vera með virkt eftirlit í söfnum og varðveisluhúsnæði. Matthías S. Alfreðsson skordýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands fór yfir þau skordýr sem finna má á Íslandi sem geta valdið skaða á safnkosti. Að lokum hélt Dr. Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir, sveppafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands erindi um helstu mygluvandamál sem geta komið upp á íslenskum söfnum. Alls sóttu 53 námskeiðið.

Í framhaldi af rafræna fyrirlestrinum um skaðvalda á söfnum gaf félagið út veggspjald, þar sem finna má myndir og upplýsingar um þá skaðvalda sem einna helst geta herjað á íslenskan safnkost. Veggspjaldið stendur öllum söfnum til boða, þeim að kostnaðarlausu. Til að nálgast veggspjaldið er hægt að senda póst á nkf.island@gmail.com.

Til stóð að halda námskeið í varðveislu tækniminja árið 2020 en vegna heimsfaraldurs var því frestað til 2023. Leiðbeinandi var Chris Knapp, tækniminjaforvörður sem starfaði lengi á Imperial War Museum í Duxford, Bretlandi. Námskeiðið samanstóð af fyrirlestrum, og verklegum æfingum. Alls sóttu 22 námskeiðið.

Árið 2023 stóð félagið einnig fyrir málstofu sem bar yfirskriftina *Vísindarannsóknir á safnkosti: Verkfæri í hugvísindum*. Málstofan var unnin í samstarfi við Listasafn Íslands. Slíkar rannsóknir geta skipt sköpum í gripa- og listfræðirannsóknnum en hafa verið takmarkaðar hér á landi. Fjallað var um mismunandi rannsóknaraðferðir sem eiga það sameiginlegt að valda ekki skaða á gripum. Á málþinginu gafst einnig tækifæri til að fylgjast með notkun á Multispectral Imaging Phase One ljósmyndatækni inni og sjá ávinninginn af því að hafa aðgang að slíku tæki hérlandis. Alls sóttu 36 málstofuna.

Félagið, í samstarfi við Bláa skjöldinn, Borgarsögusafn Reykjavíkur og Listasafn Reykjavíkur, stóð fyrir námskeiði í fyrstu viðbrögðum við vá. Verkefnið var tilraunaverkefni og þátttakendur starfsmenn safnanna tveggja. Farið var yfir hvernig best megi undirbúa starfsmenn safna til þess að bregðast rétt við ef vá steðjar að. Fulltrúi frá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins fjallaði um björgun menningarminja frá sjónarhorni slökkviliðsins. Haldin var verkleg æfing þar sem vatnstjón var sett á svið. Ákveðið hefur verið að halda tvö slík námskeið árið 2024, annað á höfuðborgarsvæðinu og hitt á Akureyri.

Síðast en ekki síst stóð félagið fyrir námskeiðinu *Röð og regla á safninu – námskeið í umhirðu og eftirliti með sögulegum byggingum og safnahúsnæði*. Lisa Nilsen forvörður frá Svíþjóð kom og stýrði námskeiðinu, sem haldið var á Byggðasafni Hafnarfjarðar. Þar var farið í öll þau helstu atriði sem skipta máli í almennri umhirðu safnhúsa, þríf, viðhald og skaðvaldavöktun. Verklek æfing fór fram um greiningu skordýra og áhættumati safnhúsa. Alls sóttu 23 námskeiðið.

Hér að ofan hefur verið stiklað á stóru um verkefni NKF-IS síðustu ára. Við höfum fundið fyrir miklu þakklæti og áhuga á viðburðum okkar sem gefið stjórn NKF-IS mikinn meðbyr til áframhaldandi fræðslu á þessu sviði. Félagið þakkar þeim sem komið hafa að og aðstoðað í þeim fjölmörgu verkefnum sem unnið hefur verið að sl. ár. Í stjórn NKF-IS sitja: Ingibjörg Áskelsdóttir, Sandra Sif Einarsdóttir, Sigríður Þorgeirsdóttir og Þórir Ingvarsson.

Stjórn NKF-IS
Ingibjörg Áskelsdóttir
Sandra Sif Einarsdóttir
Sigríður Þorgeirsdóttir



Hafnarborg

Menningar- og lista-
miðstöð Hafnarfjarðar



KRYDD
vettisgætt

Ópið kl. 12–17
Lokað á þriðjudögum
Ókeypis aðgangur

Strandgata 34
220 Hafnarfjörður
Iceland

www.hafnarborg.is
(354) 585 5790



Móttaka og safnbúð



Mynd úr safnbúð. ©Axel Sig.

Það skemmtilega við að vinna á litlu safni er að starfið er margbreytilegt.

Starf mitt í móttöku felur meðal annars í sér að taka á móti fólki sem vill skoða safnið og segja stuttlega frá sýningunum sem eru í gangi, svara fyrirspurnum í síma, segja fólki frá vörum í safnbúðinni og aðstoða við uppsetningu á sýningum, ásamt ótal fjölbreyttum tilfallandi verkefnum.

Í starfinu reynir á mannleg samskipti. Starfsmaður í móttöku tekur á móti öllum þeim gestum sem sækja safnið og er þannig andlit safnsins, við verðum að vanda okkur svo gestir upplifi sig velkomna og vilji koma aftur.

Þegar ég mæti í vinnuna byrja ég á að setja sýningarnar í gang. Það eru yfirleitt ljós í sýningarsölum, nokkrir skjávarpar, video og eitt og annað sem þarf að kveikja á. Stundum koma upp tæknivandamál þegar græjurnar vilja ekki þýðast mann en þá er ég svo heppin að fá aðstoð frá vinnufélögunum.

Í safnbúðinni erum við með úrval af íslenskri hönnun. Við veljum inn vörur sem tengjast sýningunum sem eru í safninu hverju sinni. Þegar safnið var t.d. með sýningu um sund og sundmenningu tókum við inn allskonar vörur sem tengdust sundi. Svo klárast þær vörur og aðrar koma í þeirra stað. Við lítum svo á að safnbúðin sé eins og lítil samsýning þar sem viðfangsefni mismunandi sýninga á safninu koma saman. Það er gaman að geta miðlað til gesta fróðleik um vörurnar, hver sé hönnuðurinn, hvort varan sé handgerð eða framleidd, hvaðan hún kemur og hvaða sögur eru á bakvið hvert verkefni. Gestir kunna vel að meta þetta og fara yfirleitt út með bros á vör.

Dæmi um vinnudag:

Miðvikudagur 29.mái 2024

Í dag er ég að taka niður sýninguna Skart sem var á Pallinum, litlu sýningarrými á jarðhæð sem við tókum í gagnið fyrir u.þ.b. tveimur árum. Undanfarna daga hef ég verið að taka á móti verkum sem eiga að

fara á næstu sýningu á Pallinum auk verka fyrir sýningu sem sett verður upp í safnbúðinni. Báðar þessar sýningar eru unnar með Textílfélaginu í samvinnu við Sigríði, forstöðumann safnsins okkar.

Í dag kom einnig hópur af hressum og kátum 4. bekkingum úr Mela-skóla í Eldblómasmiðju til Siggú Soffíu. Hún er með sýninguna Eldblóm – Hvernig dans varð að vöruhönnun í rannsóknarrými safnsins og tekur þar á móti skóláhópum sem hluti af fræðslustarfi safnsins.

Styrgerður, sem er að taka þátt í sýningunni sem verið er að setja upp á Pallinum, kom með hör og ýmiskonar efni í sýninguna. Hún sýndi okkur starfsmönnum safnsins hvernig á að verka hör og spinna. Hún var líka með ljósmyndir af ræktun og uppskeru. Höfðum við mjög gaman af og spunnust miklar umræður, eftir spjall og sýnikennslu erum við mun fróðari um hörræktun.



Styrgerður í heimsókn.



Tekið á móti verkum fyrir sýninguna Strá og greinar.

Seinnipartinn kom hópur af sérkennslufulltrúum og var vel tekið á móti þeim.

Föstudagur 7. júní

Dagurinn hefur farið í að leggja lokahönd á sýninguna á Pallinum og að gera búðina fína fyrir opnunina. Það er alltaf mikil gleði og gaman þegar það eru opnanir og gestir og starfsfólk í sínu fínasta þússi. Það var fjölmenni við opnunina, sólín skein og fólk gat setið úti á palli. Það er líka svo skemmtilegt að með hverjum sýnanda eða sýnendum koma nýir gestir sem vonandi verða framtíðargestir safnsins. Það er jú alltaf auðveldara að koma aftur á stað sem maður hefur komið á áður.

Fimmtudagur 13. júní

Í dag er ég búin að vera að moka

mold upp úr útikerjum á milli þess sem ég stekk inn og sinni fólki sem heimsækir safnið. Sigga Soffía sem er með sýninguna *Eldblóm – Hvernig dans varð að vöruhönnun* í rannsóknarrýminu, ætlar að gróðursetja fullt af blómum í útikerin og á pallinn einnig í anddyri safnsins. Anddyrið verður eins og lítið gróðurhús, ilm-andi af blómum og sumri.

Eins og sjá má eru vinnudagar á safni allskonar, fjölbreyttir og skemmtilegir.

Ég mæli með að vinna á safni.

Ingiríður Óðinsdóttir,
afgreiðslustjóri í
Hönnunarsafni Íslands

Salur 1 / Gallery 1

Sigurður Guðjónsson

Hljóðdróf Sonic Spectral

14.09 - 22.12 2024

Salur 2 / Gallery 2

Þórdís Jóhannesdóttir

Millibil

Spaces

Salur 3 / Gallery 3

Lífænar hringrásir
Organic Circuits

Anna Líndal / Elísabet Jökulsdóttir & Matthías Rúnar Sigurðsson / Freyja Þórsdóttir / Heather Barnett / Herwig Turk / Ilana Halperin / Jennifer Helia DeFelice / Magnea Magnúsdóttir / Patrick Bergeron / Pétur Thomsen / Skade Henriksen / Þorgerður Ólafsdóttir

Salur 4 / Gallery 4

Volvox

Thomasine Giesecke / Jean-Marc Chomaz / Bruno Palpant
& Tom Georgel

LISTASAFN
ÁRNESINGA

Jón og forsetarnir – söfn og minni

Mér þykir það tilvalið að taka brot úr nýársávarpi Vigdísar Finnbogadóttur sem nokkurs konar upphafsstef þegar ég flétta saman hugleiðingar mínar og markmið í vinnu minni við þessi greinarskrif, en einn þáttur í áhuga mínum á störfum safna og hvernig virkni þeirra er út á við í samfélaginu eru minningar fólks. Í ávarpinu sagði Vigdís frá frá eldri manni sem átti spjall við ungan samferðamann sinn og spurði hann hvert tíminn færi? Ungi maðurinn svaraði því til að hann færi í minningarnar. En hvert fara þá minningarnar, spurði maðurinn. Eftir nokkur heilabrot svaraði ungi maðurinn á þá leið að þær færu í mannkynssöguna. Þetta þótti lífsreynda manninum gott svar og sagði börnum sínum sem síðan hafa sagt það sínum börnum.

Spegla fortíðar má finna á mörgum stöðum. Þeir sem segja okkur sögulegar frásagnir sem fléttast saman við minni þjóða og tengjast hópum fólks órjúfanlegum böndum. Tímamót sem nú hafa orðið á árinu með kjöri sjöunda forseta lýðveldisins færir minningu Jón Sigurðssonar upp á yfirborðið. Jón var tímamótamaður sem bardist fyrir sjálfstæði þjóðarinnar, tengist vel landsmönnum sínum í gegnum bréfaskriftir og hafði í hávegum sögu lands og þjóðar. Hann var sagður óskabarn Íslands, sómi þess sverð og skjöldur. Lýðveldið Ísland fagnar sjálfstæði sínu, á fæðingardegi þessa ágæta manns sem dvaldi að mestu sína lífstíð í Kaupmannahöfn að Oster Voldgade 12 og afmælis-

dagurinn 17. júní varð síðar táknrænn merkisdagur fyrir íslenska þjóð.

Í tímans rás hefur mannfólkið í gegnum aldirnar bundist stöðum, byggingum, svæðum, náttúrunni, með öll sín blæbrigði af tilfinningaböndum. Umhverfið fylltist af táknum. Táknin taka á sig ýmis form: Steina, stytur, húsbyggingar, læki og grasblettir til að mynda. Táknin hjálpa til við að binda huglægt mat við efni og viljann til þess að gleyma engu. Paul Williams fjallar um minningarsöfn í bók sinni *Memorial Museums: The global rush to commemorate atrocities*. Þar fjallar hann um minningarsöfn og heldur því fram að vegur slíkra safna sé vaxandi út um allan heim, ekki síst söfn tengd minningum um voðaverk. Það að rýna í minningar og minni merkir að verið er að greina hvernig fólk upplifir, tengist og lýsir fortíðinni. Rannsóknir greina frásagnir og umræðu tengdu minni og markmiðið er að skoða bæði sameiginleg sambandstengsl milli minnis og sjálfsmynda, og það að tilheyra einhverjum félagslega. Williams segir að lifandi manneskjur séu á milli þess skammlífa og langlífa, milli minninga sem eru við að fjara út og þess sem er meitlað á spjöld sögunnar. Hér og nú er sá staður sem fólk sameinast á og gefur tækifæri til endurspeglunar, staldra við og hugsa, og það á ekki síst við um minningarsöfn.

Minnisvarði eða minnismerki þjóna oft þeim tilgangi að vera minni eða minning fyrir fólk um ákveðnar persónur eða atburði. Williams vill

meina að sumir vilji aðgreina minnisvarða og minnismerki byggt á pólitískri virkni þeirra. Minnismerki á þá að vera tákn þess að syrgja og missa, en minnisvarði táknar mikilleika eða hugrekki. Það er þó hægt að greina virkni beggja í ýmsum tilfellum svo að þessi aðgreining er nokkuð loðin. Þessu samkvæmt er minnisvarði skúlptúr, bygging eða jarðneskt merki sem er hannað í þeim tilgangi að minnast. Hvað má þá segja um hver sé þáttur safna í þessum skilningi? Safn eins og við þekkjum það er stofnun helguð safnkostinum, varðveislu, rannsóknum, sýningum og kennslufræðilegri túlkun á hlutum með vísindalegu, sögulegu og listrænu gildi. Söfn hafa verið liður í að skapa ímynd þjóðfélagshópa þar sem þeir geta sameinast í að auðkenna sig sem heild í gegnum þekkingu, gildi og venjur og sameiginlega arfleifð. Hópur einstaklinga nær tengslum í gegnum þjóðarhugtakið og hugmyndina um sameiginlegar minningar úr fortíðinni. Minningasöfn gegna því hlutverki að miðla og hefur Silke Arnold-de Simine fjallað um það í sínum verkum. Hún heldur því fram að á 19. öld hafi verið horft á minnisvarða og söfn sem tæki til þess að skilgreina þjóðerni með því að liðin tíð eða atburðir fá frásagnarblæ píslarvotta eða hetjudáða sem hvetja til stolts sem og ótvíræðrar auðkenningar við þjóðina. Minningarsöfnum hefur með þeim hætti verið falið það hlutverk að vera samviska samfélagsins. Í þessu samhengi er fróðlegt að líta til orða Guðmundur Hálfðánarsonar prófessors í sagnfræði

um aðkomu þjóðarinnar á lýðveldis-hátíðinni á Þingvöllum árið 1994 þar sem samviska samfélagsins birtist í einni að sínu fjölbreyttu myndum. Þar segir Guðmundur að það sem hefði dregið fólk að var fremur skyldu-ræknin eða einlægur vilji fólks til að jata þjóðinni og landinu hollustu sína - auk þess sem þátttaka í hátíðinni færði mönnum heim sanninn um að þeir tilheyrðu hópi, þjóðinni, sem á sér vitund ofar vitund einstaklingana. Silke Arnold-de Simone vill meina það að skilgreina söfn sem rými minnis þýði að bæði minni og minningar verða viðeigandi á mismunandi stigum. Minnið er gert skiljanlegt með því að birtast í gegnum gagnkvæm samskipti fortíðarinnar við nútímann og nútím-ans við fortíðina. Það hvetur til hug-leiðinga um tilfinningalega og hug-myndafræðilega fjárfestingu lifandi fólks í fortíðinni. Minningarsöfnin eru þar með vettvangur kynslóða til að deila sjálfsmynd sinni til næstu kyn-slóða, vitneskju, þekkingu, tækifærum og til þess að bæta sögulegan skilning á samfélagi liðinnar tíðar. Til þess að hafa sameiginlega sjálfsmynd, er álitið að hópar þurfi að eiga sameiginlega túlkun á atburðum og reynslu sem hefur mótað hópinn í gegnum tíðina. Sameiginleg viðhorf gegna mikilvægu hlutverki til að tryggja tilfinninguna um samveru og menningarlega sam-stöðu sem er álitið nauðsynlegt í myndun hvers konar þjóðarvitundar. Minni hefur þar með áhrif á félagslega meðvitund samfélaga. Samfélög leggja sig eftir því að minnast sögulegra atburða og sporgöngumanna, sem taldir eru að hafa haft áhrif á mótun samtímans og sjálfsmynd fólks. Hræðsla við að minningar fjari út og gleymist er tengt þeirri upplifun að tapa sjálfsmyndinni.

Hver ber ábyrgð á minningu Jóns eða ber einhver ábyrgð?

Árið 2019 lauk ég við að skrifa M.A ritgerð mína í safnafræði þar sem fjallað var um arfleifð Jóns Sigurðs-sonar og safnastarf á Hrafnseyri. Þar

tók ég sérstaklega fyrir hvernig unnið er með minningu Jóns og hvernig hún birtist sem hluti af samtímanum. Hverjir eru þátttakendur í slíkum gjörningi, á hvaða grunni er slík starf-semi byggð og hver eða hverjir halda utan um minningu Jóns í þessari fjarlægð frá höfuðborginni. Ritgerðin byggðist að hluta til á viðtölum sem tekin voru við aðila sem höfðu nálgast viðfangsefnið á einhvern hátt. Þar var komið víða við á fjölbreyttum stöðum, á sviði safnastarfs, á pólitískum vett-vangi og hjá þeim sem fylgjast með orðræðunni í dægurmálum liðandi stundar, til að mynda þegar sýningin á Hrafnseyri var sett upp í byrjun átt-unda áratugarins. Eitt af fyrstu emb-ættisverkum Vigdísar Finnbogadóttur var meðal annars að opna þá sýningu. Viðtölunum var bæði ætlað að gefa mynd af starfinu á svæðinu, hvernig það hefði komið til og hvernig hægt væri að vinna með minningu Jón Sigurðssonar og jafnframt skoða þær hliðar á hver eða hverjir það væru sem fara með ábyrgð og stjórn á minningu Jóns og skiptir staðsetning safna máli þegar það kemur að fjárveitingum, áhuga og þátttöku sveitarfélaga, stjórnsýslu og ríkisvaldsins.

Í viðtölunum mátti greina hugmynda- og hugsjónastarf ólíkra aðila sem koma þar að og þær hindranir sem urðu á vegi þeirra. Horft var á starf-semina í sögulegu ljósi og í ljósi kenn-inga um þjóðerni og minnisfræða. Niðurstaðan í stuttu máli var sú að minning Jón Sigurðssonar, eins stór og umfangsmikil hún er, nær að flakka um þá ólíku staði þar sem við sækjum í arfleifðina eins og inn á söfnum. Þó að ræturnar séu sterkar er erfitt að ná utan um uppsprettur.

Jón táknrænn fyrir umhyggju og ást á landi og þjóð

Það fór lítið fyrir áhrifum opinbera yfirvalda þegar kom að safnastarfi á Hrafnseyri. Í gegnum viðtölin var hægt að greina að starfið hefur þrífist á herðum örfárra í gegnum tíðina.

Fólki sem ekki aðeins hafði Jón í fyrirrúmi heldur líka staðinn sjálfan og má segja að það hafi í senn bæði ræktað jarðveginn og minninguna um manninn. Starfsemin á Hrafnseyri hefur dafnað og þrífist undir hug-sjónavængjum örfárra einstaklinga. Einstaklinga sem hafa haft margar og jafnframt mismunandi hugmyndir um starfsemina á Hrafnseyri. Þær eiga þó það sameiginlegt að vilji er til þess að auðga skuli staðinn og ljá honum þýðingu fyrir samtímann og komandi kynslóðir. Þar bar mest á fólki sem starfaði í nafni Hrafnse-eyrarnefndar sem sett var á laggirnar árið 1945. Hennar hlutverk var að standa vörð um hagsmuni Hrafnseyrar og minninguna um fósturjörð Jóns Sigurðssonar. Það má segja að landslag Hrafnseyrar og ímynd hefur mótað með tímanum eftir því hversu þétt eða laust handabandið milli stjórnmála og áhugasamra einstaklinga með aðgang að fjármunum hefur verið.

Ásgeir Ásgeirsson forseti Íslands á árunum 1952–1968 var í forsvari fyrir því að Hrafnseyrarnefnd var komið á laggirnar og gegndi hann sjálfur formennsku í nefndinni til dánardags. Ásgeir sat í nefndinni bæði sem alþingismaður og forseti og hafði staða hans í þjóðfélaginu og áhrif eflaust sitthvað að segja um hve mikil upp-bygging varð á Hrafnseyri er fram liðu stundir. Pólitísk áhrif á grunni ástar á fósturlandi og lotningu til þeirra manna sem höfðu sig mest frammi að stýra örlögum þjóðarinnar í átt að sjálfstæði; í krafti þjóðernishyggju varð til vísir af safni á fæðingarstað Jóns, Hrafnseyri. Ásgeir var sem næstan hugfanginn af þessum forvera sínum sem hafði farið fram sem þingmaður Vestur-Ísafjarðarsýslu líkt og Ásgeir tæplega öld áður. Samferða-menn Ásgeirs í Hrafnseyrarnefnd og þeirra sem tóku sæti í nefndinni voru ekki eingöngu tengdir pólitískum böndum því fjölskyldutengslin voru einnig sterk við skipan í nefndina. Það er engu líkara að þeim hafi runnið

blóðið til skyldunnar og sem dæmi má nefna að Þórhallur Ásgeirsson tók við formennsku í nefndinni við fráföll föðurs síns. Ágúst Böðvarsson sat einnig í nefndinni en hann var sonur séra Böðvars prests á Hrafnseyri sem sat í prestakalli sóknarinnar í 40 ár. Hrafnseyri á sér langa sögu sem kirkjujörð og stóð illa þegar Böðvar tók við sókninni árið 1901. Hann var áhugamaður um Jón og stóð meðal annars fyrir því að haldinn var héraðshátíð í á 100 ára afmæli Jóns árið 1911 og honum reistur bautasteinnur við bæinn að því tilefni. Frá því að nefndin var stofnuð var það ætíð hugmynd að koma á fót þar safni tileinkað Jóni og sjálfstæðisbaráttunni sem gerist síðan ekki fyrr en rúmlega þremur áratugum eftir að nefndinni er komið á fót að safnið leit dagsins ljós. Sýningin stóð næstan óbreytt frá árinu 1980 til ársins 2011. Í aðdraganda þess tilefnis var farið í mjög kostnaðarsamar aðgerðir í tilefni af 200 ára afmæli Jóns. Þar fóru helstu stjórnendur ríkisvaldsins með frekar lausar hendur í fjárútlátum hvað varðaði endurnýjun á sýningunni um Jón og hans lífsstarfi. Það má segja að þær aðgerðir hafi verið töluvert umdeildar sem og sá tæknibúnaður sem fenginn var til og stóðst ekki þær væntingar sem til hans hafði verið gert.

Það má segja að landslag Hrafnseyrar og ímynd hafi mótast með tímanum eftir því hversu þétt eða laust handabandið milli stjórnmála og fjármála hefur verið. Úr þessu urðu til umdeildar byggingar, á sögulegum stað sem var í senn forn bújörð, prestssetur og fæðingarstaður Jóns Sigurðssonar, hér var staðurinn sem hægt var að festa minningu Jóns Sigurðssonar við. Staðarhaldarar hafa verið tveir (þegar þessi rannsókn mín var gerð) frá því að safnið var opnað, báðir með ríkan áhuga á viðfangsefninu en höfðu mismunandi hugmyndir um hvers konar hlutverki það ætti að þjóna í samfélaginu. Þeir áttu það þó sameiginlegt að hafa reynt að stýra rekstri safns með erfiðan rekstrargrundvöll.

Það er fjölmargt sem hjálpast að við að gera aðstæðurnar til reksturs á staðnum erfiðari en ella. Til að mynda telja margir sig vera í þeirri stöðu að eiga rétt á því að lýsa skoðunum á öllu því sem við kemur Jóni Sigurðssyni, fjarlægðin frá höfuðborginni og þar með stjórnsýslunni, sem og landfræðileg einangrun frá greiðfæru vegakerfi landsins stóran hluta af árinu. Það má segja að sama skapi hefur starfsemin á Hrafnseyri ekki fengið þann sess í þjóðarsálinni sem væntingar stóðu til. Einn viðmælandi minn sem tók þátt í störfum Hrafnseyrarnefndar áður hún var lögð niður hafði það á orði að Hrafnseyri við Arnarfjörð væri böðuð dýrðarljóma ef nálægðar við höfuðborgarsvæðið nyti við. Það væri þá styttra í ýmsa þjónustu, starfsfólk og ekki síst fjármagn. Allar leiðir að styrkingu innviða fyrir starfsemina væru þannig greiðari.

Það er í mörg horn að líta og sjónarmiðin eru ólík þegar kemur að starfinu. Þegar á heildina lítið er eins og þeir ólíku hugmyndaþættir sem koma að starfinu séu einhverskonar steinnur í götu þess, framþróun á einum þætti stöðvar hinn og það virðist erfitt að finna flöt til þess að vinna saman úr þessum ólíku þáttum hvort sem það snýr að menningarheimum, þjóðernishyggju, pólitík, innflytjendum, þjóðernisrækt, þjóðfélagshyggju, ferðamennsku, hugarfarssögu, minni og gleymsku og þjóðmenningu Íslendinga. Hver þáttur gerir kröfu um að vera sýnilegur og vill segja ákveðna sögu. Rætur starfseminnar á Hrafnseyri þarf að skoða með opnum huga með tilliti til þeirra þátta sem vilja komast að.

Utangarðsfyrirbæri og óskabarn sem engin vill eiga

Ég spurði séra Geir Waage um sýn hans á framtíð Hrafnseyrar en móðurafi hans hafði stundað búskap um tíma þar. Það var margt fróðlegt sem kom fram í svari hans. Hann telur það hafa verið mistök að setja

Hrafnseyri í eyði, að ekki sé þar föst búseta um árið í kring. Sama skapi telur hann það hafa verið mistök að leggja niður Hrafnseyrarnefnd, að hún hafi ekki kostað mikið og uppfæra hefði þurft nefndina með staðkunnugum mönnum eftir því sem fólk dó úr henni eða forfallaðist fyrir sakir elli. Það hefði verið gerlegt ef vilji yfirvalda hefði staðið til þess og eins og hann skrifaði sjálfur; Einhverja samfellu þekkingar á stað og staðhättum þarf að varðveita. Staðurinn sem eitthvert utangarðsfyrirbæri er og verður hvorki fugl né fiskur. Hann segir ennfremur; „Hvað á mér að þykja um „safnið“ í húsinu sem var of fínt fyrir bónda og hans hyski, þegar það var risið svona út í loftið á sínum tíma? Amma mín bannaði vegagerðar fólki að leggja veginn á sjávarkambinum yfir Hrafnssnaustið. Engu munaði, að því var hlíft. Hún skammaði afa fyrir að slétta út Grelutóftirnar og þúfuna þar sem Hrafn var höggvinn. Framkvæmdamenn sjást ekki fyrir. Þegar allt hefur verið út skafið má einu gilda hvað það hét eða hvar það var.“ Þessi orð Geirs eru merkileg fyrir þær sakir að þarna vitnar hann um tiltekt sem á sér stað árið 1961 og er að öllum líkindum fyrir 150 ára afmælishátíð þar sem endurbætur og framkvæmdir áttu sér stað í nafni Hrafnseyrarnefndar. Gamalt skal víkja fyrir því nýja en það nýja á að geyma og tákna það gamla. Það hefur nefnilega margt annað bitið á minjar um hefðbunda alþýðumenningu og þar með ábúendasögu Hrafnseyrar en tímans tönn. Hverjir voru það sem töldu að „safnið væri of fínt fyrir bónda og hans hyski?“ Ljóst er að með starfi sínu hefur Hrafnseyrarnefnd með framkvæmdum á Hrafnseyri búið til söguvið. Söguvið þar sem stuðst er við sögulega vitneskju. Hrafnseyri hefur orðið að stað sem við getum tengt við Jón Sigurðsson á margan hátt þótt margt sé bogið og snúið í þeim byggingum sem eru á staðnum. Þetta eru rými sem eiga að færa fólk

nær minningum um Jón Sigurðsson eða gera aðgang þjóðarinnar og þeirra ferðamanna sem sækja Hrafnseyri heim betri. Ef ekkert hefði verið gert á staðnum eða með staðinn, hefði í kjölfarið mögulega fækkað þeim möguleikum sem hægt hefði verið að miðla sögu þjóðarinnar. Hefði Hrafnseyri þá bara verið hluti af tungllandslagi Arnarfjarðar með þúfum, lækjum og grösom og þar með enginn sjáanleg stórvirki utan- um sögulegu minningarnar um það sem eitt sinn var í Arnarfirði? Einn viðmælandi minn hafði á orði að sér fyndist Jón, óskabarn þjóðarinnar verða orðinn að ómaga sem enginn vildi eiga. Á þessum tíma flakkaði umsýsla safna starfsins og Jóns á milli forsætisráðuneytis og ráðuneyti menntamála. Þótt að stjórnsýslan hafi haft veg og vanda að minnast Jóns á afmælis og ártíðardögum, þá

virtist erfitt að finna honum varan- legan stað innan stjórnsýslunnar. Hvort kenna megi um pólitískum brag nefndarinnar sem oftast en ekki var mönnum fólk úr röðum sjálfstæðis eða framsóknarmanna eða hvort nefndin hafi einfaldlega verið ofvaxið áhugamál einstakra manna um minningu Jóns Sigurðssonar. Orsök og afleiðing sjálfstæðisbaráttunnar.

Söfn eru minnisvarðar í mannkyns- sögunni og halda utan um þær frásagnir sem við sem þjóð teljum mikilvægar fyrir komandi kynslóðir. Jón mun fylgja forsetum lýðveldisins sem sameiningartákn í sjálfstæði þjóðarinnar í sögulegu og huglægu samhengi. Einstaka minnisvarðar munu ef til vill lifa áfram í borgar- skipulaginu líkt og stytta af Jóni á Austurvelli og segja má að hann hafi lögheimili sitt í Reykjavík, í

nálægð við Alþingi. Stytta verður alltaf sá punktur sem gefur tækifæri til þess að komast eins nálægt ríkisvaldinu og hægt er. Á meðan líkneski Jóns dvelur í Reykjavík mun svipur hans vera þátttakandi í þeim málum sem eru í brennidepli hverju sinni í þjóðfélaginu. Einn hlekkurinn í umsýslu ríkisins í keðjunni um minningu Jóns Sigurðssonar, safnið á Hrafnseyri er kannski að tolla saman á samviskunni einni.

Greinin er unninn upp úr M.A ritgerðinni: Af ljóma lýðveldisins – óskasafn úr alfaraleið. Hugsjónir og hugmyndafræði safnastarfs á Hrafnseyri við Arnarfjörð.

Finney Rakel Árnadóttir,
safnafræðingur



Borgarsögusafn
Reykjavíkur



Borgarsögusafn Reykjavíkur,
spennandi ferðalag í gegnum
sögu og menningu.

www.borgarsogusafn.is

Táknmálsleiðsögn - Leiðsögn á táknmáli

Á Íslandi er rík sögu og safnahefð. Mörg söfn sem áhugavert er að heimsækja og skoða. Fjöldi fólks flykkist á söfnin, skoðar, rifjar upp liðin tíma og fræðist um það sem er verið að sýna. Íslensk söfn eru einstök.

Ég er heyrnarlaus og er menntuð leiðsögumaður, útskrifaðist 2019 frá Endurmenntun Háskóla Íslands. Aðalmál mitt er táknmál. Íslenskt táknmál (ÍTM) og IS (International Sign Language). Ég hef leiðsagt mörgum erlendum ferðamönnum sem hafa táknmál sem sitt fyrsta mál.

Fyrir tveim árum bauðst mér að taka þátt í verkefni á vegum Borgarsögusafns og Listasafns Reykjavíkur „Sagan talar tungum“ og þau vildu fá leiðsögn á táknmáli. Ég greip þetta tækifæri fegins hendi, sérstaklega vegna þess að mér fannst þetta vera glæsilega framúrstefnulegt af

þeim að bjóða málminnihlutahópi leiðsögn á sínu máli sem er táknmál og veita mér í leiðinni tækifæri til að vinna að þessari leiðsögn. Í leiðsögumannanámi mínu fræddist ég um safnaleiðsögn og sömuleiðis um sögu og menningu Íslands sem táknmálsfólk fékk nú ekki neitt mikið af í grunnskólanámi sínu áður fyrr.

Með tækifæri Borgarsögusafns og Listasafns Reykjavíkur opnuðust mér og táknmálsamfélaginu ný tækifæri til að kynnast íslenskum söfnum, sögu, menningu og listum. Það er mjög þakkarvert og ég vona innilega að söfn landsins verði velviljuð að bjóða frekar upp á leiðsögn á táknmáli. Það eru mörg söfn og sýningar sem vert er að bjóða upp á leiðsögn á táknmáli.

Táknmál á Íslandi er jafnrétthátt íslenskri tungu samkvæmt lögum nr. 61/2011. Þannig að íslenskt tákn-

mál á sama rétt og íslensk tunga á söfnum og sýningum sem fjalla um íslenska tungu, menningu, mannlíf, listir og þjóðina sjálfa. Til gamans má bæta við að Borgarsögusafn Reykjavíkur hætti að einskorða táknmál við verkefnið „Sagan talar tungum“ og vinnur nú að því að leggja áherslu á táknmálið sjálft til jafns við íslenskuna. Safnfræðsla Borgarsögusafns er líka hluti af þessu og hafa grunnskólanemendur sem hafa táknmál sem sitt móðurmál notið þess að fá fræðslu á Sjóminjasafninu og Árbæjarsafni.

Það að heyrnarlaus sjálfur leiðsögumaður leiðsegi á táknmáli er leiðsögn á jafningjaforsendum. Leiðsögn frá jafningja er oft á tíðum meiri upplifun fyrir gesti og þann sem segir frá. Hann fær að stunda vinnu sína og það með fólki sem talar sama mál og hann, hefur sama bakgrunn og þekkir sögu táknmálsins betur og hefur meiri tilfinningu fyrir efninu sem er verið að segja frá. Samtalið um umfjöllunarefnið verður ríkara og fléttast inn í frásögnina. Þannig að ávinningurinn er mikill fyrir alla sem eru að heimsækja safnið. Beint samtal og án aðkomu þriðja aðila sem gæti verið heyrandi táknmálstúlkur.

Eins og fyrr segir hef ég leiðsagt á táknmáli í söfnum á vegum Borgarsögusafns og Listasafni Reykjavíkur. Ég hef átt gott samstarf við þær Hlín Gylfadóttur hjá Borgarsögusafni og Höllu Margréti Jóhannesdóttur hjá Listasafni Reykjavíkur. Þær hafa það í höndum að ákveða hvaða söfn



Sigurlín Margrét Sigurðardóttir



Táknmálsleiðsögn á Landnámssýningunni við Aðalstræti.

og sýningar skyldu vera leiðsagðar á táknmáli og finna dagsetningu á leiðsögnina. Ég fæ í hendur undirbúningsefni og kem í heimsókn á safnið með táknmálstúlki þar sem leiðsögumaður safnsins fer yfir efnið og segir mér frá því helsta og sýningaráherslum sem ég punkta niður hjá mér. Svo þegar líður að leiðsögninni þá heimsæki ég safnið aftur ein mínúts liðs og fer yfir áherslurnar, skoða textann og tímaramma í huganum leiðsögnina. Leiðsögnin miðast við að vera 50–60 mínútur. Einnig fer ég yfir hugsanlegar spurningar/samtal sem kemur frá gestum í táknmálsleiðsögninni og finn kannski mögulega einhver tengsl viðvangsefnisins við táknmálssamfélagið, sem er oft skemmtilegt og gerir heimsókn táknmálsfólks á safnið áhugaverða og spennandi.

Rétt er að nefna það að í fyrstu heimsókn minni á safnið er líka gert kynningarmyndband um leiðsögnina, dagsetningu og staðsetningu í mesta lagi 3 mínútna langt, á táknmáli og sem er svo sýnt og dreift á samfélagsmiðlum (instagram og facebook) líka er gerður viðburður á facebook sem er deilt. Kynningarmyndbandið er líka textað. Kynn-

ingarmyndbandið og dreifing þess á samfélagsmiðlum er forsenda þess að táknmálsfólk sé upplýst um leiðsögnina á táknmáli og mætir. Gestir á leiðsögn á táknmáli hafa verið allt frá 15–40 manns. Söfnin sem ég hef leiðsagt bjóða upp á ókeypis aðgang. Þessar leiðsagnir eru umtalaðar í táknmálssamfélaginu og fólk er farið að bíða í eftirvæntingu eftir nýrri safnaleiðsögn á táknmáli. Með þessu hefur nýr heimur opnast fyrir táknmálsfólki sem var áður þeim hulinn og lokaður.

Ég vil fá að koma því á framfæri hér í greininni að íslensk söfn mættu alveg gera aðeins betur í að bæta aðgengi á táknmáli á söfn sín. Ég hef mikið verið að hugsa hvernig hægt sé að bæta táknmálsaðgengið á söfn og sýningar og hef t.d. horft til annara landa og líka prófað sjálf. Oft er táknað á tveim táknmálum þ.e. táknmál þess lands sem safnið er á t.d. British Sign Language (BSL) á Englandi og svo líka International Sign Language (IS) þannig að safnið er þá aðgengilegt heimamönnum sem tala táknmál og svo líka erlendum ferðamönnum sem heimsækja safnið. Tæknilega er þetta vel framkvæmanlegt með QR kóða. Gestir

smella kóðanum með símanum sínum og þar birtist frásögnin sem oft er 2–5 mínútna löng. Alls ekki lengri en 5 mín. Nýr kóði kemur svo á nýjum sýningarhluta.

Mér finnst þetta spennandi verkefni og ætti hiklaust að bæta táknmálsaðgengi að söfnum og sýningum hér á landi. Þeir sem eru áhugasamir um að bæta táknmálsaðgengi á safni sínu eða sýningu eru velkomnir að hafa samband við mig og ræða þetta aðeins meira og það sem best væri er að framkvæma þetta, hafa táknmálið á safninu alla daga ársins. Það eru nefnilega ekki allir þessir 2.6 milljón ferðamanna sem spáð er að komi til landsins á árinu með fulla heyrn og svo eru þeir líka með táknmál að móðurmáli.

Þetta verkefni er ekki bara flott fyrir safnið og sýninguna, það gefur það mikið af sér eins og t.d. til atvinnusköpunar í táknmálssamfélaginu hér á landi.

Að þessu sögðu langar mig líka að benda á að saga táknmálssamfélagsins á Íslandi er einstök á margan hátt og það væri alveg draumur að fá að koma að í samstarfi við annað safn að búa til sögusýningu táknmálsins á Íslandi og líka sýna t.d. hluti sem tengjast samfélagi heyrnarlausra og táknmálinu – t.d. hvernig byrjuðu heyrnarlausir að tala í síma? Hvernig var lífið þeirra á Íslandi þegar táknmál var bannað í 100 ár? Hvað unnu heyrnarlausir við hér á árum áður (atvinnulíf heyrnarlausra í gamla daga var blómlegt).

Ég leyfi mér líka að nefna þetta því sumarið 2026 verður haldin hér á landi Norræn Menningarhátíð heyrnarlausra, búið er ákveðið að hátíðin verður á Selfossi. Sýninguna mætti opna á Selfossi og vera þar yfir hátíðina og svo væri sniðugt að flytja hana í annað safn á höfuðborgarsvæðinu og yrði hún opin í einhver

SAFNASTARF

tíma fyrir áhugasama. Mér dettur helst í hug að þetta væri verkefni fyrir Borgarsögusafn.

Mér finnst mjög mikilvægt að tákn-málsfólk fái leiðsögn á sínu máli sem er táknmál, sérstaklega að þeir kynnist landi sínu og þjóð í gegnum söfn og sýningar.

Hér til Íslands hafa komið margir flóttamenn frá öðrum löndum, það er því líka afar mikilvægt fyrir þá að þeir fái innsýn í sögu, menningu og þjóðina sem þeir búa í núna. Það hjálpar þeim að aðlagast og gera þá áhugasamari fyrir að læra íslensku og líka íslenskt táknmál.

Táknmál er mér mikil ástríða, það er mitt hjartans mál og vil ég endilega hvetja söfn hér á landi að gera betur



Táknmálsleiðsögn á Erró í Listasafni Reykjavíkur. Íslensk málanefnd um táknmál kostaði þá leiðsögn í tilefni dags íslenska táknmálsins í febrúar 2024.

í því að bæta táknmálinu við sem sjálfsögðu aðgengismáli á safni sínu. Ávinningurinn er mikill og það er tap að sleppa því. Þannig að ég enda þessa góðu grein með þessum

orðum: Táknmál í safnið þitt og sýninguna þína.

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir,
leiðsögumaður, félagi í Leiðsögn



LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM


OPIÐ ALLA DAGA

JÚNÍ-ÁGÚST
KL. 10-17

SEPTEMBER-MAÍ
KL. 12-17

LISTASAFN REYKJANESBÆJAR

Vetraropnunartími, þriðjudaga til sunnudags, kl. 12:00 – 17:00
Sumaropnun, 1. júní til 1. september, kl. 10:00 – 17:00



LISTASAFN
REYKJANESBÆJAR

Áhrif safnbygginga

Orðið safn kallar oft fram í hugann mynd af byggingu þrátt fyrir að safn hafi upphaflega ekki vísað í safnbyggingu heldur í samsafn (e. *collection*) af margvíslegum toga. Fyrstu sjálfstæðu byggingarnar sem hannaðar voru fyrir það hlutverk að sýna og miðla voru byggðar á 18. öld. Þar með varð til ákveðinn byggingarstíll safnbygginga sem síðan varð ráðandi allt fram á byrjun 20. aldar og er líklega sú tegund safnbygginga sem kemur upp í hug flestra þegar þeir hugsa um söfn, þ.e. tilkomumikla samhverfa byggingu með súlum á framhlið eða við inngang líkt og t.d. British Museum í London eða Altes Museum í Berlín. Enda endurspeglar lyndistáknið (e. *emoji*) fyrir safn einmitt þessa sýn. Táknrænt tungumál þessa byggingarstíls var áhersla á hugmyndina um safnið sem musteri listar eða minnisvarða um menningu og voru einkenni frá klassískri fornöld m.a. notuð til að ná fram þeim hughrifum.

Hlutverk safna hefur tekið miklum breytingum með tímanum og hönnun safnbygginga hefur þróast í takt við það. Safnbygging samtímans hefur verið frelsuð frá hamlandi tilvísunum í ákveðna byggingarstíla og nú er hugmyndin um sýningarrýmið raungerð í fjölda byggingaforma og rýma, þar á meðal margra sem ekki voru hönnuð upphaflega í þeim tilgangi. Óháð því frá hvaða tímabili safnbygging er þá er hún ávallt órjúfanlegur hluti af safninu, nokkurs konar stöðugur rammi utan um innihaldið sem í mörgum tilvikum tekur breytingum reglulega. Safnbyggingin er einnig ákveðið skilrúm milli safnrýmisins annars vegar og ytra rýmisins hins vegar. Mörkin þar á milli geta orðið óljósari í þeim tilvikum þegar byggingin

er virkur þátttakandi í sýningum. Eitt af því sem einkennir hönnun margra safnbygginga samtímans er áhersla á að tengja safnið við umlykjandi borgarrými á margvíslegu vegu. Þannig getur byggingin verið virkur þátttakandi í að opna safnið og gera það aðgengilegt.

Safnbyggingar geta haft mikil áhrif á upplifun og hegðun gesta enda er byggingin bókstaflega stærsti mótunarátturinn. Skipulag byggingarinnar, þ.e. hvernig rýmum er raðað saman hefur mikið að segja varðandi það hvernig gestir skynja sýningar safnsins. Með því að hefta valmöguleika og takmarka þær leiðir sem hægt er að velja um er hægt að stýra gestum ákveðna leið um safnið og þannig hafa áhrif á upplifunina. Á hinn bóginn getur byggingin jafnframt búið til tengsl og gert samskipti möguleg með því að tengja rými saman og þannig gert rými aðgengilegri. Sýningarrýmin sjálf ráða oft möguleikum varðandi staðsetningu safngripa, sem svo hefur áhrif á það hvernig gestir skynja það sem haft er til sýnis. Það eru margar leiðir sem hægt er að nýta við hönnun safnbygginga til að hafa áhrif á gesti og mismunandi hversu mikið arkitektar nýta sér það. Dæmi um safn þar sem safnbyggingin sjálf leikur veigamikil hlutverk í að móta upplifun fólks er Gyðingasafnið í Berlín þar sem byggingin sjálf og rými hennar eru markvisst notuð til að kalla fram sterkar tilfinningar.

Borgir eru sífellt að verða veigameiri í pólitísku, samfélagslegu og efnahagslegu samhengi. Samhliða þeirri þróun hafa söfn orðið meiri þátttakendur í samfélaginu og hafa farið frá því að vera lokaðar stofnanir yfir í að vera lifandi staðir sem hafa tækifæri

til að efla íbúa þeirra og gesti. Þessi breyting hefur einnig haft áhrif á hönnun safnbygginga og í mörgum tilvikum breytt því með hvaða hætti safnbyggingar eiga í samskiptum við fólk í borgum. Í kringum síðustu aldamót varð aukin áhersla á hlutverk safnsins í borgum sem almenningsstaðar til fræðslu og afþreyingar og því er stundum haldið fram að arkitektúr safns eigi að undirstrika þessi hlutverk. Það er einnig aukin krafa til arkitekta nútímans að þeir eigi að skapa safnbyggingu sem bætir einhverju við borgina. Ein leið sem farin hefur verið í þessum efnum er að búa til gönguleið í gegnum safnbygginguna og þannig tengja saman tvo borgarhluta, dæmi um slíkt er að finna í Ríkislistasafninu (Staatsgalerie) í Stuttgart og Tate Modern í London. Þessi atriði, þ.e. samþætting safnbyggingarinnar í borgarrýmið og hugmyndin um safnið sem afþreyingarstað með fjölbreytileg almenningsrými eins og kaffihús, safnbúðir og fyrirlestrasali, urðu lykilþemu í hönnun safna. Safnbyggingin er andlit safnsins út á við og því er arkitektúr hennar mikilvægur fyrir sýnileika safnsins. Þar af leiðandi færir í aukana að hönnun safnsins fái það hlutverk að laða til sín gesti. Breski listfræðingurinn Claire Bishop skrifar um safnbyggingar í bók sinni *Radical Museology* en þar fjallar hún um afleiðingar þess ef arkitektúr safnbygginga fer að skipta meira máli en innihaldið. Í slíkum tilvikum er Bishop á því að safngripir verði annað hvort sífellt týndari innan gríðarstórrar byggingar eða þurfi að keppa við umbúðirnar. Að hennar mati er hætta á því að þessi söfn fari að snúist minna um safnið sjálft, sögu þess og stöðu. Einnig kemur stundum fram sú gagnrýni að nýjar safnbyggingar virðast snúast um að skapa einhvers konar einkennisbyggingu viðkomandi arkitekts sem getur orðið til þess að litið er fram hjá þörfum og markmiðum safnanna

sjálfra. Slíkar byggingar geta verið áhrifaríkar sem kennileiti án þess að ná að uppfylla ýmsa þætti, t.d. notagildi og aðgengileika fyrir bæði gesti og starfsfólk. Þessi gagnrýni afhjúpar hversu flókið það getur verið að hanna safnbyggingu, þar sem að hönnunarferlinu koma margir aðilar sem geta haft ólík markmið og væntingar. Arkitektúr safnbyggingarinnar getur því farið að hafa neikvæð áhrif á starfsemi og markmið safnsins og virðist þurfa að finna ákveðið jafnvægi hvað það varðar.

Eins og áður hefur verið nefnt urðu samþætting safnbyggingarinnar í borgarrýmið og fjölbreytt almenningssými megin atriði í hönnun safna síðustu áratuga. Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsi er áhugavert dæmi um íslenska safnbyggingu sem hönnuð var á þeim

tíma þegar þessi atriði voru í mótn. Arkitektastofan Studio Granda vann samkeppni um hönnun listasafnsins og opnaði það árið 2000. Nokkrum árum áður höfðu komið fram hugmyndir um að best væri að Listasafni Reykjavíkur og nýju Errósafni yrði valið framtíðarhúsnæði í Hafnarhúsinu. Þarna var horft til þess að listasafnið gæti orðið til þessa að efla miðborgina sem virkan vettvang í daglegu lífi borgarbúa og gesta. Það ætti sem sagt að búa til safn sem myndi laða til sín fólk og jafnframt virkja umlykjandi borgarrými. Til að undirstrika þessar hugmyndir voru eftirtalin atriði tiltekin í forvalsgögnum samkeppninnar þ.e. aðkoma að safninu og tengsl þess við miðborgina, umferðarleiðir innan safnsins og tengsl milli norður- og suðurálmu og hlutverk portsins sem almenningssýmis

í borginni. Studio Granda vann út frá þessum atriðum með áhuga-verðum hætti sem hefur orðið til þess að virkja nánasta umhverfi safnsins. Í nágrenni framtíð mun Listasafn Nínu Tryggvadóttur fá samastað í austurhuta Hafnarhússins og spennandi verður að sjá hvernig tengsl þess við borgarrýmið muni þróast þegar að öll byggingin verður lögð undir listastarfsemi.

*Greinin er unnin upp úr loka-
ritgerðinni: Safnrými er skapað
og í raun skilgreint af hönnuninni:
Safnbyggingar og Hafnarhúsið sem
rými í borg.*

Ólöf Bjarnadóttir, safnafræðingur



Gefðu þér tíma og staldraðu við í Glaumbæ

Gakktu inn í horfinn tíma og upplifðu húsakynni og heimilismuni sem algengir voru á Íslandi um margra alda skelð.

Sýningin „Mannlíf í torfbæjum“ er í gamla bænum í Glaumbæ, sem er gangabær úr torfi og grjóti líkur þeim sem tökuðust á stórbýlum á Íslandi fram á fyrri hluta 20. aldar.

Í Gilsstofu og Áshúsi, timburhúsum frá 19. öld, eru sýningar og kaffihús þar sem hægt er að bragða á gamaldaga góðgæti í huggulegu andrúmslofti.

BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA
www.glaumbaer.is | byggdasafn@skagafjordur.is | 453 6173



Verið hjartanlega velkomin!

Minjar og náttúruvá

Af viðbrögðum Minjastofnunar vegna eldsumbrota á Reykjanesskaga

Þann 24. febrúar 2021 hófst hrina jarðskjálfta á Reykjanesskaga sem, eins og fljótlega átti eftir að koma í ljós, var af völdum kvikuhreyfinga norðaustur af Grindavík og lauk þeirri atburðarás með því að eldgos hófst í Geldingadöllum við austanvert Fagradalsfjall tæpum mánuði síðar, eða 19. mars. Strax við upphaf jarðhræringanna fór í gang ferli hjá fornleifaskráningarteymi

Minjastofnunar Íslands er miðaði að því að afla gagna yfir minjar sem mögulega gætu orðið fyrir áhrifum af völdum þessara umbrota. Var markmiðið að skapa Minjastofnun nauðsynlega yfirsýn yfir fjölda og staðsetningu minja á svæðinu, með það fyrir augum að geta forgangsraðað þeim með tilliti til verndunar og annarra mótvægisáðgerða. Ráðist var í umfangsmikla vettvangs-

skráningu fornleifa á áhrifasvæði jarðskjálftanna og síðar eldsumbrotanna, auk þess sem gerðar voru könnunarrannsóknir á völdum stöðum í formi kjarnaborana og könnunarskurða. Einnig var farið í samstarf við Antikva ehf. og NIKU (Norsk institutt for kulturminneforskning) um gerð þrívíddarlíkana af minjum á þremur friðlýstum minjastöðum á Reykjanesi; í Sund-



Geldingadalir í landi Hrauns. 20. mars 2021. Í örnefnaskrá Hrauns er vísbending um að legstað sé að finna í Geldingadöllum: „Þar er þúst á flöt, og er sagt að þar sé Ísólfrur á Skála [Ísólfskála] grafinn. Vildi hann vera grafinn, þar sem geldingarnir hans hefðu það bezt.“ Þessi texti er dæmi um vísbendingar úr örnefnaskrá sem kanna þarf á vettvangi til að skera úr um það hvort um raunverulegar minjar sé að ræða. Í aðdraganda gossins var ekki talið óhætt að fara inn á svæðið vegna kvikuhreyfinga, enda ekki hægt að sjá fyrir hvar kvikan kæmi upp á yfirborðið. Sem betur fer reynist „þústin“ í Geldingadöllum vera náttúrulegur móbergshóll og sáust engin ummerki um dys á honum. ©Oddgeir Isaksen.

vörðuhrauni austur af Eldvörpum, Húshólma og á Selatöngum.

Strax í upphafi var ljóst að aðeins væri um að ræða fyrsta kaflann í atburðarás sem líklega ætti eftir að standa yfir um ókomin ár. Voru því talðar talsverðar líkur á frekari eldsumbrotum á Reykjanesskaga með ófyrirsjáanlegar afleiðingum fyrir minjar á svæðinu. Það reyndust orð að sönnu, því þegar þetta er ritað er fjórða eldgosinu að ljúka á Sundhnjúkagígarröðinni, sem er jafnframt það áttunda í nágrenni Grindavíkur frá því fyrst gaus í Geldingadölum.

Eins og áður sagði, var strax ráðist í að afla gagna um minjar á svæðinu og var talsvert stuðst við fyrirliggjandi fornleifaskráningu í því tilliti. Stærð rannsóknarsvæðisins tók svo mið af áhrifum jarðskjálftanna, en auk þess voru kort, sem sýndu staðsetningu þekktra gossprungna á svæðinu höfð til hliðsjónar ásamt hraunflæðispám frá Eldfjallafræði- og náttúruvörðun Háskóla Íslands. Fólst verkið fyrst um sinn í því að vinna hnitaskrár upp úr skráningar-

skýrslum og koma þeim inn í landfræðilegt upplýsingakerfi, en einnig að draga fram stakar minjar úr textaumfjöllunum um stórar minjahildir til að geta metið raunumfang minjastaðanna. Auk þessa var rýnt í gömul kort og teikningar, ásamt því að loftmyndir voru skoðaðar. Þessu næst var farið markvisst í gegnum gögnin og minjar valdar úr sem enn voru sýnilegar á yfirborði og þar af leiðandi hægt að afla frekari gagna um á vettvangi, t.d. með uppmæl-ingum og flygildismyndatöku.


Í raun má líta á fornleifaskráningu sem ákveðið varðveisluform í minjavernd þar sem hún felur í sér hraðvirka þekkingaröflun um minjastaði sem, í sumum tilvikum, er ekki hægt að bjarga frá aðsteðjandi hættu, eins og t.d. vegna eldsumbrota, ágangs sjávar eða skriðufalla. Felst varðveislun í þeirri þekkingu, sem aflað er við fornleifaskráningu, um minjastaði sem mögulega verða svo náttúruöflunum að bráð. Fornleifaskráning skapar minjaverndaryfirvöldum auk þess mikilvæga yfirsýn sem er nauðsynleg forsenda ákvarð-

anatöku um mótvægisáðgerðir vegna minja í hættu, hvort sem um er að ræða beinar áðgerðir til varnar fornleifunum, svo sem gerð varnargarða, eða frekari gagnaöflunar, t.d. í formi uppgriftar. Reyndist því ómetanlegt, í undirbúningi vettvangsvinnu vegna eldsumbrota, að Grindavíkurbær og Sveitarfélagið Vogar höfðu látið framkvæma heildarskráningu fornleifa innan sveitarfélaganna en einnig mætti nefna, í þessu sambandi, skrif Ómars Smára Ármannssonar o.fl. á vefsíðunni ferlir.is, þar sem er að finna ýmsan fróðleik um minjar á Reykjanesskaga. Gekk heimildaöflun því fljótt og vel fyrir sig og voru fornleifafræðingar Minjastofnunar þegar komnir á vettvang 5. mars, eða tæpum 10 dögum eftir að skjálftahrinan hófst.

Svæðið sem var til athugunar er um 327 km² að stærð og nær yfir land Sveitarfélagsins Voga, sunnan Reykjanesbrautar, Grindavíkurbæjar austur frá Eldvörpum að Núpshlíðarhálsi og austur fyrir Húshólma.

Var vettvangsvinna skipulögð í nánú samráði við Almannavarnir og viðbragðsaðila (björgunarsveitir og lögreglu), enda mikilvægt að tryggja öryggi starfsmanna, þegar kom að því að ákveða hvaða hlutar svæðisins væru kannaðir hverju sinni og mikilvægt að taka tillit til hegðunar jarðhræringanna og eldsumbrota í því sambandi. Þá voru nýjustu hraunflæðispár hafðar til hliðsjónar í sama tilgangi sem og við forgangsörðun minjastaða sem kannaðir voru.

Svæðið sunnan Reykjanesbrautar og að sveitarfélagsmörkum móti Grindavíkurbæ einkennist af úfnu hrauni. Nefnist svæðið Vogaheiði að vestanverðu, en Strandarheiði að austanverðu. Inn á milli í hrauninu eru þó gróðurvinjar eða óbrennis-hólmar þar sem gjarnan má finna minjar, til að mynda um selstöður




Selsvellir. Á Selsvöllum var haft í seli frá bæjunum Stað og Húsatóftum, sem eru í nágrenni Grindavíkur. ©Ómar Valur Jónasson.

frá ýmsum tímum. Svipaða sögu er að segja af þeim hluta svæðisins sem er í landi Grindavíkurbæjar, en það er einnig hulið hrauni frá mismunandi tímum inn á milli fjallahryggja sem eru að mestu uppblásnir melar. Þar er þó einnig að finna nokkur gróin svæði sem nýtt hafa verið undir selstöður og sem beitolönd í gegnum tíðina. Rannsóknarsvæðið er einstaklega erfitt yfirferðar og þótt hér og þar megi finna rudda slóða þá eru þeir yfirleitt einungis færir stærri jeppum. Liggja fæstir þessara slóða nálægt minjastöðum á svæðinu og þurfti því að nálgast flesta þeirra fótgangandi.

Fólst vettvangsvinnan aðallega í því að gerðar voru uppmælingar á öllum sýnilegum fornleifum á þeim minjastöðum sem heimsóttir voru og þeir myndaðir í bak og fyrir með flýgildi. Var reynt að varpa uppmælingunum jafnóðum inn á kortavefsjá Minjastofnunar á meðan á verkefninu stóð.

Má segja að gildi fornleifaskráningar hafi sannast, svo ekki verður um villst, í tilviki þeirra jarðfræðilegu atburða sem áttu sér stað á Reykjanesskaga árið 2021, en einnig mikilvægi góðs aðgengis að skráningargögnum, enda fer ekki á milli mála að sú fornleifaskráning sem Sveitarfélagið Vogar og Grindavíkurbær höfðu látið vinna, flýtti umtalsvert fyrir undirbúningi þessa krefjandi verkefnis.

Alls voru skráðar 356 fornleifar á vettvangi, en fljótlega varð ljóst að stærsti minjaflokkurinn, og mögulega sá mikilvægasti, væru minjar um seljabúskap, en talið er að hátt í 400 sel, frá ýmsum tímum, sé að finna á Reykjanesskaga. Seljabúskapur var gríðarlega mikilvægur fyrir landbúnað á skaganum sökum rýrra landkosta enda er fjölda slíkra minja að finna á svæðinu. Sel, eða selstöður, voru staðir sem nýttir voru á sumrin – oft einnig kölluð sumarhús. Þangað var farið með



Príváðarlíkan af fiskbyrgi á Selatöngum. Skjáskot af vefsvæði Minjastofnunar á sketchfab.com.

búsmala, kindur og/eða kýr, til að halda þeim frá heimatúnum á meðan grassprettan var sem mest. Í seljum voru skepnurnar mjólk-aðar og mjólkinn unnin. Einnig eru vísbendingar um að fleiri athafnir hafi farið fram í seljum, s.s. nýting á öðrum auðlindum í umhverfinu. Í seljum voru hús sem hýstu þá sem þar dvöldu auk kvía/aðhalds (til að smala skepnunum í til mjalta), eldhús, geymslur/búr og jafnvel fleiri rými. Annar mikilvægur minjaflokkur sem kemur fast á hæla seljunum, hvað varðar fjölda minja, eru minjar um sjósókn, en það kemur þó ekki á óvart á Reykjanesskaga, enda er sú starfsgrein, enn þann dag í dag, ein sú mikilvægasta á svæðinu. Voru flestar minjanna í þessum flokki í landi Ísólfskála þar sem er að finna tvær verstöðvar, við Selatanga og í heimalandi jarðarinnar.

Lengi vel, eftir að fyrst gaus í Geldingadölum virtust minjar sleppa furðu vel frá þessum hamförum, en eftir að eldvirknin færðist yfir á Sundhnjúkagíga, var annað upp á teningnum og hefur Minjastofnun

haldið áfram að fylgjast með svæðinu, auk þess sem stofnunin hefur m.a. komið að ákvarðanatöku um staðsetningu varnargarða umhverfis Grindavík og Svartsengi. Ekki er þó ljóst að svo stöddu hversu mikið tjón hefur orðið á minjastöðum í gosunum í Sundhnjúkagígum.

Í ljósi þess að gosóróa er hvergi nærri lokið á Reykjanesskaga mun Minjastofnun halda áfram að afla gagna um minjar á svæðinu og skrá á vettvangi eftir þörfum. Hefur svæðinu verið skipt niður í áfanga, sem hefur verið forgangsraðað út frá líkindum á áhrifum af völdum eldsumbrota en ljóst er að mikið verk er fyrir höndum, sem er hvergi nærri lokið.

Oddgeir Isaksen,
verkefnisstjóri fornleifaskráningar,
Minjastofnun Íslands

Minjavarsla á Esjumelum

Ég útskrifaðist árið 2020, u.þ.b. þegar Covid tók yfir veröldina, úr meistaranámi í Safnafræði í HÍ. Ég fékk fljótlega vinnu á Borgarsögusafninu sem verkefnastjóri minjavörslu. Fyrst um sinn starfaði ég aðallega í varðveisluhúsnæði Árbæjarsafns við skráningar, ljósmyndun, rannsóknir og allskonar grúsk. Um vorið 2022 hélt ég svo utan um það verkefni að flytja alla stærri muni safnsins úr úreltu varðveisluhúsnæði yfir í nýtt og betra. Þetta tók um 5 vikur með góðum mannskap. Með þessu fékk safnið betri aðstöðu fyrir munina og ekki síst fyrir okkur starfsfólkið að umgangast þá. Það varð


svo úr að vinnustaður minn færðist til og mæti ég nú til vinnu á nýja staðinn á Esjumelum á hverjum morgni og hefst handa. Af nógu er að taka en safnið varð þess heiðurs aðnjótandi að fá öndvegissstyrk úr Safnasjóði 2024 til þriggja ára til þess að vinna þetta verk.

Heiman frá mér er um hálf tíma akstur í vinnuna, oft notaður til að hlusta á góða tónlist og njóta fyrsta kaffisopans. Á Esjumelum vinnum við tveir, ég og Karl, en við skiptum yfirleitt verkum á milli okkar. Hann er meira á gólfinu að vinna með munina og ljósmynda þá og ég

reyni þá að hjálpa með flutninga á þeim, því oft eru þetta stærðarinnar munir, þungir og fyrirferðamiklir. Annars fer stór hluti tíma míns í að sitja fyrir framan tölvuna, fullvinna myndir, rannsaka bakgrunn muna og skrá þá í Sarp. Nú fyrir utan að svara góðum slatta af tölvupóstum eins og gengur og gerist. Ýmis önnur störf hef ég á minni könnu, en ég er ritari í stjórn FÍSOS, fulltrúi BSS í stjórn Sarps, fulltrúi FÍSOS í Rannsóknasetri í safnafræðum og varamaður í stjórn SÍS, sambandi íslenskra sjóminjasafna. Það eru alger forrættindi að fá að leggja sitt



Annar slökkvibíllinn kominn í hús-Fordson, árgerð 1932, stigabíll.



Þorvaldur á vinnustað sínum á Esjumelum.

af mörkum á þennan hátt fyrir utan hvað það er skemmtilegt að kynnst nýju fólki sem starfar á mínu sviði.

Þegar flutningum var lokið í nýtt húsnæði í júní 2023 varð strax ljóst að nýja húsnæðið var þegar orðið fullt. Að sjálfsögðu fer mun betur um alla munina og aðgengi að þeim allt annað og betra. En betur má ef duga skal og alla daga læt ég mig dreyma um að stækka við okkur, líkt og allt safnafólk í minni aðstöðu. Það var því fremur skemmtileg áskorun að þurfa strax, á hveitibrauðsdögum Esjumela, að gera ráð fyrir og taka frá pláss fyrir að minnsta kosti tvo slökkvibíla á eftirlaunaaldri. Þeir komu svo loks í hús nú á vordögum og er enn von á fleiri gripum af þessum toga – þó aðeins umfangsminni en bílarnir.

Við reynum að halda í einhverja rútínu á Melunum, morgunkaffi og matur á sínum stað og það kemur fyrir að við fáum heimsóknir frá samstarfsfólki okkar eða starfsmönnum annara safna sem vilja koma og bera saman bækur sínar við okkar og deila hugmyndum og lausnum.

Að öðru leiti líða dagarnir hratt; það er auðvelt að láta mikinn fjölda muna og strembin verkefni auka hjartsláttinn, en í hvert skipti sem ég mæti á morgnana, þá er ég minntur á þau forréttindi sem ég nýt að geta starfað við það sem ég hef brennandi áhuga á og þar að auki hef menntað mig í.

Þorvaldur H. Gröndal, verkefnastjóri minjavörslu Borgarsögusafni Rvk.

Hafnarhús Kjarvalsstaðir Ásmundarsafn

Ópið daglega

listasafnreykjavikur.is

#listasafnreykjavikur

+354 411 6400

REYKJAVÍKUR
LISTASAFN
MUSEUM

Þurfum við Náttúruminjasafn?

Íslendingar eru vörslumenn um 42% af allra villtustu víðernum Evrópu. Víðerni Íslands eru einstök á heimsmælikvarða og þarfnast verndar, bæði náttúrunnar vegna og okkar sjálfra. Umhverfismál snúast um gildismat og til að taka stöðu með náttúrunni þarf að læra – á náttúruna og að sjálfbærni snýst um að viðhalda hringrás lífsins. Gildismat kemur ekki með móðurmjólkinni og það þarf að innleiða ákveðna undirstöðuþekkingu um umhverfismál á mótunarárum barna. Fyrst og fremst eru foreldrar ábyrgir fyrir því gildismati sem einstaklingur fer með sem veganesti út í lífið. Síðan taka menntastofnanir við og þá eru söfn ekki undanskilin. Við þurfum að sjá einstaklinga fara út í lífið með lágmarksþekkingu á umhverfismálum og vekja upp hughrif gagnvart náttúru Íslands, og við þurfum að innleiða ákveðna leið til að auka skilning á hvernig allt helst í hendur.

Söfn og vísindasetur geta gegnt lykilhlutverki til að miðla ábyrgum upplýsingum um umhverfismál því þau njóta trausts meðal almennings. Málefni sem snúa að loftlagsbreytingum eru áskorun sem söfn standa frammi fyrir og gefur þeim ákveðna sérstöðu því söfn eru einn af fáum samkomustöðum þar sem fólk, óháð aldri, stétt eða stöðu og með ólíkan bakgrunn mætist og getur átt skoðanaskipti á jafnréttisgrundvelli. Að fjalla um loftlagsbreytingar getur verið flókið því málefnið er marglaga og allir þræðir samfélagsins koma að þessu máli á einn eða annan hátt. Söfn hafa, í anda nýju safnafræðinnar, komið sterk til leiks varðandi umhverfis- og loftlagsmál og hérlandis hafa söfn sannarlega gert sig

gildandi í málefnum sem snúa að náttúruvernd á Íslandi.

Samkvæmt lista safnaráðs eru 46 viðurkennd söfn á Íslandi. Markmiðið með viðurkenningunni er að efla starfsemi safna við varðveislu menningar- og náttúruarfs Íslands, tryggja að honum verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, veiti fólki aðgang að honum og stuðla að aukinni þekkingu á þessari arfleifð og skilningi á tengslum hennar við umheiminn. Á þessum lista safnaráðs yfir viðurkennd söfn eru einungis þrjú söfn sem geta flokkast sem náttúruminjasöfn, þau eru: Grasagarðurinn í Reykjavík, Hvalasafnið á Húsavík og Náttúrufræðistofa Kópavogs.

Á listanum er ekki að finna Náttúruminjasafn Íslands, frekar en önnur höfuðsöfn. Frá árinu 2001 hefur Náttúruminjasafnið verið skilgreint sem eitt af höfuðsöfnum Íslands og á skv. lögum að vera móðursafn allra safna um umhverfismál. Lög um hlutverk safnsins frá 2011 segja m.a. að safnið sé fræðslu- og vísindastofnun sem sé ætlað að gegna miðlægu hlutverki við miðlun þekkingar og upplýsinga um náttúrufræðilegt efni og vera ráðgefandi gagnvart öðrum söfnum sem sýsla með náttúruna (lög um hlutverk Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007 og Safnalög nr. 141/2011).

Hvað sem veldur þeirri vanrækslu um að koma upp safni upp um náttúru Íslands þá má færa rök fyrir því að safnið, fjárhagur og húsakostur þess hefur verið háð duttlungum stjórn mála- og embættismanna á hverjum tíma þrátt fyrir heiðarlegar tilraunir velgjörðarmanna safnsins

til að koma því á legg. Saga safnsins er þyrnum stráð og speglar líka á margan hátt þær fjölmörgu baráttur sem hin ýmsu náttúruverndarsamtök og almenningur hefur háð fyrir náttúruna, gegn Kárahnjúkavirkjun, Laxárvirkjun, álbræðslum og sjókvíaeldi, svo eitthvað sé nefnt.

Þegar spurt er hvað valdi því að við Íslendingar teljum okkur hafa rétt til að beygja náttúruna undir okkur, nýtt hana eftir okkar eigin hentisemi á ósjálfbæran hátt þá kemur í hugann eftirfarandi orð Guðmundar Páls Ólafssonar (1941–2012) rithöfundar og náttúrufræðings:

Þú verndar aðeins það sem þú elskar, þú elskar aðeins það sem þú þekkir. Þú þekkir aðeins það sem þér er kennt.

Í þessum orðum er að finna kjarnann í því tilfinningalega tómarúmi sem oft ríkir í garð náttúrunnar hér á landi og umhverfismála almennt. Það er ekki hægt að elska það sem þú þekkir ekki og þú verndar aðeins það sem þú elskar. Þekking og upplýsingar eru grunnurinn að því að skapa forsendur til að standa í fæturna gagnvart frekari náttúru-spjöllum í nafni framfara, byggðastefnu og hagvaxtar.

Í þessu samhengi sagði Páll Skúlason heimspekingur (1945–2015) að við verðum að leggja rækt við samúðargáfuna, og það gerum við með því að leggja miklu meiri rækt við að kynna náttúruna og undur hennar fyrir börnum okkar. Að hér bráðvanti sérhæfða uppeldisstofnun sem stendur vörð um þekkingu á sviði náttúruvísinda og umhverfismála.

Guðmundur Páll sá fyrir sér Íslandssafn, og í tímaritinu *Náttúrufræðingurinn* (2010), skrifar hann:

„...safn sem er náttúra Íslands í sinni stórbrotnustu mynd, í munum, máli og myndum, samhengi náttúru fyrir-

bæra; safn sem er náttúra og þjóð í einum pakka, safn sem endurspeglar þjóðina sem í landinu býr, frumleika hennar, visku og virðingu gagnvart jörð sem hefur fósrað hana. Það er Íslandssafn. ...Að byggja safn sem er uppeldisstofnun þjóðar má líkja við hollt ástarsamband. Það á að bera vott um djúpa virðingu fyrir náttúru landsins en einnig kærleika til íbúa landsins um langa framtíð; ekki aðeins Íslendinga eða þess alþjóðasamfélags sem hér gistir – heldur til lífsins með öllum sínum stórkostlegu undrum og ævintýrum. Slíkt safn er ekki bara minjar heldur líf, hugmyndir, snilld mannhugans, glíman við fræði og fræðslu. Íslandssafn er safnið sem vitnar um þjóðina sem býr í landinu, þjóðina sem virðir og ann íslenskri náttúru og móður jörð. Íslandssafn er vitnisburður um það hver við erum og hve mikils við metum landið sem verður ávallt land þeirra sem það skulu erfa.“

Hér fangar Guðmundur Páll á einstakan hátt mikilvægi þess að eiga höfuðsafn um náttúru Íslands.

Þetta tómlæti gagnvart Náttúru-minjasafninu hefur ekki alltaf verið til staðar því fyrstu hugmyndir um íslenskt náttúru-minjasafn komu upp í Kaupmannahöfn árið 1887 þegar hið Íslenska náttúrufélag var stofnað sem skyldi geymt í Reykjavík. Árið 1887 voru landsmenn rétt um 73.000 og rúmlega helmingur þjóðarinnar bjó enn í torfhúsum og þrátt fyrir fátækt og mótlæti var mikil gerjun í sjálfstæðisvitund þjóðarinnar og ríkur vilji til að gera menningu verðskulduð skil sem lið í sjálfstæðis-baráttunni. Leiðin var torfær þá eins og nú, en menn gáfust ekki upp og í tímariti *Þjóðólfs* skrifar Stefán Stefánsson (1889) grasafræðingur og síðar skólameistari á Akureyri um nauðsyn þess að vera ekki eftirbátar Norðmanna sem á þessum tíma áttu mörg merk náttúrusöfn og eitt af þeim norður í Tromsø, á hala

veralðar, svo notuð séu hans orð. Hann lagði mikla áherslu á að stofna náttúru-minjasafn til að kynna fyrir landsmönnum einstaka náttúru Íslands, fjársjóði sem væru meira og minna huldir, og að bókleg náttúrufræðikennsla væri einskis virði án skoðunar og reynslu.

Árið 1934 kom Guðjón Samúelssonar fram með hugmyndir um háborgina á Skólavörðuholti, að þar myndu rísa opinberar byggingar eins og háskóli, stúdentagarður, og safnahús sem hýsa skyldi fornminjasafn, náttúrugripasafn og málverkasafn landsins og einnig samkomuhús sem væri bæði tónlistarhús og leikhús en Guðjón sá fyrir sér að byggja eitt safnahús fyrir þjóðarsöfnin austur af húsi Einars Jónssonar sem þá þegar hafði risið 1923.

Hugmyndin að Háborginni var sett í samhengi við menningarlega sjálfsmynd Íslendinga og framtíðarmarkmið. Sannarlega eru þarna háleitar og metnaðarfullar hugmyndir um að listasafn, fornminjasafn og náttúru-safn séu órjúfanlegur hluti af sjálfmynd Íslendinga.

Mikilvægi safna í samfélaginu er ekki síst vegna þess að þau minna okkur á hver við erum og hvað greinir okkur frá öðrum samfélögum. Menningararfleið fólks er að finna á söfnum og þess vegna hafa þau verið mikilvæg til að varpa ljósi á sjálfsmynd einstaklinga, verið nokkurs konar sameiningartákn. Fólki af ólíkum uppruna og trúarbrögðum hefur flutt milli landa og hefur orðið hluti af samfélögum þar sem áður ríkti einsleitni. Þetta hefur það í för með sér að hugtakið *sjálfsmynd þjóðar* hefur ekki lengur sömu merkingu og áður. Þetta kallar á að söfn útvíkki hugmyndafræðilega skilgreiningu á hvað er þjóð og hvað það er sem tengir fólk saman. Í tilviki Íslands þarf að spyrja hver er sjálfsmynd fjölmenningsamfélagsins sem byggir

þetta land. Færa má rök fyrir því að náttúra Íslands gegni lykilhlutverki sem sameiningartákn þeirra sem hér búa því við þurfum öll að beygja okkur undir náttúruöflin og njótum einnig gjöfylla auðlinda landsins.

Þegar litið er í baksýnisspegilinn og stöðu umhverfismála á Íslandi, þá er freistandi að spyrja hvort það hefur haft einhver áhrif að hér hefur ekki risið náttúru-minjasafn, flaggskip náttúrunnar. Hvort hér hafi alist upp kynslóðir stjórnmálamanna og almennings sem eru ólæs á náttúru landsins, að ósnert víðerni eru dýrmætari en röskuð og að lifandi hvalur er mikilvægari fyrir lífríki sjávar en veiddur hvalur.

Í þessu samhengi þá setti Náttúru-minjasafnið í London (e. *The Natural History Museum in London*) upp beinagrind af steypireyði í aðal sýningarsal safnsins árið 2017 og skipti þar út afsteypu af beinagrind risaeðlu sem hafði verið til sýnis í 35 ár. Breytingin var rökstutt með þeim orðum um að þetta væri mikilvæg og nauðsynleg breyting því steypireiður væri stærsta dýrategundin á jörðinni og minni fólk á hversu mikla ábyrgð maðurinn beri gagnvart jörðinni.

Við lifum á tímum þar sem umhverfisráðherra sem einnig er orkumálaráðherra segir að það séu hagsmunir þjóðarinnar að reisa Hvammsvirkjun og til að koma á orkuskiptum fyrir árið 2030 þurfi að færa fórnir, flytja fjöll úr landi, virkja meira, flytja inn CO2, henda trjákurli í hafið og setja upp 500 vindmyllur. Að við Íslendingar þurfum að axla ábyrgð í loftlagsmálum, til að vernda náttúruna þurfi að fórna náttúrunni.

Sami ráherra segist aðspurður vera þeirrar skoðunar að náttúran hafi sterkt umboð í samfélaginu og hún þurfi ekki sérstakan umboðsmann. Hér er gott tækifæri fyrir Náttúru-

minjasafnið að fylla upp í það tómarúm sem augljóslega er til staðar því náttúran þarf talsmann til að túlka þetta umboð sem ráðherrann bendir á.

Gera má þá kröfu að Náttúru-minjasafnið standi fast í fæturna með náttúrunni þegar upp koma deilumál um hvar skal virkja, vernda, friðlýsa og affriða og stuðla að uppbyggjandi fræðslu og umræðu um að sjálfbærni þýðir einfaldlega það að koma náttúru landsins í betra ásigkomulagi til þeirra sem munu landið erfa. Við megum ekki við fleiri óafturkræfum náttúrspjöllum á okkar fallega landi í nafni hagvaxtar og orkuskipta.

Þjartir tímar eru framundan en nýtt safnahús Náttúru-minjasafns Íslands við Safnatröð er staðsett á einstökum stað fyrir náttúrufræðisafn vegna

nálægðar við lítt spillta náttúru sem er fágæt í borgarlandinu. Nálægð við hafið og lífríki sjávar, óspillt strandlengja, friðland fugla í Bakkatjörn. Landselir venja komu sína við strandlengjuna sunnan og norðanmegin og á góðum degi sjást stöku sinnum hnúfubakar, háhyrningar og hrefnur. Akrafjall, Skarðsheiði, Esjan, Hengill, Bláfjöll og Reykjanesskaginn eru öll í sjónmáli, hvert með sínu sérstaka sniði og merku jarðsögu og þegar horft er til suðurs frá Safnatröð blasir við eldfjallaröðin á Reykjanesskaganum sem er vaknaður eftir 800 ára hvíld. Reykjanesskaginn kallast á við Snæfellsnesið til vesturs, þar sem Snæfellsjökull teygir sig tignalega til himins. Ekki einungis er útsýnið stórkostlegt frá safni sem er höfuðsafn náttúrminja á Íslandi, heldur verður í rauntíma hægt að fylgjast

með breytingum á snjólinu Snæfellsjökuls, en vegna loftlagsbreytinga verður jökullinn væntanlega horfinn árið 2050. Ljóst er að nálægð safnsins við lítt spillta náttúru opnar á mjög áhugaverða möguleika til að vinna með náttúru staðarins utandyra og tengja við sýningar safnsins, rannsóknar- og fræðslustarf og gefur mikla möguleika á útikennslu utandyra með skólabörnum.

Það er ósk mín að stjórnmálamenn hafi hugrekki til að sjá til þess að frekari tafir verði ekki á opnun safnsins sem áætlað er að verði tilbúið árið 2025, tæpum 140 árum eftir stofnun þess í Kaupmannahöfn.

Andrea Pormar, safnafræðingur



Íslensku safnaverðlaunin 2024

Það var hátíðleg stund í Safnahúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík þegar Íslensku safnaverðlaunin voru afhent við glæsilega athöfn í 14. skiptið á alþjóðlega safnadaginn 18. maí sl. Þær fjölmörgu útnefningar sem bárust endurspegla þróttmikið, fjölbreytt en ekki síst faglegt safnastarf. Það var því ánægjulega erfitt verkefni sem valnefndin hafði fyrir höndum. Hana skipuðu fulltrúar FÍSOS og Íslandsdeildar ICOM; Bergsveinn Þórsson, Helga Einarsdóttir, Sigríður Örvarsdóttir og Sigrún Kristjánsdóttir auk fulltrúa sigurvegara 2022, Haraldur Þór Egilsson.

Það var hvorki létt verk fyrir nefndina að velja fimm söfn úr þessum öflugu útnefningum né sigurvegarann. Stuðst var við matskvarða síðustu tveggja nefnda í ferlinu og á fundum nefndarinnar fór fram ítarleg umræða þar til einhugur var um sigurvegara.

Tilnefnd voru; *Gerðarsafn* fyrir tengingu milli innra og ytra safnastarfs. *Listasafn Íslands* fyrir „Sjónaraflþjálfun í myndlæsi“. *Sauðffjársetrið á Ströndum* fyrir samfélagslega nálgun í safnastarfi. *Þjóðminjasafn Íslands* fyrir sýninguna „Með verkum handanna: Íslenskur refilsaumur fyrri alda“, ásamt útgáfu og dagskrá.

Það var að lokum Listasafn Reykjavíkur sem hlaut Íslensku safnaverðlaunin fyrir framsækið miðlunarstarf. Í rökstuðningi voru m.a. talin upp miðlunarverkefni eins og *Myndlistin okkar*, *Listin talar tungum*, *Tökum höndum saman*, *Útilist í Reykjavík*, *Myndlistin þeirra*, *Geymt dót tekur pláss*,

Flökkusýningar, *Abrakadabra* og *Leikum að list*. Ennfremur sagði:

„Grunnstef í miðlun Listasafns Reykjavíkur er að allir geti tengst myndlist í fortíð og samtíma á eigin forsendum. Gestir safnsins á öllum aldri, af ólíku þjóðerni og mismunandi áhuga eða getu eru hvattir til að skoða, uppgötva og ekki síst til þátttöku í miðlunarstarfi safnsins. Safnið leitast við að sníða sýningar og aðra miðlun með það að markmiði að skapa borgarbúum og öðrum gestum innihaldsríkar og ánægjulegar myndlistastundir. Aðgengi og inngilding er leiðarljós í fjölbreyttum miðlunarleiðum Listasafns Reykjavíkur“.

Miðlunarstarf stendur og fellur með starfsfólkinu. *Þjónustuhandbók Listasafns Reykjavíkur* setur fram metnaðarfull markmið við móttöku gesta og er til fyrirmyndar í að hvetja starfsfólk á einfaldan og skýran hátt um mikilvægi viðhorfs og framkomu gagnvart gestum. Handbókin veitir öllu starfsfólki fræðslu og lykla að því hvernig veita skuli framúrskarandi þjónustu. Í miðlunarstarfi sínu sýnir Listasafn Reykjavíkur mikinn metnað og nýsköpun til að ná til ólíkra markhópa safnsins á framúrskarandi hátt.

Hugleiðingar formanns.

Í ferlinu komu fram ýmsar hugmyndir sem ég slengi hér fram á eigin ábyrgð. Þegar horft var yfir útnefningar í heild, auk þeirra sem hafa verið tilteknar hér á undan, er ljóst að það væri hægt að fjölga verðlaunaflokkum. Frá því stofnað var fyrst



Starfsfólk Listasafns Reykjavíkur að lokinni verðlaunaf afhendingu. ©Kristín S. Pétursdóttir.

til Íslensku safnaverðlaunanna hefur safnastarf blómstrað og vaxið og kominn tími til að huga að breytingum á fyrirkomulagi verðlaunanna. Það væri til að mynda auðvelt að bæta við verðlaunum fyrir tiltekna sýningu. Þá mætti veita viðurkenningu fyrir fræðslustarf, samfélagstarf og einstök verkefni. Jafnvel væri hægt að tilkynna um heiðursfélaga FÍSOS á verðlaunahátíðinni. Það er alltaf gott að fá viðurkenningu á vel unnum störfum, ekki síst frá samstarfsfélögum. Þetta væri líka vænleg leið til að vekja athygli fjölmiðla á því atorkumikla starfi sem fram fer á söfnum landsins.

Haraldur Þór Egilsson,
safnstjóri Minjasafnsins
á Akureyri og tengdra safna

Verkefni Bláa skjaldarins á Íslandi

Landsnefnd Bláa skjaldarins á Íslandi (LBSÍ) var stofnuð 24. október 2014 og fagnar því 10 ára afmæli í ár. Nefndin er hluti af Alþjóðsamtökum Bláa skjaldarins (*Blue Shield International*) sem stofnuð voru árið 1996 til að vinna að verndun menningarverðmæta í skugga stríðsátaka og náttúruhamfara. Grundvöllurinn að starfi Bláa skjaldarins er Haag sáttmálinn frá 1954 um vernd menningarverðmæta í vopnuðum átökum og vísar nafn samtakanna til bláa litarins í merki sáttmálans.

Stofnendur Alþjóðasamtaka Bláa skjaldarins voru aðilar alþjóðasamtaka safna (ICOM), menningarminjastaða (ICOMOS), skjalasafna (ICA) og bókasafna (IFLA), en fulltrúar sömu samtaka hér á landi stóðu einnig að stofnun LBSÍ haustið 2014. Landsnefndin er í dag skipuð fulltrúum frá þessum aðilum, fjórum aðalfulltrúum og fjórum til vara. Skipan og viðfangsefni nefndarinnar spannar því öll svið menningarverðmæta

s.s. lista- og minjasöfn, bókasöfn og skjalasöfn og er sú staðreynd mjög mikilvæg til að ná yfir sem breiðasta þekkingu á menningararfinum.

Meginmarkmið Bláa skjaldarins
Samkvæmt samþykktum LBSÍ vinnur nefndin að markmiðum Alþjóðasamtaka Bláa skjaldarins um viðbragðs-áætlanir og vernd menningararfs heimsins í hættuástandi vegna vopnaðra átaka eða náttúruhamfara. Markmið landsnefndarinnar hefur einnig verið að stofna almannahæilla-félag sem starfar á sviði þjóðlegrar og alþjóðlegrar verndar menningarverðmæta. Hefur verið horft til þess að slíkt félag gæti haft á sínu forræði eða átt aðild að sérstakri björgunarsveit sem gæti aðstoðað við björgun á menningararfi.

Jarðvegurinn undirbúinn
Segja má að á undanförnum tíu árum hafi landsnefndin einkum unnið að verkefnum til að auka meðvitund um vernd menningararfsins

hér á landi og hverju þurfi að huga að. Má líkja þessu við mikilvæga jarðvegsvinnu fyrir frekari ræktun í þessum málaflokki.

Unnið hefur verið að söfnun og miðlun hagnýtra upplýsinga um varðveislu og vernd menningarverðmæta t.d. í gegnum heimasíðu nefndarinnar, með miðlun efnis á samfélagsmiðlum (Facebook og YouTube) og með erindum og gerð leiðbeininga. Nefndin, og einkum nefndarfólk, hefur einnig þjónað sem mikilvægur tengiliður við sérfræðinga út í heimi einkum í gegnum tengslanet Alþjóðasamtakanna. Þá hefur nefndin stuðlað að virku samtali um varðveislu og björgun með ýmsum leiðum t.d. með fundum með hagaðilum og einnig skipulagningu stærri funda á borð við málþing nefndarinnar um vernd menningararfsins sem fram fór í Reykjavík í maí 2022.

Landsnefndin hefur að auki hvatt íslensk stjórnvöld með ýmsum leiðum til að fullgilda Haag sáttmálann frá 1954. Fyrir daga landsnefndarinnar hafði stjórn Félags héraðsskjalavarða hreyft við málinu, t.d. með bréfflegri áskorun til mennta- og menningarmálaráðherra í mars 2012. Annar mikilvægur áfangi voru tvær þingsályktunartillögur að frumkvæði



Nathalie Jacqueminet forvörður flytur erindi um Bláa skjöldinn á fjölmennu málþingi um vernd menningarverðmæta vorið 2022. Nathalie átti frumkvæðið að myndun nefndarinnar og hefur verið mikilvægur drifkraftur í starfi hennar. ©Heiðar Lind.



Merki Bláa skjaldarins á Íslandi.



Ad mörgu þarf að huga að þegar kemur að þjálfun og fræðslu í neyðarviðbragði og björgun menningarminja. Myndin er tekin frá námskeiði í björgun safngripa á vegum Borgarsögusafns í fyrria. ©Nathalie Jacqueminet.

Njarðar Sigurðssonar á Alþingi 2018–2020 um fullgildingu sáttmálans. Þó Alþingi hafi ekki samþykkt tillögurnar var framlagning þeirra þýðingarmikil í því að setja málefnið á dagskrá. Fullgilding náðist loks í árslok 2022 og hefur Ísland þar með tekið á sig þær skuldbindingar sem hún hefur í för með sér m.a. að virða eigin menningararf og annarra. Aðrar skyldur samkvæmt sáttmál- anum eru mikilvægar ráðstafanir um vernd menningarverðmæta s.s. með gerð neyðaráætlana, skráningu og skilgreiningu þýðingarmikilla menningarminja og stuðla að verk- efnum til að tryggja vernd menn- ingarverðmæta og auka meðvitund um þau mál. Stjórnvöld vinna nú að undirbúningi útfærslunnar og er unnið að þeim málum á vettvangi menningar- og viðskiptaráðuneytis og Safnaráðs.

Stóru verkefni nefndarinnar

Yfirgripsmestu verkefnin hafa þó verið á því sviði að búa til vettvang fyrir menningarstofnanir til að vinna saman að öryggismálum. Þar má fyrst nefna svokallað Pilot verk- efni: *Uppbygging viðbragðsáætlana við vá í Norðurlöndum 2017–2018* sem unnin var af Nathalie Jacqueminet forverði og Sif Jóhannesdóttur þjóðfræðingi.

Markmið verkefnisins var einkum að skoða hvort neyðaráætlanir safna dugi til að bjarga safnkosti við ham- farir, hvort slíkar áætlanir voru til og kanna hverjir það eru sem koma að björgun gripa. Út frá þessari grein- ingu voru gerðar tillögur til úrbóta og um leið var tilgangurinn að leggja til beinagrind og ferla fyrir aðrar menn- ingarstofnanir að fara í gegnum.

Í verkefninu var ákveðið að taka út starfsemi Safnahússins á Húsavík sem er hluti af Menningarmiðstöð Þingeyinga en safnið þótti uppfylla nauðsynleg skilyrði sem menningar- stofnun, þ.e. ber ábyrgð á minjum, bókasafni, skjalasafni, er viðurkennt safn af Safnaráði og er staðsett á áhættusvæði vegna náttúruvár. Verkefnið gekk vel en finna má skýrsluna, sem kom út árið 2018, á vefsíðu landsnefndarinnar.

Annað verkefni á þessu sviði hefur verið skipulagning á námskeiðum um gerð viðbragðsáætlana undir stjórn Nathalie Jacqueminet forvarðar þar sem fjallað hefur verið um áhættumat og rýmingar- áætlanir. Slík námskeið fóru t.d. fram fyrir safnafólk á Suðurlandi haustið 2018 og á Vestfjörðum sum- arið 2020 og voru vel sótt.

Hvað er framundan?

Hugur er í Landsnefndinni að vinna áfram að framgangi þeirra mark- miða sem Blái skjöldurinn stefnir að og byggja um leið á þeirri vinnu sem átt hefur sér stað á síðustu tíu árum. Í haust mun Blái skjöldurinn t.d. standa að tveggja daga nám- skeiði með Félagi norrænna forvarða á Íslandi (NKF-IS) um björgun safngripa með sérstakri áherslu á vatnstjón. Námskeiðið fer fram á Árbæjarsafni í Reykjavík og er ætlað safnafólki á listasöfnum, minjasöfnum, skjalasöfnum og bókasöfnum á höfuðborgarsvæðinu og nærliggjandi svæðum. Ætlunin er síðan að halda sama námskeið á Akureyri vorið 2025 fyrir safnafólk á Norðurlandi. Námskeiðið er eitt dæmi af mörgum samstarfsverkefnum sem Blái skjöldurinn hefur átt með fagfélögum safnafólks í landinu.

Almennt má segja að meiri skilnings gæti hjá stjórnvöldum í kjölfar full- gildingar Haag sáttmálans sem ætti að gefa fyrirheit um að meira verði lagt í verkefni tengd vernd menn- ingarverðmæta á Íslandi á næstu misserum. Landsnefndin horfir m.a. til þess að hafin verð notkun á merki Bláa skjaldarins á Íslandi til að merkja söfn og sögulegar byggingar skv. forskrift Haag sáttmálans.

Landsnefnd Bláa skjaldarins á Íslandi 2023–2025

Aðalfulltrúar:

Heiðar Lind Hansson, formaður (ICA)
Sólrun Inga Traustadóttir,
varaformaður (ICOMOS)
Guðný Ragnarsdóttir, gjaldkeri (IFLA)
Inga Jónsdóttir, ritari (ICOM)

Varafultrúar:

Karen Sigurkarsdóttir (ICA)
Ágústa Kristófersdóttir (ICOMOS)
Guðný Kristín Bjarnadóttir (IFLA)
Nathalie Jacqueminet (ICOM)

Heimasíða: www.blaiskjoldurinn.is

Heiðar Lind Hansson, formaður

„Ég hélt ég hefði lent á tunglinu“

Þjóðháttasöfnun á frásögnum pólskra Íslendinga

Árið 2022 bauðst Þjóðminjasafni Íslands þátttaka í evrópsku samstarfsverkefni með borgarsögusafni Varsjárborgar og var verkefnið styrkt af Uppbyggingarsjóði EES. Í verkefninu var lögð áhersla á ljósmyndasafnkost safnanna, enda bæði söfnin með stórar ljósmyndadeildir og öflugt starf á því sviði. Samhliða tók Þjóðminjasafnið ákvörðun um að fara í markvissa söfnun þjóðhátta þeirra Pólverja sem búa á Íslandi. Hér verður sagt frá þeirri söfnun og þeim lærdómi sem fylgt hefur söfnunarferlinu.

Prins Póló og pólskar pylsur

Einstaklingum á Íslandi með pólskt ríkisfang hefur fjölgað mikið á undanförunum áratugum, en samkvæmt Hagstofu Íslands voru þeir 22.693 á Íslandi þann 1. janúar 2024. Þá eru ekki taldir aðrir hópar sem eiga rætur að rekja til Póllands, til dæmis fólk sem hefur tekið upp íslenskt ríkisfang. Heildarfjöldi fólks með pólskan bakgrunn á Íslandi er því meiri en opinberar tölur gefa til kynna.

Áhrifa pólskra Íslendinga gætir víða í samfélaginu. Þeir eru þátttakendur á íslenskum vinnumarkaði, sækja íþróttaleiki og menningarviðburði, fara í sund og í bíó. Verslanir með pólska matvöru finnast víða og Prins Póló og pólskar pylsur eiga sér fastan sess í mataræði landsmanna. En þetta er ekki einsleitur hópur og er markmið söfnunarinnar að safna frásögnum fólks með pólskan bakgrunn af þeirra veru á Íslandi

hvort sem um tímabundna eða fasta búsetu er að ræða og upplifun þeirra af því, hvað það sé að vera Pólverji á Íslandi. Ætlunin er að söfnunin standi til næstu áramóta og verður efnið sem safnast hluti af safnkosti Þjóðminjasafnsins og muna nýttast áhugasömum til fjölbreyttra rannsóknna á því hvernig sé að búa á Íslandi með pólskan bakgrunn.

Ekki er hægt að fara í söfnun sem snýr að ákveðnum samfélagshópi, líkt og þessi rannsókn gerir, án þess að fá fulltrúa þess hóps til samstarfs við sig. Fékk safnið því Önnu Wojtyńsku mannfræðing og rannsóknarsérfræðing við Háskóla Íslands í samstarf, enda er hún sjálf fædd og uppalin í Póllandi en býr nú á Íslandi. Hún hefur rannsakað málefni sem snúa að pólskum innflytjendum á Íslandi í tæp tuttugu ár og var því upplagt að fá hana til að útbúa spurningaskrá í samstarfi við starfsfólk safnsins.

Tæknilegt flækjustig

Við undirbúning verksins var nauðsynlegt að skoða þau tæki og töl til þjóðháttasöfnunar sem Þjóðminjasafnið býr yfir. Safnið hóf að safna þjóðhättum upp úr 1960 með því að senda út spurningaskrár til valinna heimildamanna sem svöruðu skránum bréfléiðis. Þau bréf eru kjarni þess safnkosts sem fellur undir þjóðháttasafnið. Með tilkomu Sarps var farið að slá svörin inn og vista rafrænt og frá því að vefur

Sarps opnaði 2013 hefur aðgengi að þjóðháttasvörunum verið gott. Sarpur býður jafnframt upp á að spurningaskrár séu sendar út rafrænt og geta heimildamenn svarað beint í gagnagrunninn, sem starfsfólk safnsins fer svo yfir áður en gögnin birtast opinberlega á síðunni.

Strax í upphafi var ljóst að mikilvægt væri að bjóða upp á að svara spurningaskrá um tilveru Pólverja á Íslandi á bæði pólsku og íslensku. Því miður býður Sarpur ekki upp á slíka möguleika eins og staðan er í dag og því þurfti að finna aðra lausn. Niðurstaðan varð að útbúa sérstaka undirsíðu á heimasíðu Þjóðminjasafnsins, www.thjodminjasafn.is/polski, þar sem hægt var að hlaða skránni niður á íslensku, pólsku og ensku. Samhliða var útbúið sérstakt netfang, polski@thjodminjasafn.is, til að taka við svörum í tölvupósti. Hugmyndin var að bæði heimasíða og netfang væri gagnsætt og auðvelt að muna.

Að ná til fólks

Erfiðasti hjalli verkefnisins voru tungumálaörðugleikar. Umsýsla verkefnisins var hjá þjóðháttasafni Þjóðminjasafnsins þar sem er enginn pólskumælandi starfsmaður. Því gat verið seinvirkir að útbúa og leiðrétta texta, til dæmis fyrir heimasíðu, í auglýsingar og aðrar kynningar.

Næsta stóra verkefni var að ná til þeirra hópa sem gátu svarað spurningaskránni. Til þess voru sam-

félagsmiðlar nýttir óspart en til eru margir virkir hópar Pólverja sem búa á Íslandi á miðlum eins og Facebook. Haft var samband við fjölmiðla og birtust viðtöl m.a. í Morgunblaðinu, á Rás1 og Rás2, á vefmiðlum RÚV, á pólskri heimasíðu RÚV og að auki í pólska hlaðvarpinu Wyspa. Haft var samband við pólska sendiráðið sem tók vel í verkefnið og dreifði upplýsingum í gegnum sitt tengslanet.

Í Þjóðminjasafninu var sett upp sýning í mars sem byggði á þeim svörum sem þá höfðu borist við spurningaskránni. Vakti sýningin bæði athygli og lukku. Jafnframt var boðið upp á vel sótt leiðsögn á pólsku um grunnsýningu Þjóðminjasafnsins eftir að söfnunin fór af stað, listasmiðju fyrir börn með pólskri áherslu og fleiri viðburði með pólsku ívafi.

Önnur leið sem nýtt var til að vekja athygli á söfnuninni var að prenta dreifibréf og nafnspjöld með QR-kóða sem vísar beint á heimasíðu verkefnisins. Farið var með þessi bréf og spjöld í sundlaugar, pólskar verslanir, á bókasöfn og fleiri staði þar sem ætla má að fólk sæi auglýsingarnar. Nafnspjöldin voru einnig höfð frammi í safninu sjálfu og dreift til gesta sem mættu á pólska viðburði sem boðið var upp á.

Meðan spurningaskráin var í vinnslu sótti Þjóðminjasafnið í samstarfi við Árnastofnun í Nýsköpunarsjóð námsmanna og fékkst þar styrkur til að ráða Martynu Ylfu Suszko meistara-nema í þjóðfræði sumarið 2023, til að taka viðtöl við Pólverja á Íslandi um valdar pólskar hefðir sem þeir leggja rækt við hér á landi. Þessar skrár eru nú aðgengilegar innan um skráningar á öðrum íslenskum hefðum, s.s. þjóðtrú sjómanna og laufabrauðsskurði, á heimasíðunni *Lifandi hefðir* sem heldur úti skrá yfir óáþreifanlegan menn-ingararf á Íslandi.



Börn af pólskum uppruna grilla pylsur yfir opnum eldi á árlegum barnadegi á Reyðarfirði. ©Joanna Styczen.

Viðtökur og svörun

Allt frá upphafi hafa viðtökur á verkefninu verið góðar. Ljóst er að verkefnið er þarft og að Pólverjar á Íslandi eru þakklátir fyrir að Þjóðminjasafnið sýni lífi þeirra og frásögnum athygli. Í samtölum við starfsfólk safnsins lýsa þau því hvernig þessi viðleitni safnsins ýti undir inngildingu og þá upplifun að vera „alvöru“ þátttakandi í íslensku samfélagi en ekki bara á hliðarlínunni sem útlendingur. Prentuðu nafnspjöldin hafa rokið út og spurningaskráin hefur verið skoðuð á fimmta hundrað sinnum á heimasíðu safnsins. Svörun hefur þó ekki verið alveg í samræmi við þann áhuga sem spurningaskráin hefur vakið og er vert að velta fyrir sér hvers vegna svo sé. Bent hefur verið á að sumum mögulegum heimildamönnum þyki óþægilegt að veita svo persónulegar upplýsingar um sjálfa sig til opinbers aðila á borð við Þjóðminjasafnið, jafnframt að fólk finnist þeirra frásögn ekki nógu áhugaverð eða merkilega til að eiga heima í slíku safni. Mögulega er ástæðan einfaldlega sú að fólk

vex í augum að setjast niður og gefa skriflegt svar. Þetta er eitthvað sem sést í svörun við spurningaskránni Þjóðháttasafnsins almennt og er ekki endilega tengt þessu verkefni sérstaklega. Greina þarf hvers vegna svör eru ekki að skila sér til safnsins og hvernig hægt sé að bæta úr því. Vel hefur gefist að fjölga svörum með því til dæmis að hafa happdrætti þar sem dregið er úr innsendum svörum. Eins hefur gefist vel að safna efni með viðtölum við heimildafólk. Breyttir tímar kalla á breytt verklag og safnið þarf að aðlagast sig að því.

Svörin sem borist hafa eru einkar áhugaverð og gefa fjölbreytta, skemmtilega og stundum sársaukafulla sýn á hvað það sé að vera innflytjandi á Íslandi. Ferlið hefur allt verið einkar lærdómsríkt og mun þjóðháttasafnið nýta sér reynsluna við þróun nýrra leiða og verkfæra í þjóðháttaöfnun í framtíðinni svo hægt verði að safna efni um sem fjölbreyttastan hóp íbúa á Íslandi.

Helga Vollertsen,
sérfræðingur í þjóðháttaafni

Með eldsumbrot í bakgarðinum

Viðbrögð Byggðasafns Reykjanesbæjar við náttúruvá

Byggðasafn Reykjanesbæjar býr yfir nokkuð umfangsmiklum safnkosti, ríflega 23.000 munum og um hálfri milljón ljósmynda. Safnið hefur sýningar í Duus safnahúsum en skrifstofur og varðveisluhúsnæði hefur um árabil verið í Innri-Njarðvík, í húsi sem kennt er við trésmiðjuna Ramma. Í nóvember 2023 var undirritaður samningur um nýtt varðveisluhúsnæði fyrir söfnin í Reykjanesbæ sem staðsett er á Ásbrú, fyrrum varnarsvæði bandaríska hersins við Keflavíkurflugvöll. Húsið var formlega afhent í júlí 2024 og er nú unnið að því að flytja safnkostinn og koma honum fyrir í nýju húsi. Aðdragandinn að flutningunum var allnokkur. Árið 2022 var gerð þarfa- og valkostagreining fyrir nýtt húsnæði sem myndi leysa það eldra af hólmi. Ástæðan var fyrst og fremst sú að aðstæðum í þáverandi húsnæði var ábótavant og það hentaði illa fyrir starfseminu. Í þarfagreiningu og hönnun hússins

var áhersla lögð á að tillit yrði tekið til vár af völdum náttúruhamfara, þá sérstaklega eldsumbrota og jarðhræringa, enda ljóst að búast megi við eldgosum á Reykjanesskaga næstu ár eða áratugi. Starfsfólk safnsins hefur þurft að bregðast við ýmis konar ógnunum síðan eldsumbrotin hófust og var reynsla síðustu ára nýtt við hönnun hússins svo aðbúnaður þar auðveldi viðeigandi viðbrögð. Staðsetning hússins var einnig valin þannig að engin hætta væri á hraunflæði eða vatnsflóði.

Hér verður greint frá áskorunum sem safnið hefur glímt við frá því að eldsumbrot hófust á Reykjanesskaga, viðbrögðum starfsfólks við ófyrirséðum aðstæðum og hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar vegna náttúruvárs í nýju húsnæði.

Jörð skelfur (og munir með)

Í aðdraganda eldgosanna hafa óflugar jarðskjálftahrinur skekið

landið og ljóst að ekki sér fyrir endann á þeirri atburðarás. Því var ljóst að huga þyrfti að fallvörnum í varðveislurými safnsins. Sem betur fer hefur enn sem komið er ekki hlotist neinn skaði af jarðhræringunum og munir ekki hreyfst til í hillum. Ekki þýðir þó að sofa á verðinum enda ekki aðeins varðveisla safngripa í húfi heldur öryggi starfsfólks.

Safnið sótti um styrk í safnasjóð 2023 til að bæta fallvarnir vegna jarðskjálfta. Í aðdraganda verkefnisins fór starfsfólk safnsins í skoðunarferðir í varðveisluhúsnæði Þjóðminjasafns Íslands og Borgarsögusafns til að skoða hvernig fallvarnir hafa verið útfærðar þar. Prófaðar voru nokkrar útfærslur en sú aðferð sem hentaði aðstæðum safnsins best var að notast við strekkibönd. Á hillum eru þau fest með krókum sitt hvoru megin á stöðum. Auðvelt er að losa böndin og festa þau auk þess sem þau þola nokkurn þunga. Til að koma í veg fyrir að munir falli til hliðar var ákveðið að nýta plexigler sem til var í safninu. Það var sagað til svo það passaði í gaflinn á hillum og fest með benslum. Fyrir stærri flata muni voru keyptar víramottur. Þær nýtast m.a. til þess að hengja flata muni, málverk og innrammaðar ljósmyndir upp. Í rekkum eru stærri strekkibönd einnig notuð þvert á milli stöða en í stað þess að nota króka er bandið leitt umhverfis allt hillubilið. Einnig eru strekkibönd notuð til að festa stærri muni við pallettur í rekkunum.

Þegar leitað var að hentugu varðveisluhúsnæði var lofthæð einn af þeim þáttum sem voru skoðaðir. Í ljósi jarðskjálftahættu hugnaðist starfsfólki safnsins ekki að flytja í húsnæði þar sem munir yrðu geymdir í mikilli hæð. Í nýja varðveisluhúsinu er lofthæð undir fjórum metrum og verða munir því geymdir í minni hæð en í núverandi húsnæði.



Eldgosið sem hófst 22. ágúst 2024 sést vel frá nýju varðveisluhúsnæði safnanna í Reykjanesbæ.
©Sigurður Helgi Pálmason.



Starfsfólk safnsins setur upp hillur í nýju húsnaði. ©Sigurður Helgi Pálmason.

Nú þegar verið er að raða í hillur og rekka að nýju er þess gætt að þyngri hlutir séu hafðir neðarlega í hillum og rekkum samhliða því að fallvarnir eru settar upp. Þó aldrei verði hægt að girða fyrir tjón af völdum snarpra jarðskjálfta þá getur fyrirbyggja og útsjónarsemi ásamt góðum frágangi komið í veg fyrir tjón og slys að einhverju leyti.

Ósýnileg ógn

Engin hætta hefur verið á hraunflæði í nágrenni við húsnaði Bygðasafns Reykjanesbæjar og jarðfræðilegar aðstæður eru þannig að eldgos mun ólíklega hefjast innan bæjarmarka. Aftur á móti hefur gasmengun borist yfir Reykjanesbæ þegar eldgos hafa staðið yfir. Með gosmekkinum berst brennisteinstvíoxíð (SO_2) í andrúmsloftið. Gasið veldur því að gripir hrörna hraðar en ella. Meðal þeirra gripa sem eru sérlega viðkvæmir fyrir áhrifum brennisteinstvíoxíðs eru ljósmyndir með silfri, málmgripir, litir í vefnaði, leður og ýmis konar textíll. Gasið getur einnig breyst í brennisteinsýru (H_2SO_4) sem hefur neikvæð áhrif á lífræn efni. Gasmengunin á greiða leið inn í húsnaði ef ekki eru kolasíur á loftræstikerfi (Sandra Sif Einarasdóttir o.fl. 2021).

Í safnkosti Bygðasafns Reykjanesbæjar er umtalsvert magn gripa sem geta orðið fyrir skaða af gasmengun sem þessari. Sérstök áhersla var lögð á að vernda ljósmyndir fyrir áhrifum gasmengunar enda geymir safnið töluverðan fjölda af ljósmyndum. Varðveisluhúsnaðið í Ramma er stórt en hefur þann galla að það býður ekki upp á mikla aðgreiningu gripa því allur safnkosturinn er geymdur í einu alrými. Engar kolasíur voru á loftræstikerfinu svo gera mátti ráð fyrir að styrkur gasmengunar innan dyra væri sambærilegur við styrkinn fyrir utan húsið. Ekki var raunhæft að fá kolasíur í Ramma og var þá brugðið á það ráð að pakka viðkvæmustu gripaflokkunum inn í plast. Ljósmyndirnar eru hafðar í skjalaskápum og var þeim pakkað inn eftir bestu getu. Hafa þarf þó í huga að myndirnar sjálfar geta gefið frá sér gös sem flýta fyrir niðurbroti þeirra og því óæskilegt að hafa þennan umbúnað til langframa. Auk þess heftir hann aðgengi að myndunum sjálfum.

Það var því sérstakt áhersluatriði að tryggja að kolasíur væru á loftræstikerfinu í nýju húsi. Þar að auki er gasslökkvikerfi í þeim hluta sem geymir ljósmyndir og málverk sem

gerir það að verkum að rýmið er að mestu loftþétt. Framvegis fela því viðbrögð við gasmengun aðeins í sér að takmarka aðgengi að þessu rými á meðan gasmengun er mikil enda ætti kolasían að halda úti öllum óæskilegum gastegundum samhliða því að viðhalda eðlilegum loftskiptum.

Þegar það ólíklega gerðist

Líkt og alþjóð veit rann hraun yfir Njarðvíkuræð sem flytur heitt vatn frá Svartsengi í Reykjanesbæ í febrúar 2024. Varð það til þess að heitt vatn fór af bænum í fjóra sólarhringa. Kalt var í veðri þessa daga og því nokkur áskorun að halda hita á húsnum bæjarins. Helstu áhyggjur starfsfólks bygðasafnsins snéru að sprinkler-kerfi, bæði í Duus safnahúsum og í varðveisluhúsnaði safnsins. Hætta var á að rör myndu springa ef ástandið varaði lengi, en fordæmi voru fyrir slíkri upptöku í einu af elstu húsnum bæjarins, Fischershúsinu. Fór það atvik þó á besta veg án þess að teljandi tjón yrði.

Safnið var vel undir þessar aðstæður búið. Fest höfðu verið kaup á rafmagnsofnum og hitablásurum í kjölfar kvikuhlaupsins undir Grindavík í nóvember 2023 en þá var þessari sviðsmynd fyrst varpað fram. Það var vel, því mikil örtröð myndaðist í verslunum sem seldu hitagjafa þegar ljóst var í hvað stefndi með Njarðvíkuræðina. Safnhúsin eru með öflugri tengingu við rafmagn en íbúðarhús og var því óhætt að nýta þennan búnað til kyndingar. Þegar á hólminn var komið tókst starfsfólki safnsins að halda sæmilegum hita á húsnaði safnsins og koma þannig í veg fyrir tjón. Þarna kom glögg í ljós að það borgar sig að vera undir það ólíklega búin því náttúran fer sínar eigin leiðir.

Hvað framtíðin ber í skauti sér

Ábyrgð safna er mikil og þau eru skuldbundin til að varðveita eftir bestu getu safnkostinn sem þeim

er treyst fyrir. Það er mikilvægt að söfn viti hvernig bregðast skuli við vá, hvort sem hún er af hendi náttúrunnar eða af öðrum völdum því áföllin gera ekki boð á undan sér. Starfsfólk Byggðasafns Reykjaneshafnar hefur lagt mikið á sig síðustu þrjú ár við að vernda safnkostinn gegn áhrifum eldsumbrota, verkefni sem fáa óraði fyrir. Stundum þurfti að hugsa út fyrir kassann og koma með óhefðbundnar lausnir sem hentuðu aðstæðum. Forverðir Þjóðminjasafns Íslands verðskulda einnig þakkir fyrir góðar ráðleggingar.

Á næstu mánuðum mun hefjast vinna við gerð neyðaráætlunar. Það er verkefni sem öll söfn landsins þurfa að takast á við á næstu árum í samræmi við Haag sáttmála UNESCO frá 1954 um vernd menningarverðmæta í vopnuðum átökum.

Í neyðaráætlun er skilgreint hvernig bregðast skuli við ef safnkosti og minjum stafar ógn af utanaðkomandi aðstæðum (Stefnumörkun um safnastarf. Aðgerðaáætlun, bls. 10). Reynsla síðustu missera mun nýtast til að skrasetja ferla og festa vinnubrögð í sessi. Það er ekki síður mikilvægt að líta í baksýnispegilinn og skrasetja þann lærdóm sem hlotist hefur af eldsumbrotunum og þeim aðstæðum sem hafa skapast.

Það má með sanni segja að söfnin á suðvesturhorninu hafi fengið ærlega áminningu um að hið óvænta geti svo sannarlega gerst. Það er því ekki úr vegi að hvetja safnafólk til að skoða umhverfi sitt með mögulega vá í huga og kynna sér viðeigandi viðbrögð. Það eru gömul sannindi og ný að enginn veit hvað framtíðin ber í skauti sér.

Heimildir

Sandra Sif Einarsdóttir, Sigríður Þorgeirsdóttir og Þórir Ingvarsson. 2021. *Forvarnir vegna eldgoss á Reykjanesskaga*. Leiðbeiningarit á vef Þjóðminjasafns Íslands. www.thjodminjasafn.is/media/utgafa/Vidbrogd-vid-eldgosi_almennt.pdf

Stefnumörkun um safnastarf. Aðgerðaáætlun. 2023. Safnaráð. www.safnarad.is/um-safnarad/stefnumorkun-um-safnastarf/adgerdaraaetlun-fyrir-stefnumorkun-um-safnastarf/

Eva Kristín Dal, forstöðumaður Byggðasafns Reykjaneshafnar

BYGGÐASAFN VESTFJARÐA

TURNHÚSIÐ Á ÍSAFIRÐI

Opíð: 15.06. - 31.8. | Fullorðnir kr. 1600
Alla daga kl. 10 - 17 | Eldri borgarar kr. 1200

SMÍÐJAN Á ÞINGEYRI

Opíð: 01.06. - 31.08. | Fullorðnir kr. 1000
Miðvikud.-sunnudags kl. 10 - 14. | Eldri borgarar kr. 700

nedsti.is
byggdasafn@isafjorður.is
GPS: 66° 4,088'N, 23° 7,644'W

Frítt ratið og verðlaun fyrir börnin! | [akranesmuseum](https://www.akranesmuseum.is) | AkranesMuseum

AÐ FORTÍÐ SKAL HYGGA, EF FRUMLEGT SKAL BYGGJA

Byggðasafnið í Gørðum býður gestum einstaka innsýn í liðna tíma. Í fastasýningu safnsins er fróðleik um lífið til sjós, lífið í landi, lífið í vinnu og lífið í leik miðlað með fjölbreyttum hætti.

BIG Byggðasafnið í Gørðum

Heimsókn til okkar leikur við öll skilningarvitin

Opíð kl. 11-17 alla daga*
*frá 15. sept. - 14. maí (augendaga 13-17 og eftir samkomudag)

www.museum.is | Sími 433-1150

Þátttaka Minjasafnsins á Akureyri í samfélagsverkefnum

Minjasafnið á Akureyri hefur um áratugaskeið tekið þátt í margvíslegum samfélagsverkefnum sem hafa margþættan tilgang bæði fyrir safnið og einstaklinga. Verkefnin voru í fyrstu miðuð að því að veita fólki atvinnu til skemmri tíma í svokölluðum atvinnuátaksverkefnum. Það hófst strax árið 1991 þegar rekstur Sambandsverksmiðjanna fór í þrot. Í gegnum tíðina hafa samfélagsverkefni safnsins þróast í samvinnu við samstarfsaðila í að koma fólki aftur á fætur og rjúfa félagslega einangrun þannig að það geti aftur stigið út á vinnumarkaðinn.

Safnið hefur unnið með ýmsum aðilum að þessum samfélagsverkefnum. Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar, Atvinnumiðlunum, Vinnu-málastofnun, Virk og Fangelsismálastofnun. Fjölmargir einstaklingar hafa komið til starfa hjá safninu í gegnum þessi verkefni og hafa bæði þeir og starfsemi safnsins notið góðs af.

Fyrsta verkefnið fólst í þjálfun nokkurra kvenna í tölvuvinnslu við innskráningu gagna úr aðfangabókum í DataPerfect forritið. Þær höfðu fæstar haft nokkuð með tölvur að gera. Þær aðstoðuðu líka við að pakka, skrá og merkja gripi í samstarfi við starfsfólk safnsins. Verkefnið gekk afar vel, skráningin nýttist safn-

inu og allar konurnar fóru um síðir í önnur störf á vinnumarkaðnum.

Árið 2014 hófst samstarf við Fangelsismálastofnun. Hörður Geirsson heyrði þá af slíku verkefni hjá Þjóðminjasafninu þar sem einstaklingar tóku út sína refsingu með samfélagsþjónustu. Hörður setti sig í samband við tengilið stofnunarinnar á Akureyri en fimm karlmenn hafa unnið í verkefnum á vegum ljósmyndadeildar síðan og lokið sinni afplánun á safninu. Sá tími er misjafn allt frá 9 til 15 mánaða en yfirleitt hálfan daginn í senn, þar sem viðkomandi einstaklingar hefur verið í annarri vinnu samtímis. Þetta hafa verið um 2.400 vinnustundir samtals.

Verkefni þeirra hafa falist í tölvuskráningu gagna og aðfanga, fara yfir myndasöfn, númera og skanna myndir. Eitt stærsta verkefnið var að setja allt myndasafn dagblaðsins Dags í varðveisluvænar umbúðir og númera alls 48.000 ljósmyndir.

Samstarf við aðrar stofnanir hefur einnig verið mikið síðustu áratugina og fjölmargir komið til lengri eða skemmri tíma. Ólíkt ofangreindu samstarfi myndast launakostnaður sem er að hluta til endurgreiddur af viðkomandi stofnun.

Safnið þarf að vita hverskonar verkefni það getur boðið upp á og að þau hæfi viðkomandi einstaklingi. Verkefnin eru jafnvel fjölbreyttari hjá þeim einstaklingum sem koma til safnsins í gegnum atvinnumálastofnanir. Viðkomandi starfsfólk hefur unnið við móttöku gesta, aðstoðað í bókhaldi, skráningu gripa, endurröðun í varðveislurýmum eða við lóðaumsjón svo nokkuð sé nefnt.

Ókostur við þessi verkefni fyrir safnið er að einstaklingarnir koma að öllu jöfnu til starfa til skemmri tíma. Þjálfunin nýtist því sjaldnast til framtíðar. Hins vegar eru undantekningar á því. Þannig hefur starfsmaður unnið hjá safninu um árabíl með hléum fyrst við skönnun ljósmynd en síðar í tiltekinni myndvinnslu og skráningu gagna t.d. upplýsinga af bakhlið ljósmynda úr Degi.

Forsenda verkefna sem þessara er að þau nýtist öllum viðkomandi. Það er okkar reynsla að það sé svo sannarlega raunin.

Haraldur Þór Egilsson og Hörður Geirsson, Minjasafninu á Akureyri

Af varðveislu á tímum eldsumbrota

Varðveislu- og rannsóknarmiðstöð Þjóðminjasafns Íslands í Hafnarfirði

Þegar Þjóðminjasafn Íslands tók í notkun nýja rannsóknar- og varðveislumiðstöð á Tjarnarvöllum í Hafnarfirði var fagnað. Menningararfurinn var kominn í skjól eftir endurtekna flutninga og ýmis tímabundin úrræði. Allur umbúnaður var talinn til fyrirmyndar. En Adam var ekki lengi í Paradís. Jörð tók að skjálfa á Reykjanesi og vorið 2021 hófust eldsumbrot sem enn sér ekki fyrir endann á. Ef við værum að velja miðstöðinni stað í dag gæfi virk eldstöð í innan við 30 km fjarlægð tilefni til að staldra aðeins við.

Í umræðunni um staðsetningu varðveislumiðstöðvarinnar og þá mögulegu hættu sem jarðhræringar á Reykjanesi hafa skapað, hefur verið spurt hvernig staðarvalið hafi farið fram. Gerð var ítarleg þarfagreining og auglýst var eftir tilboðum í húsnæði. Við mat á hagkvæmni tilboða var m.a. tekið tillit til leiguverðs,

stærðar húss og skipulags þess út frá fyrirhugaðri starfsemi, öryggi safnkosts, afhendingartíma, staðsetningu, aðkomu og bílastæðum. Gátlistarnir sem þarf að fara yfir í slíku vali eru langir og ítarlegir og vissulega var rætt um mögulega eldvirkni á svæðinu í aðdraganda þess að Tjarnarvellir voru valdir – en kostir metnir þannig að til skemmri tíma, eða 20 ára, væri áhættan lítil. Jarðsögulegi tíminn fer hins vegar ekki eftir okkar klukku og allt í einu var farið að gjósa á Reykjanesi.

En hver er þá áhættan? Það er metið svo að áhættan á Tjarnarvöllum sé fyrst og fremst vegna gasmengunar en ekki vegna hraunflæðis eins og staðan er í dag. Jarðvísindafólk hefur sett fram kenningar um mögulegar sviðsmyndir og í trausti þeirra er staðan metin þannig að óhætt sé að vera á Tjarnarvöllum að sinni. Gera má ráð fyrir að enn ítarlegri skoðun

fari fram þegar nær líður lokum leigutíma og taka þarf ákvörðun um framtíð miðstöðvarinnar. Eins og reynslan frá Grindavík sýnir þá tekst að stýra flæði hrauns að einhverju marki. Þar sem miðstöðin er staðsett á jaðri íbúðarhverfis er ljóst að ákveðið viðbragð fer í gang færist eldvirknin nær. Það þurfa að vera miklar hamfarir til að við getum sagt að munir safnsins séu í bráðri hættu.

Það er ýmislegt sem getur ógnað mannvirkjum og það er fjöldi innri og ytri áhættuþátta sem eru vegnir og metnir þegar staðsetning slíkra varðveisluhúsa er valin. Flóðahætta, gróðureldar, mengun, nálægð við starfsemi sem felur í sér áhættu eru allt þættir sem þarf að skoða. En svo þarf aðkoma að vera þægileg og flutningsleiðir greiðar. Það þarf einnig að huga að starfsfólki þegar staðsetning er valin og að ferðalög til og frá vinnu lengist ekki úr hófi fram vegna staðarvals.

Staðaval fyrir miðstöð af þessum toga er tímabundið og þau rúmlega 20 ár sem varðveislumiðstöð safnsins var í Vesturvör í Kópavogi voru bæði lengi og fljót að líða. Þegar er farið að huga að því hvort leita eigi að nýjum stað fyrir næstu kynslóð og hugmyndum um staðarval velt upp. Lengi hefur verið rætt um að höfuðsöfnin fari í sameiginlega varðveislu- og rannsóknarmiðstöð en slík dæmi eru til víða erlendis. Þessi hús eru mikilvægir vinnustaðir og með því að sameina varðveislumál



Rannsóknar- og varðveislumiðstöð Þjóðminjasafns Íslands. ©Ívar Brynjólfsson.



Fallvarnir í hillum. ©Ívar Brynjólfsson.

Þessara þriggja safna, Listasafns Íslands, Náttúruminjasafnsins og Þjóðminjasafnsins væri hægt að skapa öflugan vinnustað sérfræðinga, því í varðveislunni eru snertifletir þessara stofnana hvað ríkastir. Það gæti verið heillaspor fyrir safnastarf í landinu almennt. Tíminn leiðir í ljós hvort af slíkri samvinnu verður.

Þegar staðsetningin í Hafnarfirði var valin gátu fæstir ímyndað sér að jarðhræringar færu af stað innan örfárra ára á Reykjanesi. Húsið á Tjarnarvöllum sem leigt er undir starfseminu er traust. Hugað var sérstaklega að hættu við jarðskjálfta við hönnun hillukerfa sem og við frágang gripa í hillur. Þeir jarðskjálftar sem gengið hafa yfir svæðið í aðdraganda eldgosa hafa sannað gildi þessara aðgerða og enginn gripur hefur færst úr stað. Tíðir jarðskjálftar hafa því ekki haft áhrif á safngripina.

Ástæða hefur verið talin til að fylgjast sérstaklega með magni gastegunda í andrúmslofti frá upphafi þeirrar eldgosahrinu sem hófst í mars 2021. Þá voru

öll varðveislurými safnsins innsigluð ef gasmengun barst yfir höfuðborgarsvæðið og hækkuð gildi brennisteinsdíoxíðs mældust. Brennisteinsdíoxíð er sú gastegund sem berst í hvað mestum mæli frá eldgosum og getur valdið tæringu og niðurbroti ákveðinna gripaflokka. Í kjölfar fyrsta gossins var loftræstibúnaður á Tjarnarvöllum eflur og sérstökum síum sem draga úr gasmengun úr andrúmslofti bætt við. Þetta gerir það að verkum ekki þarf að loka alveg fyrir aðgang að varðveislurýmum á Tjarnarvöllum í óhagstæðum vindáttum, þó vissulega sé umgengni takmörkuð. Staðan í varðveisluhúsnaðinu í Vesturvör er þó önnur en þar er ekkert loftræstikerfi. Þar eru því varðveislurými enn innsigluð þegar mengun mælist óhagstæð. Þetta takmarkar aðgengi að varðveislurýmum og getur verið hamlandi fyrir starfseminu ef sama vindátt er ríkjandi til lengri tíma og ber gosmengun yfir höfuðborgarsvæðið. Svokölluð gasvakt er virkjuð af sérfræðingum safnsins um leið og gos hefst og fylgst er náið með gasmengun og vindáttum. Í gegnum gasvaktina er starfsfólk safnsins upplýst um stöðu mála og þaðan

berast upplýsingar um gasmengun sem sendar eru út í upphafi dags.

Megnið af munum í vörslu Þjóðminjasafnsins eru nú varðveittir í Hafnarfirði, en ljósmyndasafnið með sínum glerplötum, filmum og pappír er í Kópavogi. Mjög vel er búið að gripum safnsins almennt og miðstöðin á Tjarnarvöllum markaði mikilvæg tímamót í varðveislumálum þegar hún var opnuð. Þjóðminjasafnið býr nú yfir varðveislurýmum sem svara kröfum um öryggi og réttan aðbúnað, hita og rakastýringu, öfluga loftræstingu og svo mætti áfram telja. Við tökum stolt á móti innlendum og erlendum gestum og finnum að aðstaðan á Tjarnarvöllum er á heimsmaelikvarða.

Þjóðminjasafn Íslands er með fjar-geymslur í samvinnu við Byggðasafn Árnesinga og nýtir einnig áfram varðveisluhúsnaðið í Kópavogi sem safnið hefur haft um alllanga hríð. Gert hefur verið áhættumat fyrir þessa staði og brugðist hefur verið við hluta ábendinga um úrbætur. Húsnaðisþörf safnsins er til stöðugrar skoðunar og gætt að bæði varðveisluskilyrðum og hagkvæmni í þeirri vinnu. Stundum þarf að gefa eftir á einu sviði til að ná markmiðum á öðru en reynt er að taka þær ákvarðanir af yfirvegum og í góðri samvinnu við helstu sérfræðinga og fjárveitingavaldið.

Kröfur sem við gerum um aðbúnað menningarverðmæta breytast stöðugt og húsnaði sem þótti fullboðlegt fyrir aðeins nokkrum áratugum síðan þykir óásættanlegt í dag. Þess vegna má ekki sofna á verðinum og þó Þjóðminjasafnið hyggi ekki á flutninga af Tjarnarvöllum á næstu árum, þá er nú þegar farið að huga að hugmyndum um framtíðina.

Ágústa Kristófersdóttir,
framkvæmdastjóri safneignar
í Þjóðminjasafni Íslands

Einn plús einn eru jafnt og þrír

„Matisse/Picasso,“ „Manet/Degas,“ „Hilma af Klint & Piet Mondrian“ ... Sýningar með tveimur listamönnum virðast vera í uppáhaldi hjá listastofnunum. Takið tvo listamenn, stefnið þeim hvorum gegn öðrum, líkt og í einhvers konar keppni, og það mun slá í gegn. Stundum lukkast þessi formúla líka út frá listrænu sjónarmiði, og stundum hreint ekki. Maður hefði haldið að það væri jafnvel erfiðara þegar listamennirnir eru þrír en ekki tveir, eins og í *Summa & sundrung*, þar sem verk Garys Hill, Steinu og Woodys Vasulka koma saman. Staðreyndin er hins vegar sú að þetta yfirlit yfir þrjá af áhrifamestu frumkvöðlum myndbands- og stafrænnar listar skar sig úr sem sérstaklega skýrt og glæsilegt dæmi um stjórni

á tví- eða þrímenningssýningum. Sýningin var ekki hefðbundin yfirlitssýning heldur veitti hún innsýn í lykilhætti höfundarverks hvers listamanns fyrir sig í gegnum sérválin verk (kvikmyndir, einnar-rásar myndbönd, innsetningar og ljósmyndir). Þrír skjáir með æskimyndakerfi voru settir upp í anddyri beggja sýningarstaða (sýningin var opnuð í Listasafni Árnesinga og fór þaðan til House of Arts Brno í Tékklandi), sem gerði áhorfendum kleift að ljúka heimsókn sinni með því að skoða, burt séð frá aðalsýningunni, úrval dæmigerðustu einnar-rásar myndbandanna eftir hvert og eitt listamannanna. Sýningin forðaðist grunnfærnislegan eða gerviformfræðilegan samanburð en leyfði verkunum að hljóma frjálst saman,

gaf þeim nægt rými til að „anda“ og breiða úr alltumlykjandi, íhugulli fegurð sinni.

Auðvitað var það ekki verra að listafólkið á sýningunni passaði mjög vel saman. Í fyrsta lagi voru Steina og Woody Vasulka þar í lífi og starfi. Íslendingurinn Steina og Tékkinn Woody hittust snemma á sjöunda áratug síðustu aldar í Prag, þar sem hún var að læra á fiðlu og hann kvikmyndagerð við Kvikmyndaskólann. Þau giftu sig 1964 og fluttu skömmu síðar til Bandaríkjanna, þar sem þau uppgötvuðu myndbandagerð í lok áratugarins og urðu bæði gagntekin af þeim möguleikum sem hún bauð upp á í tengslum við að vinna beint með rafsegulorku. Upp frá því helguðu þau sig kerfisbundnum rannsóknum á eiginleikum þessa nýuppgötvaða miðils, fyrst í náinni samvinnu, síðar hvort í sínu lagi, en alltaf í samspili sín á milli. Þótt Gary Hill væri yngri en þau hóf hann að gera tilraunir með myndbönd um svipað leyti og var í sömu kreðsu bandaríks tilraunalistafólks á sviði myndbanda og rafrænnar tónlistar. Ennfremur, þegar þau þrjú hittust loksins, undir lok áttunda áratugarins, fundu þau strax til andlegs skyldleika. Þau deildu sömu grunnhugmyndinni um að rafræna myndin væri nýtt, sértækt tungumál með sínar eigin sértæku reglur og að það væri tólið eða vélin, frekar en „listamaðurinn“, sem skipti höfuðmáli í sköpunarferlinu. Þetta þýðir þó ekki að listsköpun þeirra hafi minnt á síðbúnar æfingar móðernískrar



©Listasafn Árnesinga og House of Arts

**Listasafn Árnesinga
& House of Arts Brno**

**Summa og sundrung: Gary Hill,
Steina & Woody Vasulka**

Sýningarstjórar:
Kristín Scheving,
Halldór Björn Runólfsson og
Jennifer Helia DeFelice

umræðu um sérhæfða miðla, sem var greinilega á útleið á þessum tíma. Þvert á móti, eins og sást á sýningunni, sem náði yfir tímann frá áttunda áratugnum fram á þennan dag, eiga verk bæði Vasulka-hjónanna og Hills skilið viðurkenningu sem mikilvægir áfangar í þróun hins stafræna tíma, þar sem véllæsi verður sífellt mikilvægara.

Á sama tíma, og eins og titill sýningarinnar bar með sér, er nálgun hvers hinna þriggja listamanna svo ólík að ekki þarf að tala um nein áhrif eða samkeppni í umfjöllun um list þeirra. *Summa & sundrung*: frasinns vísar til merkjavinnsluhlutverks hringmótunar í raftækni. Hringmótari gegnir því hlutverki að blanda tveimur tíðnum til summu og sundrungar. Bæði Vasulka-hjónin og Hill voru í raun sérfræðingar í merkjavinnslu, aðferð sem þau kynntust fyrst vegna sameiginlegs áhuga síns á raftónlist. Á óhlutbundnari hátt vísaði titill sýningarinnar í hugmyndina um ósamhverfuna sem kom endurtekið upp í mörgum verkanna sem til sýnis eru. Hugtakið gefur til kynna aðstæður sem skortir ekki beint samhverfu en engu að síður er örlítið ósamræmi eða ójafnvægi á milli tveggja mynstra eða eininga. Í stuttu máli er þetta það sem við meinum þegar við segjum að tveir hlutir séu eins en samt frábrugðnir hvor öðrum.




©Listasafn Árnesinga og House of Arts

Á vissan hátt á þetta við um tengslin á milli ímyndar og tungumáls, eins og kemur berlega fram í innsetningu Garys Hill, *Language Pit* (2016–2021). Í verkinu eru örmyndavélar lagðar á útlag tveggja hátalarakeilna sem komið er fyrir á stalli. Myndavélarnar taka upp rýmið og myndunum er varpað á tvo skjái sem hanga hlið við hlið á veggnum á móti hátölurinum. Titringurinn úr hljóðinu frá hátölurinum veldur því að myndavélarnar skoppa á þeim og myndaflæðið verður fyrir stöðugri truflun. Uppstilling hátalaranna og skjáanna minnir á tvenn pör af augum en þótt við gleymum tvísæiseiginleikum sjónarinnar í daglegu lífi er ósamhverfan undirstrikuð hér um leið og verkið raskar aðgreiningu hljóðs og myndar.

Verkið er þó ekki allt háspekilegt. Textinn sem berst úr hátölurinum, lesinn með herskárri, vélrænni röddu, var innblásinn af eðlislægum viðbrögðum Hills við kosningu Donalds Trump. Þannig tekst listamaðurinn á við vaxandi harðýgi í stjórnmálum og útbreiðslu eftirlitskerfa í stjórnsjúkum samfélögum okkar, sem Gilles Deleuze sá fyrir snemma á tíunda áratug síðustu aldar en hafa fyrst orðið

að veruleika með nýtilkominni útbreiðslu stafrænnar tækni. Eitt af því sem hefur ráðið úrslitum um þessa þróun er tilkoma forsagnaralgríma, sem Hill skorar engu að síður á hólmi í texta innsetningar sinnar: „Algrímin segja fyrir um niðurstöður. Af hverju?“ Líkur eru einnig aðalviðfangsefnið í *Place Holder* (2019), myndbandi þar sem listamaðurinn snýr að áhorfandanum og kastar peningi í sífellu til að gá hvor hliðin komi upp. Verkið vísar í gervigreind en á þann hátt að minnir á gömul og góð töfrabrögð. Annaðhvort/eða rytminn í peningakastinu kemur aftur fyrir í stælingu á tvíundar-rökfræði algebru Georges Boole, í óreglulegri klippingu verksins *None of the Above* (2022), myndbandi sem Hill frumsýndi á sýningunni. Þar mætir áhorfandanum stór mynd af listamanninum að fara með texta sem kannar „sama mun“ á núlli og einum. Stafrænar tímafærslubrellur valda því að mynd og hljóð hikstar. Með því að taka fyrir augun, eyrun og munninn, með hreyfingum sem minna á orðatiltækin „sjá ekkert illt,“ „heyr ekkert illt,“ og „segja ekkert illt,“ minnir Hill enn fremur á að stafræn tækni hafi ýtt undir sjálfhverfar tilhneigingar mannkynsins.



©Listasafn Árnesinga og House of Arts

Grannfræðileg hringlögungun hins innra og ytra er sömuleiðis sjáanleg í eldri verki *Hills, Klein Bottle with the Image of Its Own Making* (after Robert Morris) (2014), rúmfræðiglerhlut sem minnir á Möbius-ræmu, sem „inniheldur“ birtingu myndbandsins um sína eigin tilurð. Verkið er virðingarvottur við skúlptúr naumhyggjulistamannsins Roberts Morris, *Box with the Sound of Its Own Making* (1961), afmyndað í lögun og minnir á eimingarflösku alkemistans, og undirstrikar einnig sveigjanleika rafrænnu myndarinnar. Á ólíkan, en skyldan, hátt unnu Steina og Woody Vasulka með efnisleika og jafnvel „hlutveruleika“ rafrænu myndarinnar. Í verki Steinu, *Bad* (1979), sem er tilraun með eitt af fyrstu stafrænu myndvinnslutólunum sem Vasulka-hjónin sjálf fundu upp með hjálp verkfræðingsins Jeffrey Schier, er ímyndin látin afhjúpa sína eigin efnislegu áferð. Dularfullur titill verksins vísar mögulega í það hvernig Steina truflaði á meðvitaðan hátt venjulega virkni tækninnar svo að úr varð *avant la lettre* meistarastykki skriksins. „Bad“ bergmálar líka hið „illa“ hjá Hill og gefur til kynna eitt-

hvað órjúfanlega djöfullegt við rafræna miðla. Þessi hugmynd gegnsýrir líka hið draugalega verk Woodys Vasulka *Electromagnetic Objects* (1975), abstrakt myndbönd sem sýna hvít, þrívíð form, spunnin úr undarlega loftkenndu efni rafrænu myndarinnar, svífandi á svörtum bakgrunni. Þótt þessi verk, myndrænir ættingjar hljóðhluta *musique concrète*, séu gerð með flaumrænu tóli (Rutt/Etra Scan-gjörvanum), eru þau einnig beintengd við tilkomu „myndhluta“ (e. *image object*) í tölvuteiknun.¹

Af listamönnunum þremur í *Summu & sundrunu* er Woody Vasulka, sem því miður lést í desember 2019, líklega – og óverðskuldað – minnst þekktur. Með *Parallel Trajectories* (2022), myndbandi sem einnig var frumsýnt á sýningunni, leitaðist Steina við að bæta úr því og sýna fyrrum maka sínum virðingu. Með því að flétta saman klippum úr eigin verkum og hans, sýnir listakonan á sinn hátt þann ó-evklíðska sannleik að hliðstæður geti mæst. Annar hápunktur sýningarinnar var sýning á tveimur af elstu og sjaldséðustu kvikmyndum Woodys Vasulka.

Myndirnar voru gerðar 1968, rétt eftir að hann uppgötvaði myndbandið, heita *Peril in Orbit* og *360 Degree Space Records*, og eru þriggja skjáa innsetningar sem áttu upptök í þráhyggju Woodys fyrir að losa myndina úr viðjum rammans. *Peril in Orbit* er sérstaklega áhugaverð að því leyti að hún sýnir myndavélina sem listamaðurinn, lærður verkfræðingur, hannaði til að ná að taka samfellda 360-gráðu mynd. Sumar af þessum vélum voru síðar endurnýjaðar til að þjóna *Machine Visions* (1975-), mikilvægum innsetningum Steinu. Þessar aðstæður, þar sem spáð var fyrir um orðræðu dagsins í dag um tölvusýn og afmiðjun mannsaugans, mátti finna í sýningunni, þökk sé hinum heillandi myndböndum *Switch! Monitor! Drift!* og *Orbital Obsessions* (1975–1977) sem listakonan skapaði með þeim.

Segja má að ein aðallexía sýningarinnar sé sú að nýjabrum hinna svokölluðu nýju miðla sé álíka gamalt og miðaldahandritin sem geyma Íslendingasögurnar, sem Steina snýr stafrænt upp á í myndbandinu *Bókfell / Pergament* (2014). Fyrir íslensku listakonuna, sem yfirgaf heimaland sitt fyrir meira en hálfri öld, er verkið einhvers konar heimkoma. En, líkt og gildir um önnur verk á sýningunni *Summa & sundrunu*, er enga fortíðarþrá að finna þar: verkið sýnir einfaldlega hvernig list og tækni snúa alltaf staðfræðilegu baki við fortíðinni til að eiga greiðari leið inn í framtíðina.

¹ Sjá Jacob Gaboury, *Image Objects: An Archaeology of Computer Graphics* (Cambridge, Mass.: MIT Press, 2021).

Larisa Dryansky, listfræðingur við Sorbonne háskóla í París

Þýðandi: Ingunn Snædal

Frá inngildingu til velferðar!

Í tilefni af 10 ára afmæli Kvists

Þegar horft er yfir veginn frá því að hugmyndin að Kvisti lét fyrst á sér kræla er ljóst að margt hefur gerst í safnamálum. Á huglægum nótum er eins og söfnin hafi opnast meira, orðið fjölbreyttari og minna hátíðleg. Allt eru það góðar fréttir. Á síðustu árum hefur svo mikið verið rætt um mikilvægi þess að söfn taki þátt í samfélagslegri umræðu og veigri sér ekki við að fjalla um erfið og umdeild málefni, séu í nánun og góðu sambandi við samfélagið og ekki síst við sitt nærsamfélag. Umræða um inngildingu hefur orðið háværrari undanfarin ár sem og farin að sjást merki um aðgerðir. Þá hefur mikið breyst á síðustu árum í aðgengismálum og í fjölda safna er hægt að nálgast miklar og góðar upplýsingar um þau mál á heimasíðum safnanna.

Museum Association, breska safnafélagið, var ein helsta fyrirmynd Kvists en þar má finna greinar um allt milli himins og jarðar sem tengist safnamálum. *Museums Journal*, sem MA gefur út, var í raun það blað sem horft var til við efnistöð Kvists. Það er svolítið áhugavert að bera saman það sem var efst á baugi á síðum blaðsins fyrir 10 árum við það sem helst brennur á bresku safnafólki þessi misserin. Á þeim tíma var „inclusion“, sem hefur fengið þá ágætu þýðingu inngilding, aðalmálið, þ.e. að söfnin ættu að vera fyrir alla og enginn þar undanskilinn jafnvel þótt það gæti verið erfiðleikum bundið fyrir sum okkar að komast á söfnin eða fara þar um af ýmsum ástæðum. Það er mikið og gott starf unnið á breskum söfnum

en líka á íslenskum söfnum. Mörg söfn hér á landi hafa gert stóráttak í aðgengismálum. Bóðið er upp á heimsóknir og leiðsagnir fyrir alls konar hópa fólks sem gætu annars átt erfitt með safnaheimsóknir. Reykjavíkursöfnin, Listasafn Reykjavíkur og Borgarsögusafn, tóku höndum saman fyrir nokkrum árum og gerðu áætlun um inngildingu alls konar hópa sem af ólíkum ástæðum, líkamlegum eða annars konar, eiga erfitt með að heimsækja söfn. Þetta samstarf skilaði miklu eins og sjá má á heimsíðum þeirra mörgu safna sem heyra undir þessi tvö fyrrnefndu. Á nýrri heimasíðu Borgarsögusafns má t.d. sjá ítarlega útlistingu á því hvernig aðgengismálum er háttað á hverjum sýningarstað fyrir sig, með því að ýta á takkann *Aðgengi*.

Í þessu samhengi er gaman að segja frá því að í nýlegri heimsókn á Listasafn Reykjavíkur á sýninguna *Murr* þar sem ótýpískum listamönnum er teft fram, sem ekki hefur sést mikið á söfnum hérlandis, mátti líka sjá fólk teikna af hjartans list í einu rými safnsins og þar voru stórir púðar á gólfi sem fólk í yngri kantinum (ekki fyrir hvern sem er að standa upp af slíkum púða!) sátu/lágu og lásu, annaðhvort bæklinga safnsins, nú eða skoðuðu símana sína. Listasafn Reykjavíkur hlaut einmitt Íslensku safnaverðlaunin í ár.

Það málefni sem á síðustu árum hefur verið hvað mest áberandi í umræðunni í söfnum erlendis er það sem kallað er *wellbeing* eða velferð,

vellíðan. Í stuttu máli fjallar velferð á söfnum um að þar eigi sem flestum að geta liðið vel og um er að ræða eðlilegt framhald af hugmyndum um inngildingu.

Við lauslega skoðun á heimasíðu breska safnafélagsins, <https://www.museumsassociation.org/> má sjá að breyting hefur orðið á helstu stefnumálum félagsins. Framarlega á síðunni eru t.d. þessi setning í lauslegri þýðingu: „Söfn geta aukið vellíðan okkar, hjálpað okkur að vera stolt af því hvaðan við komum og hvetja, ögra og örva okkur.“

Stefnumálin beinast nú jafnt að einstaklingum og þeirra velsæld og möguleikum, sem og hinum stærri vandamálum heimsins í nútímanum.

Dæmi má nefna um nokkrar fleiri fyrirsgagnir safna í þessum anda:

Bæta heilsu og vellíðan – Skapa betri staði til að búa og starfa – Hvetja til þátttöku, umræðu og ígrundunar – Gegn rásisma – Afnáam nýlenduhyggju – Loftslagsréttlæti

Kannski gætu íslensk söfn brýnt sig enn frekar og jafnvel sameinast um átaksverkefni. Mætti jafnvel bæta flokki við Íslensku safnaverðlaunin þar sem eitthvað af ofantöldum atriðum; aðgerðir til að auka vellíðan, samfélagsleg málefni, tekið á stórum og flóknum málum heimsins eða annað í þeim anda kæmi til álita?

Ég óska Kvisti til hamingju með árin tíu. Það hefur verið sérlega ánægjulegt að fylgjast með viðgangi tímaritsins og sjá hve safnafólk hefur verið tilbúið að skrifa í blaðið og halda á lofti umræðu um hin ýmsu málefni til að bæta söfnin í landinu, almenningi og starfsfólki safnanna til hagsbóta.

Sigrún Kristjánsdóttir,
fyrsti ritstjóri Kvists

Vaxtaverkir

Sýning um sögu grunnskóla í Reykjavík
1898–1974 verður til

Sýningin Vaxtaverkir opnaði á Árbæjarsafni á sumardaginn fyrsta síðastliðinn. Á sýningunni fá gestir innsýn í veröld grunnskólabarna í Reykjavík á árabílinu 1898–1974.

Árið 1898 var Miðbæjarskólinn (Barnaskóli Reykjavíkur) tekinn í notkun og er það ártal upphafspunktur sýningarinnar. Í fyrsta sinn var rými fyrir nánast öll börn í vaxandi bæ að sækja sér menntun. Skólaskylda var svo innleidd árið 1908 og fjölgaði nemendum þá ennþá meir. Lokaárið 1974 vísar síðan til fyrstu grunnskólaganna sem tryggðu öllum börnum á aldursbilinu 7–16 ára rétt til menntunar.

Munaval og heimildaöflun

Sýningin byggir á niðurstöðum rannsókna verkefnastjóra Borgarsögusafns og hófst undirbúningur árið 2019. Munasafnið var hreinsað,

myndað, skráð og því pakkað en safnkostur tengdur formlegri menntun barna var að miklu leyti óskráður. Í safnkosti Ljósmyndasafns Reykjavíkur sem er hluti af Borgarsögusafni er varðveitt mikið magn ljósmynda sem tengist formlegri menntun barna og vel skráð og skannað efni var þegar orðið aðgengilegt á stafrænu formi. Þungamiðja muna- og ljósmyndasafnsins reyndist vera á árabílinu 1940–1960 og eru ljósmyndir og munir á sýningunni mikið til frá þeim tíma.

Á sama tíma var unnið heimildaöflunarverkefni á sögu formlegrar menntunar barna á 19.-20. öld í Reykjavík og nágrenni en gífurlega mikið hefur verið skrifað um skóla söguna. Miklum tíma var varið í að safna saman persónufrásögnum til að fá sem besta innsýn í mismunandi upplifanir af skólagöngu einstaklinga á tímabilinu. Fanga var víða leitað, þá



Sigríður Sunna Reynisdóttir og Sigurbjörg Stefánsdóttir hönnuðir ÞYKJÓ í verkefninu. ©Sigga Ella.

sérstaklega í ævisögur, sjálfsævisögur og Þjóðháttasafn Þjóðminjasafnsins. Verkefnið græddi gífurlega á allri þessari forvinnu og var aðgengi að munum og yfirsýn einstaklega góð. Drög að handriti og heimildaöflun var lokið að miklu leiti þegar hönnuðir komu að borðinu.

Hönnun og miðlunarleiðir

Hönnun sýningarinnar var í höndum þverfaglega hönnunarteymisins ÞYKJÓ sem er hópur hönnuða með fjölbreyttan bakgrunn sem sérhæfa sig í hönnun fyrir börn og fjölskyldur. Allt þeirra starf er í anda barnamenningarhönnunar og miðar að því að kveikja forvitni barna fyrir umheiminum og örva ímyndunarafl og sköpunarkraft.

Sýningin er staðsett í Kornhúsinu sem er pakkhús frá u.þ.b. 1820. Sýningarteymið var mjög meðvitað um kosti og galla þess að vinna sýningu inn í 200 ára gamalt hús þar sem ekki má gera hvað sem er. Horft var til þess að umgjörð sýningarinnar bæri húsið ekki ofurlíði og er hún því í afgerandi litum sem mótspil við hlýlegan við hússins. Litapalletta sýningarinnar er innblásin af munasafninu en stærstu áhrifin á litavalið voru kennsluspjöld eftir listamanninn Baltasar Samper. Leturfræði námsgagna og línuteikningar í kennslu-



©Sigríður Lína Daníelsdóttir.

bókum veittu svo grafískum hönnuði innblástur fyrir útfærslu á textum, litasamsetningu og teikningum.

Fljótlega í ferlinu var tekin ákvörðun um að miðlunarleiðir yrðu einfaldar og allt að því viðhaldsfríar, sýningin stendur til þriggja ára og er áætlað að taka á móti aragrúa skólabarna á þeim tíma. Markmiðið er að börnin geti verið frjáls í rýminu og þurfi ekki að vera þeim mun varkárari. Viðkvæmar og tæknilega flóknar lausnir voru þess vegna fljótt afskrifaðar. „Snertistöðvar“ voru hannaðar út frá rýni úr heimsóknum barna. Unnið var út frá samspili persónufrásagna, ljósmynda og safngripa sem í ferlinu var kölluð hin heilaga þrenning. Börnin brugðust sérlega vel við þeirri upplifun að sjá mun, rýna í ljósmynd þar sem munurinn er í notkun og að fá svo að heyra frásögn barns af því að hafa notað muninn. Allt í einu varð fremur óspennandi mjólkurflaska hinn ævintýralegasti gripur sem velti af stað löngum samtölum um skólanesti fortíðar og framtíðar.

Markmið frá upphafi var að endurnýta efnivið sem fallið hefur til úr eldri sýningum og starfsemi Borgarsögusafns ásamt því að nota umhverfisvæn efni eins og kostur var. Umhverfis- og auðlindastefna Reykjavíkurborgar var leiðarljós í ferlinu og náðum við nokkuð langt í að hemja vistspor sýningarinnar. Megnið af umgjörð sýningarinnar er byggt á grunni sýninganna *Karólína vefari* og *Koffortið*. Allt plexígler var endurnýtt og tilsniðið að nýrri sýningu.

Krakkaráð

Í sýningarvinnunni stofnaði hönnuarteymið ÞYKJÓ og sýningarnefndin krakkaráð en ÞYKJÓ stofnar iðulega krakkaráð í kringum sín verkefni. Ráðið er síbreytilegt og að þessu sinni skipuðu nokkrir bekkir úr Ártúnsskóla ráð um *Vaxtaverki*. Í hönnunarferlinu komu börnin

í nokkrar heimsóknir í varðveisluhús Árbæjarsafns og spjölluðu við sérfræðinga safnsins um muni og sýningagerð. Einnig tóku þau þátt í smíðjum, umræðum og atkvæðagreiðslum um hvaða persónufrásagnir, ljósmyndir og munir þeim fannst áhugaverðir og ættu að fá pláss á sýningunni.

Sýningargerðin tók miklum breytingum eftir aðkomu krakkaráðsins og ýmsir munir, persónufrásagnir og þemu sem fullorðna fólkinu fannst ómissandi fengu að víkja eftir að börnin létu skoðanir sínar í ljós. Dásemdar listaverk úr þurrkuðum blómum sem nefndinni fannst æðisgengin fengu algera fallelkunn á meðan kvikmyndavélar og ýmsar græjur sem fullorðnum fannst óspennandi rúlluðu inn stigum í kosningu barnanna. Blómaverkunum var því komið haganlega aftur fyrir í varðveisluhúsi og kvikmyndavél fékk sinn sess í glerjuðum sýningarkassa.

Krakkaráðið fékk svo boð í sérstaka foropnun og voru þau því fyrst allra til að berja sýninguna augum. Boðið var upp á drykki, smíðju og útileiki og var það virkilega finnr endapunktur á vel heppnuðu samstarfi.




Íris Gyða Guðbjargarðóttir sýningarstjóri segir börnum frá skólanesti fortíðar. ©Sigga Ella.

Inntak sýningar

Efnið sem lá undir er yfirgrípsmikið og reyndist sýningarnefndinni ærið verkefni að njörva niður efnistöð. Þegar kafað er djúpt í efni sem nær yfir langt tímabil gífurlegra breytinga kemur aragrúi óvæntra og áhugaverðra efnistaka í ljós. Það er ávallt kvöl og þína að skera niður texta og sársaukafullt ferli að eyða út heilu köflunum. Í tilfelli *Vaxtaverkja* var það sérlega mikil áskorun því sýningarteymið lagði upp með að yngri börn en hið „dæmigerða klára 12 ára barn“ sem er svo oft viðmið við textagerð sýninga, gæti lesið textann með fullorðnum og skilið hann vel.

Ártölum er haldið í lágmarki því árið 1910 er jafnfjarlægð ungum börnum og árið 1970 eða jafnvel 2010. Sértaek og tyrfin orð voru auk þess einfölduð til að hjálpa börnum að ná betur utan um efnið. Textar eru sérlega knappir og innihalda orð sem börnin nota sjálf og geta auðveldlega tengt við muni á sýningunni. Börnin upplifa þessa óráðu „gömlu daga“ sterkt í gegnum ljósmyndir og muni og er skemmtilegt að sjá hvernig þau þekkja suma hluti vel og eiga jafnvel sjálf uppfærða útgáfu af. Aðrir munir eru svo öllu



Snúningshjól sem tákna skóladaginn og skólaárið. ©Sigríður Lína Danielsdóttir.



Sýningin átti upphaflega að heita Vaxtarverkir með r-i en var breytt í Vaxtaverkir því flest börn skrifuðu orðið þannig í smíðjum. Síðan rímar fleirtalan ágætlega við hina fjölmörgu vaxtaverki sem skólakerfið gekk í gegnum. ©Sigga Ella.

undarlegri eins og ljósagleraugu sem börn settu upp þegar þau voru sett í ljósaböð sér til hressingar.

Pemu

Að lokum urðu þemun fjögur, bóklegar greinar, verklegar greinar, lýðheilsa og síðan hinir eiginlegu vaxtaverkir skólakerfisins. Fljótt sáum við að þó margt innan kerfisins hafi með tímanum tekið algerum stakkaskiptum þá eru ákveðnir þættir nánast alveg eins. Börn mæta enn þann dag í dag í tíma og fara í frímínútur, sumar- og jólafrí. Ennþá eru jólaböll haldin í skólum og kötturinn sleginn úr tunnunni á öskudaginn. Við horfðum meira til þeirra þátta sem börn geta tengt við en þátta sem eru þeim framandi.



Nemanda við Laugarnesskóla gefið lýsi 1951. ©Guðmundur Hannesson (1915–1987).

Lýðheilsa fékk strax mikið rými í sýningargerðinni en stór skref voru tekin til að bæta heilsu barna á því tímabili sem sýningin nær yfir. Má þar nefna matargjafir, lýsisgjafir og ljósalækningar fyrir kvefsækin, grannholda og táplítil börn. Í fyrsta skipti var skólakerfið á Reykjavíkursvæðinu skipulagt þannig að á einn stað var stefnt nánast öllum börnum bæjarins. Þessar aðstæður gáfu heilbrigðisyfirvöldum áður óþekkt tækifæri til að fylgjast með heilbrigði uppnennandi kynslóðar og grípa til viðeigandi aðgerða til úrbóta. Í rýminu þar sem er fjallað sérstaklega um lýðheilsu skapaðist gott tækifæri til að draga persónufrásagnir fram í dagsljósið en mörg eiga minningar af ljósaböðum, skelfilegum tannlæknaheimsóknum og lýsishellingum og lifa þessar minningar sérstaklega sterkt.

Aðgengi fyrir alla

Borgarsögusafn leggur áherslu á að sýningin sé aðgengileg öllum, þ.á.m. hreyfihömluðum, blindum og sjónskertum, einhverfum og fólki með skynúrvinnsluvanda, heyrnarlausum og heyrnaskertum, hinsegin samfélaginu og einstaklingum sem hafa íslensku sem annað tungumál. Hópar samfélagsins eru auðvitað mun fleiri en þeir sem taldir eru upp hér og þarfir þeirra líka. Aðgengismál á safni sem geymir fjölda viðkvæmra og friðaðra húsa er flókið, ekki síst fyrir hreyfihömluð. Ekki auðnaðist að bæta aðgengi að efri hæð hússins og salerni að svo stöddu þó ýmissa leiða hafi verið leitað til þess. Því var tekin ákvörðun um að sýningin yrði eingöngu á neðri hæðinni svo öll hefðu jafnan aðgang.

Mikilvæg skref verða síðan tekin næstu misseri til þess að bæta aðgengi fyrir öll en fræðsluteymi safnsins fékk styrk úr Barnamenningsrjóði til að útbúa sjónlýsingu um sýninguna fyrir blinda og sjónskerta og leiðsögn á táknmáli í samtali við börn. Borgarsögusafn

hefur undanfarin ár markvisst unnið að því að bæta aðgengi og er þetta verkefni hluti af þeirri vegferð. Verkefnastjórar úr safnfræðsluteymi safnsins voru í sýningarnefnd frá upphafi en það er dýrmætt að þekkja efnistökin djúpt ofan í kjölinn þegar kemur að miðlun upplýsinga. Sýningin er kjörinn grunnpunktur fyrir ýmis konar fræðsluleiðir, viðburði og smíðjur og munum við halda áfram að miðla skólasögunni á fjölbreyttan hátt til gesta næstu þrjú ár.

Spennið á ykkur skólatöskurnar, þakkið niður nesti og kíkið í heimsókn á Árbæjarsafni!

Íris Gyða Guðbjargardóttir, sýningarstjóri

Sýningarnefnd

Borgarsögusafns:

Birna María Ásgeirsdóttir, verkefnastjóri samfélagsverkefna og safnfræðslu.

Hródný Kristínar, verkefnastjóri faglegrar safnfræðslu.

Ingibjörg Áskelsdóttir, verkefnastjóri forvörslu og rannsókna.

Íris Gyða Guðbjargardóttir, verkefnastjóri sýninga og rannsókna.

Hönnuðir ÞYKJÓ

í verkefninu:

Sigríður Sunna Reynisdóttir, búninga- og leikmyndahönnuður.

Erla Ólafsdóttir, arkitekt.

Sigurbjörg Stefánsdóttir, klæðskeri og fatahönnuður.

Ívar Björnsson, graffískur hönnuður.

Hönnunarsafnið sem heimili

Í Hönnunarsafni Íslands stendur yfir grunnsýningin *Hönnunarsafnið sem heimili* sem opnaði í ársbyrjun 2023 og stendur til loka árs 2025. Sýningunni er ætlað að veita innsýn í safneign Hönnunarsafnsins í sambengi breytilegra hugmynda um heimili; sem grunnmynd af gildismati og aðstæðum íbúa; farvegur fyrir skapandi tjáningu þeirra og sem lifandi ferli; en einnig sem rafmagnsnotandi og snjallvætt skjól. Í vel ígrunduðum veggtextum

er þessum ólíku hugrenningum um eðli og tilhögun heimila gerð skil með áherslu á áhrif mikilla samfélagsbreytinga sem hafa átt sér stað á þeim rúmu eitt hundrað árum sem safneign Hönnunarsafnsins nær til og birtast á heimilum okkar í gjörbreyttu skipulagi og notkun innan-dyra, og ekki síst í síendurnýjaðri virkni heimilisins í hugum okkar.

Veggtextarnir leiða gesti í gegnum sýninguna með fróðlegum hætti

og miðla sýningarhugmyndinni af nákvæmni og hugmyndaríki sem víkkar og dýpkar upplifun þeirra sem skoða. Þeir eru eins konar miðja sem sýningin hverfist um og koma, líkt og áður sagði, sýningarhugmyndinni sem slíkri afar vel til skila. Þar er einnig fjallað um hvernig innlendum húsgagnasmiðum og framleiðslumöguleikum fjölgaði upp úr aldamótunum 1900, og um blómaskeið innlands iðnaðar um og upp úr miðbiki 20. aldar. Þá er rætt um þróun ólíkra rýma á heimilum samhliða umbyltingu í skipulagi samfélagsins; um heimili sem miðstöð umferðar, endurröðunar, endurvinnslu og annarra hringferla sem endurtaka sig í sífellu, og sem hreyfingu eða atburðarás í flæði tímans.

Safneign Hönnunarsafnsins telur um fimm þúsund hönnunarverk; þ.m.t. húsgögn og húsbúnað af ýmsu tagi, fatnað, textíl, bókakápur, keramik, grafík og aðra hönnun. Um tvö hundruð þessara verka eru á sýningunni *Hönnunarsafnið sem heimili* sem gerir kröfur til gjörnýtingar aðalsýningarýmis safnsins. Það er gert með því að nýta gólf og (milli) vegg til hins ýtrasta. Á gólfu hefur verið málaður blár renningur sem afmarkar gólfrymið sem sýningarmunum er komið fyrir á og leiðir skoðandann í gegnum rýmið. Á veggjum eru ýmis verk, s.s. gólfteppi, leirmunir og klappstólar. Það er graf-



Hönnunarsafnið sem heimili, yfirlitsmynd úr stofunni. Í forgrunni er ullarteppið Miklimeir (2011) eftir Katrínu Ólínu Pétursdóttur. Einnig má sjá radstól frá 1972 eftir Þorkel Guðmundsson og radsófa frá 1980 eftir Svein Kjarval. ©Hanna Styrmsdóttir.



Hönnunarsafnið sem heimili, yfirlitsmynd úr eldhúsinu, séð inn í fataherbergið. Á myndinni má m.a. sjá Rafha eldaveið frá 1945, Viskustykki eftir Hönnu Dís Whitehead frá 2022, stólinn E-60 (1960) frá Sólóhúsgöngum, Hagkaupsslopp frá 1964 og Rífgatað dagatal Snæfríðar Þorsteins og Hildgunnar Gunnarsdóttur frá 2008. Þegar horft er inn í fataherbergið má sjá eitt af veggverkum Lilýar Erlu Adamsdóttur úr verkaröðinni Veggplöntur sem gerðar voru sérstaklega fyrir sýninguna. ©Hanna Styrmisdóttir.

ísk nálgun við þessa framsetningu sem er forvitnileg, og hún minnir að ákveðnu leyti á uppröðun minni verka í sýningarborðum og -skápum.

Veggverk sem gerð eru sérstaklega fyrir sýninguna vekja athygli. Það eru Veggplöntur Lilýar Erlu Adamsdóttur sem eru teiknaðar og málaðar beint á veggina. Um er að ræða svokallaða *Heimsókn* sem opnaði í febrúar á þessu ári, eða tímabundna sýningu innan föstu sýningarinnar. Önnur *Heimsókn* stóð einnig yfir þegar ég skoðaði sýninguna; *Skilaboð*

Kötlu Einarsdóttur og Unu Maríu Magnúsdóttur, risoprentuð á pappír sem komið er fyrir á borðum og sýningarflötum. Innblástur verksins eru samskipti heimilisfólks á samskiptamiðlum, í byrjun á milli fjölskyldumeðlima hönnuðanna sjálfra og þegar á leið rannsóknina í sístækkandi mengi.

Valið á sýningarmunum er afar fjölbreytt og nokkuð afrek að koma tvö hundruð vel völdum verkum fyrir í aðalsýningarsal safnsins. Það er sýningarhönnunarleg ákvörðun sem

hámarkar fjölda verka sem hægt er að koma fyrir, og gerir mögulega yfirsýn sem áhorfendur gætu náð yfir 100 ár af hönnun og framleiðslu á Íslandi, en sýningunni er m.a. lýst sem yfirlitssýningu á vefsíðu safnsins þar sem fjallað er um tímabundnu sýninguna *Skilaboð*. Það gáfust því mörg tækifæri fyrir mig sem skoðanda til að (endur)tengja við muni, minningar, hugmyndir og íslenska hönnunarsögu og -samtíma í samhengi sýningarinnar. Í raun er einstakt að ná saman svo ítarlegri yfirsýn yfir hönnunarverk frá ólíkum tímum. Hér er valin *vensluð nálgun* við sýningagerð, þar sem munum frá ólíkum tímum er stefnt saman í margradda kór sem veitir tækifæri til nýrra sjónarhorna, uppgötvana, rannsókna og endurnýjaðrar sýnar á merka og frjóa hönnunarsögu okkar samfélags.

Við nána skoðun fann ég söguþræði sem vöktu áhuga minn og ég rakti lengra. Einn þessara þráða liggur í leirlistarsögu tuttugustu aldar en um miðbik hennar voru starfandi nokkur leirmunaverkstæði í Reykjavík sem fjallað hefur verið um á sýningum safnsins á liðnum árum, svo sem á sýningunni *Deiglumór*; Listvínahúsið, Leirbrennsla Benedikts Guðmundssonar, Funi, Laugarnesleir, Rödi og Glit. Mikill fjöldi listamanna og brautryðjenda í leirlist og annarri myndlist og hönnun komu að stofnun og starfsemi þessara verkstæða og þar var að miklu leyti notaður íslenskur leir, svokallaður deiglumór.

Á Hönnunarsafninu sem heimili má m.a. finna *Geirfuglappar* (1945) eftir Guðmund frá Miðdal (1895–1963) sem var frumkvöðull í leirlistargerð á Íslandi, eins og þekkt er. Ég velti fyrir mér hvort hér væri ekki rétt að nefna þátt Lydiu Zeitner Pálsdóttur (1911–2000) sem var lærð leirlistarkona frá Pýskalandi, samverkakona Guðmundar og hinn eiginlegi framleiðandi margra leirverka hans, en vonandi gefur sýning á borð við

Þessa tækifæri til rannsókna og endurmats hvað varðar hið kollektíva, eða samverkandi, eðli listsköpunar og hönnunar.

Undir borðstofuborði (1960) Sigvalda Thordarsonar (1911–1964) hefur verið komið fyrir *fimm vösum* (1951) úr smíðju Laugarnesleirs eftir þær Dolindu Tanner (f. Sviss, 1923–1967) & Rúnu Guðjónsdóttur (1962) en þær stóðu saman að uppbyggingu Laugarnesleirs ásamt Gestri Þorgrímssyni, leirlistarmanni og eiginmanni Rúnu, og skoska listamanninum Waistel Cooper. Af öðrum leirmunum vil ég einnig nefna *kaffistell* (1960) eftir Dieter Roth (f. Þýskalandi, 1930–1998) framleitt af Leirbrennslunni Glit. Það var Ragnar Kjartansson, myndhöggvari og leirlistarmaður (1923–1988) sem stóð að stofnun Glits árið 1958, og þróaði þar m.a. hraun- og keramikblöndu þá sem nefnd var hraunleir. Ragnar fékk til liðs við sig marga þekktustu listamenn þessa tíma, þ.á.m. Dieter Roth og Steinunni Marteinsdóttur (1936). Verk hennar *Esjustef* (1974) er einmitt að finna á sýningunni en Steinunn markaði þáttaskil í leirlist á Íslandi með skúlptúrvösum og veggmyndum innblásnum af landslagi og náttúru.

Annar þráður sem kveikti áhuga minn liggur í hönnunarhugsuninni sem birtist í verkum á borð við *Baby-Teen* (1965–1966) eftir Jón Ólafsson (1938–2016) og Pétur B. Lúthersson (1936–2023); barnastólinn *Boga* (1997) eftir Sigríði Heimisdóttur (1970) (framl. Barnasmíðjan); *Flatpack Antík* (2005) eftir Guðrúnu Lilju Gunnlaugsdóttur (1968); og *Endurunnið textílborð* (2019) eftir Jón Helga Hólmgeirsson (1988) (framl. FÓLK Reykjavík).

Hér eru síbreytilegar þarfir notenda og/eða nýting og hringrás verðmætra efniviða og auðlinda í forgangi. Í *Baby-Teen* stækkar vaggan með barninu og verður að endingu

að rúmi, sófa, skrifborði eða öðru, með einföldum aukahlutum. *Bogi* er gerður fyrir leikskóla og þarfir barna út leikskólagönguna, en hann má hækka og lækka, færa bak og dýpka setuna eftir þörfum. *Flatpack Antík* er hillusamstæða sem er einföld í samsetningu, niðurtöku og flutningum (flatar einingar) og hægt að raða mismunandi einingum saman að vild, með nýjum hætti á hverjum nýjum stað. Gamlir heklaðir dúkar og ýmsir smámunir eru lagðir undir ysta lag lakksins og vísa til antíkurinnar í titli verksins. *Endurunnið textílborð* Jóns Helga Hólmgeirssonar er endurunnið úr textíl sem fellur til í framleiðslu textíl- og tískufyrirtækja. Textíllinn er endurnýttur óbreyttur (*upcycled*) og hverju einstöku borði er pakkað í flatar einingar, umhverfi og notendum í hag.

Þessi hugsun, að setja þarfir notenda og umhverfis öðru framar er einnig meginþema í textílhluða sýningarinnar, eða fataherberginu. Þar má m.a. sjá peysuna *Op.2* (2018) eftir Ýrúrarí (Ýr Jóhannsdóttir) sem hefur undanfarin ár unnið með þrjón og fataviðgerðir í húmorískum en jafnframt alvöruþrungnum verkum þar sem markmiðið er að stuðla að lengri líftíma hvernar flíkur og breyttri umgengni við auðlindirnar sem skópu hana.

Kjóll úr vorlínu 2010 eftir Steinunni Sigurðardóttur (1960) er, eins og verk hennar um langa hríð, innblásin af formum náttúrunnar og gömlu handverki, en fyrst og fremst garninu sem hún vinnur úr þrjónavodinni sem er efniviður hennar. Flíkur Steinunnar eru gerðar til að endast ævina út og nýtast jafnvel næstu kynslóðum líka, með rétttri meðferð og viðhaldi. *Samveruteppið* (2007) frá Vík Þrjónsdóttur (2005) sameinar allt ofangreint; efniviðinn sem fenginn er úr sem næstu umhverfi, framleiðslu í nærumhverf-

Hönnunarsafnið sem heimili
20.1.2023–31.12.2025

Sýningarstjórn:
Anna Dröfn Ágústsdóttir,
Arnar Freyr Guðmundsson,
Birna Geirfinnsdóttir
og Sigríður Sigurjónsdóttir

inu, nándina og tengslin sem eru ómissandi þættir í lífinu, og halda stundum á okkar hita á ögurstundu á köldu vetrar- eða sumarkvöldi.

Sjálfbær umhverfishugsun og efnisþekking þar sem hugmyndaauði, handverk og nýtni eru í fyrirrúmi eru þannig gegnumgangandi þræðir í sýningunni og miðla hönnunarhugsun sem hefur brýnu og sívaxandi hlutverki að gegna í nútímasamfélagi, en hefur þó verið til staðar, alltaf.

Eitt af því sem huga þarf að við gerð sýninga er hvernig þörfum þeirra sem skoða þær er mætt. Hvað þarf að vera til staðar til að gera þeim fært að tengja við viðfangsefni sýningarinnar, verkin og hugmyndirnar að baki hennar? Yfirlitssýning hefur skyldum að gegna umfram aðrar sýningar; það er grundvallaratriði að gera aðgengilegt fræðsluefni um a.m.k. hluta þeirra verka og höfunda sem sýningin er samsett úr. Það er þetta ítarefni sem því miður vantar á sýninguna *Hönnunarsafnið sem heimili*. Mörg tækifæri til miðlunar og fræðslu eru ónýtt, en á hinn bóginn er sýningunni ekki lokið. Ég kys að líta á hana sem afar spennandi upphaf að dýpri greiningu, umræðu og rannsókna á sögu, samtíma- og framtíðarhönnunar á Íslandi. Eins konar hungurvöku eftir meiru.

Hanna Styrmisdóttir

Deaccessioning, Climate Change, and Collections Management

Two Case Studies in Icelandic Museums

Úrdráttur á íslensku

Söfn á Íslandi verða æ berskjaldaðri fyrir loftslagsbreytingum og náttúruhamförum, s.s. aurskriðum, flóðum, snjóflóðum og eldgosum. Í þessari grein er tekin staðan á íslenskum söfnum í ljósi þessara ógnana, með áherslu á umsýslu safnkosts, áhættumat og viðbúnað vegna hamfara. Í kjölfar tveggja stórra atburða urðu til tvö rannsóknarverkefni, styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna: aurskriðan sem féll á Seyðisfjörð 2020 og hafði áhrif á Tækniminjasafn

Austurlands og flóðin á Siglufirði árið 2022, sem hafði áhrif á Síldarminjasafnið á Siglufirði. Rannsóknin leiddi í ljós að söfn glíma oft við umfangsmikinn safnkost, ófullnægjandi varðveisluaðstæður og vöntun á samkomulagi um grisjunaraðferðir og -leiðir. Rannsóknin undirstrikar nauðsyn þess að bæta forvarnir, en mörg söfn eru með úrelt áhættumat og takmarkaðar viðbragðsáætlanir. Samvinna milli safna, nærsamfélaga og stjórnvalda er nauðsynleg svo hægt sé að þróa viðbragðsáætlanir

og -ferla. Við hvetjum til þverfaglegrar nálgunar, þar sem litið er í sameiningu til loftslagsbreytinga, viðbragðsferla vegna hamfara og umsýslu safnkosts til að styrkja viðnám. Með því að efla bætt samskipti og stuðning, sérstaklega fyrir minni svæðisbundin söfn, verður íslenski safnageirinn færari í að varðveita menningararf sinn gegn vaxandi umhverfisógn.

Frekari upplýsingar og heimildir um rannsóknarverkefnið má finna á grisjun.hi.is og neydsafn.hi.is.



The new entrance to the Technical Museum of East Iceland, under construction during our visit in 2022. You can see where the landslide tore part of the building away.



Katie and Zuhaitz, the former director of the Technical Museum of East Iceland, examining objects ready for deaccessioning.

The effects of climate change and natural disasters do not impact a single sector in isolation, and the museum sector is particularly vulnerable. Icelandic museums have seen threats to their collections in recent years from landslides, flooding, mudslides, and avalanches. Natural disasters like earthquakes and volcanic eruptions pose further threats. In 2022 and 2023, we carried out two research projects with funding from Rannís that looked at the current state of Icelandic museums in light of these threats. Both projects were formed after natural disasters impacted museums: the 2020 landslide in Seyðisfjörður, hitting the Technical Museum of East Iceland, and the 2022 flooding in Siglufjörður,



Containers of objects waiting to go through the deaccessioning process at the Technical Museum of East Iceland.

affecting the Herring Era Museum. Our key themes included collections management, deaccessioning, the circular economy, risk assessment, and disaster management.

Our research indicates that many museums in Iceland are facing similar issues: collections have grown to be unsustainably large, at times meaning that the objects within the collections are not able to properly be stored, catalogued, and preserved in correct conditions; there is not always sufficient space for museums to continue to collect new acquisitions; there is a massive overlap with many museums collecting the same objects (and often many copies of the same or similar objects), and many collections are at increasing risk from threats due to climate change, natural disasters, and a lack of proper risk preparedness.

The research projects aimed to provide an overview of the current situation within Icelandic museums in relation to collections management and risk preparedness. The projects also provided potential solutions and tools for museums to use, done in cooperation with the project partners, local museums, and museum professionals.

Site Visits and Considerations


The 2022 project, *Deaccessioning, Circular Economy, and Icelandic Museums*, was done in partnership with the Technical Museum of East Iceland, the National Museum, and the University of Iceland. This project's early aims were to provide an overview of deaccessioning in the Icelandic museum sector, create a handbook for Icelandic museums to use, and to provide potential ways to introduce deaccessioned objects into the circular economy concept. Through subsequent interviews with museum professionals in Iceland and abroad, the project evolved to include wider discussions on collections management due to its significance in addressing these challenges.

We quickly saw that museums in Iceland were facing similar issues. Many have collections that have grown too large to sustainably manage, resources are limited, and knowledge about museum practices is in some cases incomplete or absent. There is also no single consensus within the museum sector on how deaccessioning should take place, with strong opinions and starkly differing viewpoints offered throughout our interviews.

The 2023 project, *Coping with Natural Disasters in Icelandic Museums*, aimed to enhance the resilience of Icelandic museums against environmental disasters, particularly those linked to climate change. This project was done in cooperation with The Icelandic Museum Council, the Herring Era Museum, and the University of Iceland.

The recent rise in environmental disasters linked to climate change and volcanic activity highlight the need for museums to be prepared to protect their collections. The project approaches this idea from a multi-disciplinary viewpoint, combining climate change, disaster management, and collections management. This approach has often been overlooked in the past, but as climate change and disasters do not affect one sector or industry, solutions therefore must also come from a wider framework of collaborations between sectors.

Our research revealed that the museum sector is largely unprepared for environmental disasters, with many museums having outdated risk assessments, limited emergency plans, and inadequate post-disaster



A drain pipe behind the Herring Era Museum, where the worst of the flooding occurred. Insufficient drainage was one of several factors that contributed to the severity of the flooding in 2022.



Part of the damaged structure and museum artefacts after the flooding at the Herring Era Museum.

procedures. There is no consensus on the best policies for post-disaster actions, especially in rural areas. There is also some reluctance within the cultural heritage sector to acknowledge or address these issues due to a variety of reasons, including limited time, staff, and resources, and concern about public image.

While natural disasters are unavoidable, effective risk preparedness and emergency response plans can mitigate their impact. It is crucial for the Icelandic museum sector to address collections management, risk assessment, and emergency response planning to preserve Icelandic heritage and history.

For these projects to be impactful, the museum sector must address these issues collectively. Enhanced communication, cooperation, and collaboration are needed between museums at national and regional levels, and between museums and their local communities, municipalities, and governing bodies.

Analysis with literature

Museums worldwide, including those in Iceland, face various risks threatening their invaluable cultural heritage. These risks include natural disasters and events like the infa-



The area in front of the Herring Era Museum on a rainy day.

mous 2018 fire at Brazil's National Museum underscore the vulnerabilities museums face. Iceland's unique cultural heritage and susceptibility to geological hazards necessitate tailored risk mitigation strategies, a need made evident by events like the Eyjafjallajökull eruption in 2010, the 2020 Seyðisfjörður landslide and the the Herring Era Museum flood in Siglufjörður in 2022. While discussions on climate change and natural disaster preparedness are gaining traction in Icelandic museums, practical readiness is dubious as practical guidelines are often lacking.

In addition to that, some institutions exhibit reluctance to engage due to concerns about privacy or perception, revealing potential trust issues between museums and the public. Transparency and collaboration are essential to address this, as highlighted by the Network of European Museum Organizations' 2022 report indicating widespread gaps in risk assessment and preparedness. Factors like emotional connections to collections and traumatic past experiences influence museum staff's approach to risk preparedness. Initiating conversations and raising awareness about the significance of risk management, supported by

collaboration with local government entities and an understanding of external factors impacting vulnerabilities, are crucial steps forward.

Conclusion

The Seyðisfjörður landslide exposed significant storage and collection issues at the Technical Museum, highlighting broader problems in Icelandic museums. Many objects were unregistered and scattered across multiple locations, a scenario common in Iceland where museum storage is at or near capacity. Addressing these issues involves more than just deaccessioning objects; it requires a robust and coordinated collections policy to avoid resource strain and overlap between museums. This necessitates collaboration among museums and the Museum Council of Iceland to create and implement these policies, considering the current underfunding and understaffing challenges. Improved communication and support, especially for smaller regional museums, are critical. As natural disasters and climate change increasingly impact museums like we have seen, Icelandic institutions must enhance preparedness. Many museums lack comprehensive emergency response plans. The Herring Era Museum's experience with flooding in 2022 underscores the need for clear action plans and collaboration with local authorities. Emotional support and teamwork are also vital in disaster response. Effective preparedness involves assessing vulnerabilities, mitigating impacts, and engaging with local communities.

More information about the projects, including the project reports and guide books, can be found on the project websites: grisjun.hi.is and neydsafn.hi.is

Francesca Stoppani
and Kathryn Teeter

Af erlendum ráðstefnum

Árlega eru haldnar fjölda ráðstefna um safnamál víðs vegar um veröldina og blessunarlega getur íslenskt safnafólk nýtt sér hluta þeirra. Hér segjum við frá tveimur þeirra.

Norraen/baltnesk ráðstefna um viðbrögð við vá sem steðjar að menningararfi

Eins og kemur fram annars staðar í blaðinu þá undirrituðu ráðherrar menningarmála Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna sameiginlega viljayfirlýsingu í byrjun maí á þessu ári til að styrkja nánara samstarf til að mæta auknum áskorunum sem menningargeirinn stendur frammi fyrir, nú við hækkað viðbúnaðarstig og stríðsátök

Í tengslum við þessa viljayfirlýsingu stóð sænska Riksantikvarieämbetet fyrir ráðstefnu í Svíþjóð í júní sem

bar yfirskriftina *Cultural Heritage and Cultural Resilience – Nordic-Baltic Conference on Civil Preparedness*. Þar kom saman fólk af Norðurlöndum og Eystrasaltslöndunum, bæði úr menningargeiranum og fulltrúar viðbragðsaðila, og deildi þekkingu sinni og reynslu til að efla forvarnir og viðbrögð við vá og styrkja samstarf á þessu sviði.

Fyrirlesarar og viðfangsefni þeirra voru úr ýmsum áttum. Erindin fjölluðu meðal annars um störf listamanna við erfiðar og hættulegar aðstæður, mikilvægi viðbragðsáætlaða, hvernig upplýsingaóreiða og markviss eyðilegging menningararfs er notuð

í hernaði, hvernig aukin ógn úr austri hefur áhrif á Eystrasalts- og Norðurlöndin á mismunandi hátt og reynslusögur frá mismunandi aðilum um bæði viðbragð, ógn og fyrirbyggjandi aðgerðir.

Undirrituð, ritstjóri þessa blaðs, sagði frá reynslu, viðbrögðum og samstarfi í tengslum við aurskrifðuna sem olli mikilli eyðileggingu á safnkosti og fasteignum Tækniminjasafnsins í desember 2020.

Ráðstefnan var mjög fróðleg, hugvekjandi og á stundum óþægileg sem gerir enn skýrari mikilvægi þess að til staðar séu viðbragðsáætlanir, skýrir ferlar, virkt samstarf við ólíka aðila innan og utan menningargeirans og það hversu viðsjárverðir tímarnir eru.

Finna má upptökur af fyrirlestrum og fleiri fróðleik hér: <https://www.raa.se/in-english/events-seminars-and-cultural-experiences/nordic-baltic-conference-2024/>.

Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir, annar safnstjóra Tækniminjasafns Austurlands

Museum Next 2024 London 11.–13. júní

Fyrsta „live“ ráðstefna Museum Next eftir covid, á 15 ára afmæli samtakanna, var haldin í London í júní. Ýmsir úr hópi íslensks safnafólks hafa sótt þessar ráðstefnur í gegnum tíðina, að þessu sinni var fremur fjölmennur hópur sem fór frá Íslandi eða 14 manns, frá um 6 söfnum.

Ráðstefnan stóð í fjóra daga þar sem fyrsti dagurinn var helgaður heim-sóknum í söfn og vinnusmiðjum. Næstu tveir dagar voru helgaðir fyrirlestrum um fjölbreytt málefni. Ef reynt er að draga saman það

helsta, væri það að söfn víða um heim virðast vera að takast á við inngildinguna af ýmsu tagi.

Lokafyrirlestur dags tvö var í höndum Mike Kurawski höfundar „Museums as Agents of Change: A Guide to Becoming a Changemaker“. Hann hvatti gesti til að ímynda sér möguleikana sem byggju í söfnum. Hægt væri að sjá fyrir sér söfn sem lifandi einingar sköpunar, samkenndar og samfélagslegra breytinga. Kannski ekkert nýtt við það en aldrei er góð vísa of oft kveðin.

Inngildingin og hinseginleikinn fengu sviðið á degi þrjú þar sem

áhugaverð verkefni voru kynnt. Fleira áhugavert var til umfjöllunar eins og á flestum ráðstefnum, ekki síst spjallið í pásam við samstarfsfólk frá söfnum af öllum stærðum og gerðum.

Íslendingahópurinn var sammála því að söfn á Íslandi væru að takast á við sömu hluti og fjallað var um í fyrirlestrunum. Söfnin hér eru e.t.v. minni, en verið er að vinna með nákvæmlega það sama og gert er í þessum stóru söfnum. Íslenskt safnafólk fylgist vel með því sem er að gerast, og vinnur faglega.

Þóra Sigurbjörnsdóttir, sérfræðingur við Listasafn Einars Jónssonar

Styrktaraðilum Safnablaðsins Kvists eru færðar alúðarþakkir



Tækniminjasafn
Austurlands



Grasagarður Reykjavíkur
Hortus Botanicus Reykjavikensis



Aðgangsmiði á 7 söfn

Aðeins
kr. 2.500

Ticket to 7 museums



Smámunasafnið
Sundry Collection



Iðnaðarsafnið
Industry Museum



Minjasafnið á Akureyri
Akureyri Museum



Davíðshús
Davíð Stefánson's
Writers Museum



Nonnahús
Nonni's house



Leikfangahúsið
Akureyri Toy Museum



Gamli bærin Laufás
Laufás Turf House




minjasafnid.is



**MINJASAFNIÐ
Á AKUREYRI**
AKUREYRI MUSEUM





140 ára afmæli Listasafns Íslands 1884–2024

Í tilefni þess að 140 ár eru liðin frá stofnun safnsins er efnt til sýningarinnar *Innsýn, útsýn: Listasafn Íslands í 140 ár*. Sýningin dregur fram valin listaverk úr safneigninni eftir um 100 listamenn frá mismunandi tímabilum listasögunnar, og skiptist hún í fjögur meginþemu: Form, manneskjan, samfélag og landslag. Sýningin stendur frá 12. október 2024 til 30. mars 2025.

Listasafn Íslands
National Gallery
of Iceland

Opið alla daga 10–17

515 9600

listasafn.is